



Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri



ÁRSSKÝRSLA **2020**

**Útgefandi:** Háskólinn á Akureyri

**Ritstjórn:** Guðrún María Kristinsdóttir

**Prófarkalestur:** Finnur Friðriksson

**Ljósmyndarar:** Nanne Springer,  
Daníel Starrason, Tina Witherspoon,  
og myndir úr myndasafni Háskólans á Akureyri

**Grafísk vinnsla:** Margrét Káradóttir

ISSN – L 1670 – 4894

## EFNISYFIRLIT

Skipurit og stjórn .....	4
Reglur og stefnumál.....	7
Formáli rektors .....	8
Starfsfólk.....	11
Gæðamál .....	14
Góðvinir Háskólans á Akureyri.....	17
Heilbrigðisvísindasvið.....	19
Hug- og félagsvísindasvið .....	27
Miðstöð skólaþróunar – MSHA .....	36
Viðskipta- og raunvísindasvið.....	39
Tölvunarfræði við Háskólann á Akureyri.....	45
Miðstöð doktorsnáms .....	47
Rannsóknir við Háskólann á Akureyri.....	48
Fjármál og greining .....	50
Markaðs- og kynningarmál.....	52
Miðstöð alþjóðasamskipta.....	55
Rannsóknarþing norðursins – NRF .....	57
Nám og stúdentar .....	58
Nemendaskrá.....	63
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA .....	65
Bókasafn og upplýsingaþjónusta .....	69
Kennslumiðstöð KHA .....	71
Stúdentafélag Háskólans á Akureyri – SHA .....	72
Félagsstofnun stúdenta á Akureyri – FÉSTA .....	74
Símenntun Háskólans á Akureyri .....	75
Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri .....	76
Rannsóknamiðstöð ferðamála – RMF .....	78
Samningar .....	81
Eitt og annað.....	82
Ársreikningur 2020.....	88
Brautskráning frá Háskólanum á Akureyri.....	90
Brautskráningarræða rektors.....	92
Brautskráðir, nafnalisti .....	96
Lokaritgerðir brautskráningarnema .....	104

## SKIPURIT HA 2020



Samþykkt af háskólaráði 2020

## STJÓRN

Yfirstjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan skólans. Háskólaráð hélt 12 fundi frá janúar til desember.

Háskólafundur er haldinn að minnsta kosti einu sinni á ári. Hann er vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Fulltrúar stúdenta, kennara og annars starfsfólks sitja háskólafundi. Háskólafundur var haldinn 11. mars.

Framkvæmdastjórn sér um samræmingu á daglegum rekstri háskólans. Þar er farið yfir fjármál, áætlanagerð og uppgjör, teknar ákvarðanir um samstarfssamninga og rætt um framgang þróunarverkefna og nýsköpunar, auk samræmingar verkefna á milli einstakra akademískra skipulagseininga og Háskólaskrifstofu. Í framkvæmdastjórn sitja rektor, sem er í forsæti, framkvæmdastjóri og forsetar fræðasviða. Þá sitja framkvæmdastjórnarfundi, með málfrelsi og tillögurétt, forstöðumaður fjármála og greiningar sem og gæða- og manauðsstjóri háskólans, skv. reglum nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri, með síðari breytingum.

Við háskólann starfar gæðaráð. Meginhlutverk þess er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Í gæðaráði sitja gæða- og manauðsstjóri í forsæti, einn fulltrúi frá hverju fræðasviði, tveir fulltrúar Háskólaskrifstofu og tveir fulltrúar stúdenta sem Stúdentafélag Háskólans á Akureyri tilnefnir.

## STJÓRN

---

### Háskólaráð er skipað skv. lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum. Háskólaráð var þannig skipað:

Eyjólfur Guðmundsson rektor, formaður háskólaráðs  
 Dagmar Ýr Stefánsdóttir, yfirmaður samskipta og samfélagsmála, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra  
 Sigríður Inga Karlsdóttir dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins  
 Óskar Þór Vilhjálmsson tækningamaður, fulltrúi háskólasamfélagsins  
 Sólveig María Árnadóttir, fulltrúi stúdenta, í upphafi árs, og Nökkvi Alexander Rounak Jónsson frá og með aprílfundi  
 Katrín Björg Ríkarðsdóttir framkvæmdastjóri, fulltrúi háskólaráðs  
 Kristján Þór Magnússon bæjarstjóri, fulltrúi háskólaráðs.

#### Til vara:

Jón Helgi Pétursson, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra  
 Rúnar Gunnarsson verkefnastjóri, alþjóðafulltrúi, fulltrúi háskólasamfélagsins  
 Kristján Pétur Andrésson, fulltrúi stúdenta  
 Brynhildur Pétursdóttir framkvæmdastjóri, fulltrúi háskólaráðs.

#### Rektor:

Eyjólfur Guðmundsson.  
 Staðgengill rektors var Rannveig Björnsdóttir, forseti Viðskipta- og raunvísindasviðs.

#### Framkvæmdastjóri:

Hólmar Svansson.

#### Gæða- og mannauðsstjóri:

Vaka Óttarsdóttir.

#### Fræðasvið og forsetar fræðasviða:

Háskólinn skiptist í þrjú fræðasvið skv. 8. gr. reglna nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri, með síðari breytingum.

#### Heilbrigðisvísindasvið:

Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir. Staðgengill forseta á fyrri hluta árs var Sólrún Óladóttir lektor. Frá 1. júlí var Sigríður Sía Jónsdóttir staðgengill og Margrét Hrönn Svavarsdóttir varastaðgengill forseta.

#### Hug- og félagsvísindasvið:

Elín Díanna Gunnarsdóttir.  
 Staðgengill forseta var Guðmundur Engilbertsson lektor.

#### Viðskipta- og raunvísindasvið:

Rannveig Björnsdóttir.  
 Staðgengill forseta í byrjun árs var Hjördís Sigursteinsdóttir dósent, og frá í apríl Grétar Þór Eyþórsson prófessor.

#### Forstöðumaður Fjármála og greiningar:

Harpa Halldórsdóttir.

#### Forstöðumaður Nemendaskrár:

Bára Sif Sigurjónsdóttir frá og með 1. júní, en á fyrri hluta árs var starfsemin til endurskoðunar.

#### Forstöðumaður Markaðs- og kynningarmála:

Katrín Árnadóttir.

#### Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar HA – RHA:

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

#### Forstöðumaður Bókasafns og upplýsingaþjónustu:

Astrid Margrét Magnúsdóttir, í leyfi.  
 Staðgengill hennar var Sigríður Vilhjálmisdóttir verkefnastjóri.

#### Forstöðumaður Miðstöðvar náms- og starfsráðgjafar:

Solveig Hrafnisdóttir. Árný Þóra Ármannsdóttir frá og með 1. febrúar.

#### Forstöðumaður Kennslumiðstöðvar HA – KHA:

Auðbjörg Björnsdóttir.

#### Forstöðumaður Miðstöðvar doktorsnáms við Háskólann á Akureyri:


Lars Gunnar Lundsten.

#### Forstöðumaður Rekstrar fasteigna:

Gunnar Rúnar Gunnarsson.

#### Forstöðumaður Símenntunar við HA:

Elín Margrét Hallgrímsdóttir.



# REGLUR OG STEFNUMÁL SAMÞYKKT Í HÁSKÓLARÁÐI 2020

## Háskólaráð samþykkti 24. janúar:

*Takmarkanir á fjölda nemenda á fyrsta ári í sálfræði á vormisseri 2021. Sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 382/2020.  
Kennsluálfmanak 2020 – 2021.*

## Háskólaráð samþykkti 24. febrúar:

*Nám- og kennsluskrá 2020 – 2021.  
Stefnu um jafnt aðgengi að námi og störfum við Háskólann á Akureyri.*

## Háskólaráð samþykkti 2. apríl:

*Takmarkanir á fjölda nemenda á fyrsta ári í hjúkrunarfræði á vormisseri 2021.  
Sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 381/2020.  
Auglýsingu um framkvæmd námsmats við Háskólann á Akureyri á vormisseri 2020.  
Sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 313/2020.*

## Háskólaráð samþykkti 30. apríl:

*Reglur nr. 513/2020 um breytingar á reglum nr. 912/2018 um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri.  
Auglýsingu um fyrirkomulag prófa, námsmats og gjaldtöku fyrir próftöku við Háskólann á Akureyri á vormisseri 2020.  
Sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 409/2020.*

## Háskólaráð samþykkti 25. júní:

*Reglur nr. 783/2020 um breytingu á reglum um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri nr. 1010/2016.  
Reglur nr. 784/2020 um breytingu á reglum um störf dómnefndar og ráðningar akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri nr. 258/2016.  
Reglur nr. 790/2020 um breytingar á reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009.  
Reglur nr. 785/2020 um breytingu á reglum um stjórnskipulag Heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri nr. 812/2013.  
Reglur nr. 786/2020 um breytingu á reglum um stjórnskipulag Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri nr. 416/2012.  
Reglur nr. 787/2020 um breytingu á reglum um stjórnskipulag Viðskipta- og raunvísindasviðs Háskólans á Akureyri nr. 864/2009.  
Reglur nr. 788/2020 um breytingu á reglum um háskólafund Háskólans á Akureyri nr. 389/2009.  
Reglur nr. 789/2020 um breytingu á reglum um vísindaráð Háskólans á Akureyri nr. 1208/2007.  
Reglur nr. 791/2020 um breytingu á reglum Háskólans á Akureyri um viðurlög við ritstuldi nr. 757/2006  
Takmarkanir á fjölda nemenda á fyrsta ári í hjúkrunarfræði á vormisseri 2021.  
Sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 905/2020.  
Siðareglur Háskólans á Akureyri. Starfsreglur siðanefndar voru einnig staðfestar.  
Reglur um gæðaráð Háskólans á Akureyri.  
Reglur um notkun tölvukerfa HA, netnotkun og rafræna vöktun.*

## Háskólaráð samþykkti 27. ágúst:

*Reglur nr. 583/2020 um breytingu á reglum um rannsóknarmisseri kennara við Háskólann á Akureyri nr. 355/2012.  
Breytingar á skipuriti Háskólans á Akureyri. Markaðs- og kynningarmál færast frá Háskólaskrifstofu til Rektorsskrifstofu.*

## Háskólaráð samþykkti 22. október:

*Auglýsingu um framkvæmd prófa og námsmats við Háskólann á Akureyri á haustmisseri.  
Sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 1156/2020.*

## Háskólaráð samþykkti 19. nóvember:

*Reglur nr. 1211/2020 um gjaldskrá Háskólans á Akureyri vegna þjónustu við nemendur og innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalds.  
Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Végeirsstaðasjóð.*

## Háskólaráð samþykkti 17. desember:

*Tillögu rannsóknarnamissernefndar að úthlutun rannsóknamissera skólaárið 2021 – 2022.  
Kennsluálfmanak 2021 – 2022.*

## FORMÁLI REKTORS

Árið 2020 mun verða skráð í mannkynssöguna. Nákvæmlega hvernig er óvíst ennþá, þar sem við erum enn ekki komin út úr Kóvínu þegar að þessi orð eru skrifuð. Það verður hins vegar unnt að draga mikinn lærdóm af mismunandi viðbrögðum samfélaga, hvernig þau voru búin undir það að takast á við faraldur og hvernig þjóðum heimsins mistókst að vinna saman við að lágmarka þann skaða sem heimsbyggðin stóð frammi fyrir.

Efst er þó í huga að í löndum þar sem farið var að ráðum þeirra sem mesta þekkingu höfðu á málefnum, og ekki síst þar sem til staðar var færni og hæfni til þess að vinna að lausn vandans út frá vísindalegri þekkingu, var unnt að grípa til aðgerða. Þar tók samfélagið í heild ábyrgð svo unnt væri að vernda sem flesta gegn vágestinum. Vísindin og mannúðin eru leiðarljósið að betra lífi fyrir mannkynið allt.

Hjá Háskólanum á Akureyri hófst árið með hefðbundnum hætti á vormisseri að að loknum desemberþrófum. Þegar fréttir fóru að berast af nýrri veiru, sem síðar fékk nafnið Covid-19, grunaði fáa hvað framundan væri. Sameiginlegur kynningardagur háskólanna fór fram eins og vanalega en segja má að veruleikinn hafi orðið ljós þegar sambærilegri kynningu sem halda átti við Háskólann á Akureyri var aflýst á elleftu stundu. Frá og með marsmánuði og út skólaárið 2020/2021 starfaði háskólinn í gegnum rafræna miðla.

Háskólinn á Akureyri var vel í stakk búinn tæknilega til þess að takast á við tilfærslu yfir í rafrænt form. Á ótrúlega stuttum tíma var starfsemin að fullu orðin rafræn, bæði kennsla og stoðþjónusta. Aðlaga þurfti kennsluhætti, námsmat og verklega kennslu. Einnig fór öll þjónusta við stúdenta fram rafrænt, hvort sem um var að ræða bókasafnsþjónustu, tækniþjónustu eða námsráðgjöf.

Það var samheldinn hópur starfsfólks og stúdenta sem gerði allt sitt svo unnt væri að koma á þessum breytingum á sem stytum tíma og með eins litlum áhrifum á námsframvindu stúdenta, rannsóknir og aðra starfsemi háskólans og mögulegt var. Öllum sem komu að því að leysa úr þessu stóra verkefni þakka ég hjartanlega fyrir faglegt og óeigingjart vinnuframlag sem tókst með eindæmum vel.

Þá er ofarlega í huga þakklæti fyrir að tekist hafi með sóttvarnaraðgerðum innan skólans að koma í veg fyrir að smit kæmu upp í tengslum við starfsemina.

Starfsfólk og stúdentar fóru að sjálfsögðu ekki varhluta af áhrifum veirufaraldursins. Hann hafði áhrif á líf okkar allra. Sumir eiga ættinga, vini eða starfsfélaga sem veiktust. Nokkir úr okkar hópi fengu að reyna veikindin á eigin skinni. En sóttvarnir háskólans héldu og það varð engin hópsýking innan skólans. Með góðri þekkingu, samheldni og skýrum reglum tókst okkur þetta. Allir lögðu sitt af mörkum og fyrir það þakka ég.

Ekki má gleyma framlagi starfsfólks til samfélagsins í heild sinni, sérstaklega þegar kemur að heilbrigðisþjónustu og almanna-vörnum – en margir starfsmenn háskólans voru virkir þátttakendur í framvarðarsveitum. Við lærðum það af faraldrinum að við þurfum ekki láta atburði sem annars setja stórt strik í reikninginn skilgreina okkur né stoppa okkur í að halda áfram að ná þeim markmiðum sem stefnt er að.

Það var eftirteljarvert að námsframvinda stúdenta var betri en í meðalári. Með áðurnefndum aðgerðum var stúdentum gert kleift að ljúka námi sínu. Samgangur stúdenta og kennara í húsnæði skólans var lítil sem enginn í þetta sinn, en í staðinn var gripið til margs konar tæknilausna. Rannsóknir við háskólann voru líka stundaðar áfram og nýjar rannsóknir beindust sumar hverjar að málefnum tengdum Kóvínu.

Aðsókn að háskólanum haustið 2020 var jafn mikil eða meiri en árin á undan. Þannig var fjöldi stúdenta við skólann á haustmiseri meiri en nokkru sinni áður, eða 2.540 stúdentar.

Viða í heiminum urðu stærri og meiri áföll en hér á landi eða í okkar háskólasamfélagi. Slíku eigum við ekki að taka sem sjálfsögðum hlut. Munum að góður árangur í baráttu við veiruna byggðist á þekkingu, skýrum skilaboðum og samtakamætti samfélagsins alls. Það verður ennþá ljósara þegar fram líða stundir.

Kóvið hefur kennt okkur margt. Það var svolítið merkilegt að sjá hvernig stofnanir samfélagsins, sem áður höfðu átt í erfiðleikum með fjarfundi og aðra rafræna þjónustu, gátu með stuttum fyrirvara boðið upp á góða tæknilega framkvæmd á fjarfundum og annarri rafrænni þjónustu. Fyrir stofnanir sem oft þurfa að sækja fundi stjórnsýslunnar í höfuðborginni var





þetta kærkomið. Það er von mín að þegar við erum komin út úr Kóvinu munum við halda áfram að lágmarka ferðalög vegna fundarhalds. Það er bæði þægilegt, tímasparandi og umhverfisvænt.

En Kóvið kenndi okkur líka hversu mikilvægt það er að umgangast annað fólk og hversu mikil áhrif einangrun getur haft á geðheilbrigði fólks. Í nýjum heimi að loknu Kóvi þurfum við því að finna jafnvægið, að þeysast ekki á milli lands- eða heims-horna af litlu tilefni, en halda samt áfram að hittast og kynnst nýju fólki og menningu.

Kóvið hefur líka sýnt okkur mikilvægi nýsköpunar og þess eiginleika að geta tekist á við breyttar aðstæður með hraði. Fyrir Kóvið var mikið rætt um fjórðu iðnbyltinguna og hvernig sjálfvirknivæðing myndi breyta heiminum öllum á næsta áratug. Sú bylting fékk byr undir báða vængi í Kóvinu og munum við því sjá stærri samfélagsbreytingar á næsta áratug en nokkurn gat óráð fyrir. Það verður mikilvægt fyrir öll samfélög að geta aðlagast breytingum í gegnum nýsköpun, rannsóknir og menntun. Fjárfesting í háskólum landsins er nauðsynleg svo unnt sé að tryggja að næsta kynslóð geti nýtt þau miklu tækifæri sem framundan eru – þeim sjálfum, þjóðinni allri og heiminum til heilla. Rannsóknir og menntun eru grundvöllur að velferð framtíðarinnar.

Kóvið mun hafa varanleg áhrif á háskóla hvarvetna í heiminum. Á örskömmum tíma hafa allir helstu háskólar heimsins áttað sig á því hvernig unnt er að miðla námi og stunda það með rafrænum hætti. Þetta opnar á nýjar leiðir til að nýta rafræna miðlun til frekara samstarfs á milli menntastofnana, sama hvar í heiminum þær eru.

Háskólinn á Akureyri hefur í gegnum árin verið með þróunarverkefni þar sem nýttir eru kostir rafrænna samskipta. Nýjasta verkefnið á þeim vettvangi er samstarf um MBA-nám við University of the Highlands and Islands í Skotlandi. Það sýnir sig að nýjar víddir opnast þegar rafrænar leiðir eru notaðar við miðlun þekkingar og sérhæfingar milli stofnana og lands. Framundan eru gríðarmikil tækifæri fyrir framsæknar menntastofnanir á háskólastigi að láta til sín taka á vettvangi vísinda og menntunar. Háskólinn á Akureyri er tæknilega og faglega mjög vel í stakk búinn til þess að grípa þetta tækifæri og gera það að sínu enn frekar en nú er. Nýtum möguleikana, eflum háskólann, styrkjum með því nærsamfélögin sem skólinn er hluti af, og verum í fremstu röð meðal menntastofnana landsins hvað þetta varðar.

Árið 2020 er ár sem við munum ekki gleyma. Framundan eru breytingar, hraðari en við höfum áður séð. Ég hef fulla trú á því að Háskólinn á Akureyri muni nýta sér það umhverfi til að eflast enn frekar og nýta styrkleika sína íslensku samfélagi til heilla í alþjóðlegu samstarfi. Það er von mín að íslensk stjórnvöld nýti tækifærið, styðji við háskólakerfið og Háskólann á Akureyri sérstaklega sem norðurslóðaháskóla sem tekist hefur með einstökum hætti að bæta aðgengi að háskólanámi – og er reiðubúinn að halda áfram á þeirri vegferð að tryggja öllum aðgengi að háskólanámi.

Með vinsemd og virðingu,  
Eyjólfur Guðmundsson, rektor



Index	
AB	...
C	...
E	...
FG	...
IJ	...
KL	...
M	...
N	...

# STARFSFÓLK

## Framgangur

Rektor Háskólans á Akureyri veitti framgang samkvæmt reglum nr. 1010/2016 um framgang og ótímabundna ráðningu akademísku starfsfólks við HA, með síðari breytingum.

Framgangur er veittur frá og með 1. júlí ár hvert og einnig er veittur framgangur við nýráðningu.

### Eftirtalið starfsfólk fékk framgang 1. júlí 2020:



**Guðrún Pálmadóttir**,  
prófessor emerita við  
Heilbrigðisvísindasvið



**Elísabet Hjörleifsdóttir**,  
prófessor emerita við  
Heilbrigðisvísindasvið



**Árni Gunnar Ásgeirsson**,  
dósent við Hug- og  
félagsvísindasvið



**Yvonne Höller**, prófessor  
við Hug- og  
félagsvísindasvið



**Helga Kristjánsdóttir**,  
prófessor við Viðskipta-  
og raunvísindasvið, frá  
og með 1. ágúst 2020

### Framgangur við nýráðningu:

### Tveir starfsmenn luku doktorsprófi:



**Margrét Valdimarsdóttir**,  
lektor í lögreglufræði,  
varði doktorsritgerð sína í  
afbrotufræði við The City  
University of New York  
þann 28. apríl.

Ritgerðin heitir *Examining the contextual effects of racial profiling, and the long-term consequences of punitive interventions: Testing labeling theory with the National longitudinal study of adolescent to adult health data*.

Leiðbeinandi var dr. Amy Adamczyk, prófessor við The City University of New York. Einnig voru í nefnd dr. Joshua Freilich prófessor og dr. Jeremy Porter prófessor, báðir við sama skóla. Enn fremur dr. Jón Gunnar Bernburg, prófessor við Háskóla Íslands, og dr. Chongmin Na, lektor við John Jay College of Criminal Justice.



**Richard E. Taehtinen**,  
aðjúnti við sálfræðideild,  
varði doktorsritgerð sína í  
íþróttasálfræði við Liverpool  
John Moores University þann  
15. desember.

Ritgerðin heitir *The Killing of a Sacred Veneer: Depressive Symptoms in Athletes*.

Andmælendur við doktorsvörminu voru dr. Mark Uphill, dósent við Canterbury Christ Church University í Bretlandi, og dr. Joanne Butt, prófessor við Liverpool John Moores University í Bretlandi.

Leiðbeinandi var dr. Robert Morris, lektor við University of Stirling í Skotlandi. Meðleiðbeinendur voru dr. Martin Eubank og dr. Gillian Cook við Liverpool John Moores University.



L  
L101  
L102  
L103  
→



## GÆÐAMÁL

Til þess að tryggja að Háskólinn á Akureyri standist alltaf þær gæðakröfur sem gerðar eru til hans er starfrækt gæðaráð við skólann. Meginhlutverk ráðsins er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans. Gæðaráðsfundir eru haldnir einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Alls voru fundirnir átta árið 2020.

Háskólaráð samþykkti þann 20 júní breytingar á reglum um gæðaráð sem lúta að samsetningu ráðsins. Eftir breytingarnar hljóðar 1. málsgrein 2. gr. reglna um gæðaráð þannig: „Í gæðaráði sitja gæðastjóri í forsæti, fulltrúar fræðasviða, tveir fulltrúar háskólaskrifstofu auk tveggja fulltrúa nemenda sem Stúdentafélag Háskólans á Akureyri tilnefnir.“

### Í gæðaráði áttu sæti fyrir breytingar:

Vaka Óttarsdóttir, gæða- og mannauðsstjóri, í forsæti  
Kristín Margrét Jóhannsdóttir lektor,  
fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs  
Sean M. Scully aðjúnkt,  
fulltrúi Viðskipta- og raunvísindasviðs  
Bergljót Borg aðjúnkt, fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs  
Sigríður Sía Jónsdóttir lektor, fulltrúi akademíks starfsfólks,  
til vara Margrét Elísabet Ólafsdóttir lektor  
Helena Sigurðardóttir kennsluráðgjafi,  
fulltrúi annars starfsfólks, til vara Sigrún Lóa Kristjánsdóttir,  
verkefnastjóri gagnagreiningar og fjárhags  
Daníel Gunnarsson, fulltrúi stúdenta  
Leifur Guðni Grétarsson, fulltrúi stúdenta í upphafi árs,  
Eva María Matthíasdóttir frá og með febrúar  
Sólveig María Árnadóttir, varafulltrúi stúdenta  
Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar HA  
Katrín Árnadóttir, forstöðumaður Nemendaskrár.

Eftir breytingar er litið svo á að fulltrúar fræðasviða séu fulltrúar akademíks starfsfólks og fulltrúar Háskólaskrifstofu séu fulltrúar starfsfólks í stoðþjónustu og stjórnýslu.

### Á haustmisseri sátu í gæðaráði:

Vaka Óttarsdóttir, gæða- og mannauðsstjóri, í forsæti  
Bergljót Borg aðjúnkt, fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs,  
til vara Eva Halapi lektor  
Kjartan Ólafsson lektor, fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs,  
til vara Páll Björnsson prófessor  
Kristinn Pétur Magnússon prófessor, fulltrúi Viðskipta- og raunvísindasviðs, til vara Helga Kristjánsdóttir dósent


Stefán Jóhannsson, sérfræðingur gagnagreiningar,  
fulltrúi Háskólaskrifstofu, til vara Sigrún Lóa Kristjánsdóttir,  
verkefnastjóri gagnagreiningar og fjárhags  
Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar,  
fulltrúi Háskólaskrifstofu, til vara Óskar Þór  
Vilhjálmsson tæknimaður  
Daníel Gunnarsson, fulltrúi stúdenta  
Eva María Matthíasdóttir, fulltrúi stúdenta  
Sólveig María Árnadóttir, varafulltrúi stúdenta.  
Guðlaug Þóra Stefánsdóttir, verkefnastjóri mannauðs- og gæðamála, var ritari gæðaráðs.

Vinna ársins einkenndist af áframhaldandi umbótastarfi eftir síðustu stofnanaúttekt (ytri úttekt á starfi háskólans) og markvissum undirbúningi fyrir gæðastarf samkvæmt rammaáætlun *Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education, 2. útgáfu (QEF2)*.

### Stýrihópur fyrir næstu stofnanaúttekt var skipaður í upphafi árs og í honum áttu sæti:

Sigrún Magnúsdóttir, sérfræðingur Rektorskrifstofu,  
í forsæti  
Vaka Óttarsdóttir, gæða- og mannauðsstjóri  
Stefán B. Sigurðsson, prófessor emeritus, skipaður af rektor  
Yvonne Höller prófessor, skipuð af rektor  
Auðbjörg Björnsdóttir forstöðumaður, skipuð af rektor  
Daníel Gunnarsson, fulltrúi stúdenta  
Steinunn Alda Gunnarsdóttir, fulltrúi stúdenta  
Bragi Guðmundsson prófessor, fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs  
Elísabet Hjörleifsdóttir dósent, prófessor emerita frá 1. júlí, fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs  
Steingrímur Jónsson prófessor, fulltrúi Viðskipta- og raunvísindasviðs  
Sigrún Lóa Kristjánsdóttir, verkefnastjóri gagnagreiningar og fjárhags, fulltrúi Háskólaskrifstofu.

Að sjálfsgöðu hefur heimsfaraldurinn valdið margs konar erfiðleikum og áskorunum. Hvað varðar samskipti var starfsfólk háskólans mjög vel í stakk búð að færa þau í rafrænt form með skömmum fyrirvara.



## GÆÐAMÁL

Upphaflega var gert ráð fyrir stofnanaúttekt á vormánuðum 2020 en henni var frestað vegna faraldursins og er hún fyrirhuguð í nóvember 2021. Þó fór síðla árs fram stofnanamat á diplómanámi í lögreglufræði og er það í fyrsta skipti sem gerð er stofnanaúttekt á einni námsbraut við háskólann.

Heimsókn erlendra sérfræðinga sem starfa með sjálfsmatsteymum háskólans var fyrirhuguð, en af henni gat ekki orðið. Í nokkrum tilvikum rofnaði samstarf erlendra sérfræðinga vegna veikinda og erfiðs ástands í heimalöndum þeirra. Deildir háskólans skipulögðu þá rafrænar „heimsóknir“ sérfræðinganna þar sem leitast var við að upplýsa þá um starfsemi háskólans eins og kostur var.

Fjögurra manna úttektarnefnd skipuð þremur erlendum sérfræðingum og einum fulltrúa íslenskra stúdenta hélt fjölda rafrænna funda með starfsfólki og stúdentum háskólans, sem er liður í undirbúningi stofnanaúttektarinnar. Von er á niðurstöðum úr þessu ferli á vormánuðum 2021.

Heimsfaraldurinn hafði líka áhrif á framvindu sjálfsmats einstakra starfseininga skólans, sem er undanfari stofnanamats. Sigrún Magnúsdóttir skipulagði vinnunni og stýrði henni. Gaf hún út leiðbeiningar um lokafrágang sjálfsmatsskýrslna sem og um uppsetningu útdráttar, fyrir allar deildir háskólans. Árið 2020 var unnið að sjálfsmati við margar deildir háskólans. Sjálfsmatsvinna hófst haustið 2019 við Auðlindadeild, Félagsvísindadeild, Lagadeild, Sálfræðideild og Viðskiptadeild. Unnið er eftir sjö ára áætlun um sjálfsúttektir háskólans (*Subject-level Review*).

Nýtt, samtalsmiðað námskeiðsmat var framkvæmt til reynslu í þremur deildum háskólans á vormisseri. Mikil ánægja var meðal bæði deildarformanna og stúdenta með tilraunina. Sérstaklega þótti þessi nýja aðferð vera jákvæð og uppbyggileg ásamt því að skila upplýsingum almennt um námsumhverfi stúdenta sem og mjög gagnlegum upplýsingum til kennara.

Lykiltöluteymi HA er ein af lykilstoðum gæðastarfs háskólans ásamt kannanateymi og Bolognateymi. Hlutverk lykiltöluteymisins er að safna saman, vinna úr og birta lykiltölur sem háskólanum er skylt að skila inn til mennta- og menningarmálaráðuneytis og Hagstofu Íslands. Auk þessa safnar teymið fjölda annarra lykiltalna vegna gæðastarfs og rekstrar.

Kannanateymi HA hefur það hlutverk að annast undirbúning og framkvæmd kannana og að hafa yfirlit yfir kannanir þar sem nemendur og starfsfólk eru þýðið. Starf kannanateymis skilar mikilvægum upplýsingum um starfsemi háskólans. Upplýsingar frá lykiltöluteymi sem og niðurstöður úr helstu könnunum sem HA lætur gera eru nýttar markvisst til að taka ákvarðanir út frá gögnum með umbætur í huga.

Bolognateymi er undirnefnd gæðaráðs með það hlutverk að veita álit og ráðgjöf varðandi nýtt námsframboð, uppsetningu lærdómsviðmiða og samspil lærdómsviðmiða fyrir heilar námsleiðir og lærdómsviðmiða einstakra námskeiða. Bolognateymið er skipað fulltrúum fræðasviðanna í gæðaráði. Bolognateymið las yfir og leiðbeindi vegna nokkurra umsókna um nýtt námsframboð við háskólann.

Fundargerðir gæðaráðs eru birtar á innri vef háskólans, Uglu, á slóðinni <https://ugla.unak.is/kerfi/view/page.php?sid=2052>





# GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Góðvinir eru samtök brautskráðra stúdenta frá Háskólanum á Akureyri og annarra velunnara háskólans. Markmið samtakanna er að auka tengsl háskólans við fyrrum stúdenta sína og styðja við uppbyggingu háskólans eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Þetta gera Góðvinir meðal annars með því að heiðra kandiðata við brautskráningu, innheimta félagsgjöld og bera hag Háskólans á Akureyri fyrir brjósti.

Vegna ástandsins í samfélaginu og veikindaleyfis starfsmanns Góðvina voru ekki skipulagðir endurfundir Góðvina í tengslum við Háskólahátíð þann 13. júní. Brautskráning kandiðata frá háskólanum fór fram með dagskrá á sjónvarpsstöðinni N4 þennan dag. Formaður Góðvina tilkynnti hverjir hlytu heiðursverðlaun Góðvina þetta óvenjulega ár. Þeir voru:

- Hug- og félagsvísindasvið: Karen Jónasdóttir og Helena Sjørup Eiríksdóttir (framhaldsnám)
- Heilbrigðisvísindasvið: Sigríður Arna Lund
- Viðskipta- og raunvísindasvið: Þórný Stefánsdóttir

Viðurkenningin er gullnæla sem Kristín Petra Guðmundsdóttir gullsmiður hannaði og smíðar sérstaklega fyrir Góðvini.

Sú hefð hefur skapast að Góðvinir taki þátt í kostnaði við veglegar veitingar á Háskólahátíð og hefur sú hlutdeild farið hækkandi. Að ákvörðun rektors var þessi kostnaður endurgreiddur Góðvinum.

Aðalfundur Góðvina var haldinn rafrænt 19. nóvember 2020. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem rætt var um það sem framundan væri. Ber þar helst að nefna ákvörðun um áframhaldandi útgáfu fréttabréfs og undirbúning stofnfjárskjóðs.

Starfsmanni Góðvina var falið að annast kaup á gullnælu til að selja félagsmönnum Góðvina og öðrum áhugasömum sem fjáröflun fyrir félagið. Stefnt er að sölu í kringum Háskólahátíð.

#### Stjórn Góðvina skipa árið 2020:

- Einar Aðalsteinn Brynjólfsson, formaður
- Elva Gunnlaugsdóttir
- Berglind Ósk Guðmundsdóttir
- Kristín Sigurðardóttir, gjaldkeri
- Steinunn Alda Gunnarsdóttir, fulltrúi Stúdentafélags HA
- Katrín Árnadóttir, forstöðumaður Markaðs- og kynningarmála Háskólans á Akureyri og starfsmaður Góðvina



*Einar Aðalsteinn Brynjólfsson, formaður Góðvina, tilkynnir um handhafa heiðursviðurkenningar við brautskráningu í júní.*



Háskólinn  
á Akureyri

## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Meginmarkmið Heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í heilbrigðisvísindum, þar með talið hjúkrunarfræði, iðjuþjálfunarfræði og öðrum greinum heilbrigðisvísinda.

Á Heilbrigðisvísindasviði er boðið nám til BS-gráðu í iðjuþjálfunarfræði og í hjúkrunarfræði.

Á framhaldsstigi er boðið nám til MA-gráðu í heilbrigðisvísindum á nokkrum kjörsviðum. Einnig starfsréttindanám fyrir iðjuþjálfara í framhaldi af BS-gráðu í þeirri grein.

Á framhaldsstigi er enn fremur í boði diplómanám á nokkrum kjörsviðum sem og diplómanám bæði í fræðilegu og klínísku heilsugæslunámi. Þá er boðið við fræðasviðið doktorsnám í hjúkrunarfræði/heilbrigðisvísindum.

Háskólinn á Akureyri er eini íslenski háskólinn sem býður nám í iðjuþjálfunarfræði. Nám á grunnstigi og meistarastigi Heilbrigðisvísindasviðs er með sveigjanlegu námsformi sem skapar sviðinu sérstöðu meðal íslenskra háskóla.

Háskólinn á Akureyri er eini íslenski háskólinn sem býður nám í iðjuþjálfunarfræði. Nám á grunnstigi og meistarastigi Heilbrigðisvísindasviðs er með sveigjanlegu námsformi sem skapar sviðinu sérstöðu meðal íslenskra háskóla.

Nýtt fagnám til diplómaprófs fyrir sjúkraliða mun hefjast á haustmisseri 2021. Annað námsframboð í undirbúningi er þverfaglegt diplómanám í heilabilunarráðgjöf sem og klínískt meistaranám í geðhjúkrun.

Heilbrigðisvísindasvið er í ágætu samstarfi við Háskóla Íslands og ýmsa háskóla á hinum Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum, Kanada og víðar. Erlendir sérfræðingar eru gjarnan ráðnir til kennslu og rannsókna við fræðasviðið, meðal annars í tengslum við Fulbright – samstarf.

Ísland fer með forystu í Norðurskautsráðinu 2019 – 2021. Háskólinn á Akureyri, ásamt norðurlóðastofnunum á háskóla-svæðinu, tekur virkan þátt í verkefnum Norðurskautsráðsins. Forseti Heilbrigðisvísindasviðs HA er formaður í sérfræðinga-

hópi um heilbrigði á norðurlóðum, *Arctic Human Health Expert Group*, en sá hópur starfar í vinnuhópi Norðurskautsráðsins um sjálfbæra þróun, *Sustainable Development Working Group*. Vorið 2020 hófst rannsóknarverkefni um fyrstu áhrif Covid-19 faraldursins á norðurlóðum sem sérfræðingahópurinn var aðili að. Út kom skýrslan *Covid-19 in the Arctic: Briefing Document for Senior Arctic Officials* Senior Arctic Officials' executive meeting Iceland 24 – 25 June 2020 <https://oaarchive.arctic-council.org/handle/11374/2473>

Heimsfaraldur Covid-19 hafði mikil áhrif á starfsemi Heilbrigðisvísindasviðs. Á vormisseri var bóklegt nám alfarið fært yfir á rafrænt form og hélt það út haustmisserið. Mikil reynsla af sveigjanlegu námi gagnaðist vel við þá skipulagningu. Sama má segja um próf og annað námsmat. Staðarlotur voru styttrar og var komið til móts við stúdenta varðandi útfærslu þeirra með ýmsu móti. Kennslustofu fyrir verklegt nám var lokað á vormisseri en með ströngum sóttvarnaraðgerðum tókst að halda henni opinni á haustmisseri. Það tókst að gera hjúkrunarfræðinemum kleift að ljúka klínísku námi sínu, meðal annars með því að hluti þess færðist yfir á vormisseri 2021. Með ýmsum tilhliðrunum náðu stúdentar í iðjuþjálfunarfræði einnig að ljúka vettvangsnámi. Við alla skipulagningu náðist frábær samvinna milli deilda og stúdenta. Einnig var skrifstofa fræðasviðsins mikilvæg í samhæfingu aðgerða vegna verkefna sem takast þurfti á við í þessu ástandi.

### Doktorsnám við Heilbrigðisvísindasvið

Þrjár doktorsnemar voru við Heilbrigðisvísindasvið árið 2020. Doktorsverkefni Huldu Sædísar Bryngeirsdóttur nefnist *The Experience of Post-Traumatic Growth Following Intimate Partner Violence*. Verkefnið lýtur að reynslu kvenna af eflingu í kjölfar ofbeldis í nánnum samböndum. Þar er upplifun þolenda skoðuð og hvetjandi og letjandi áhrifaþættir á eflingu í kjölfar ofbeldis í nánnum samböndum greindir.

Doktorsverkefni Karenar Birnu Þorvaldsdóttur nefnist *Helpseeking for Trauma Recovery: Sociocultural Barriers among Intimate Partner Violence Survivors in Iceland*. Það snýr að því að greina það sem hindrar konur á Íslandi í að leita sér hjálpar eftir ofbeldi í nánnum sambandi. Sigríður Halldórsdóttir próffessor, er aðalleiðbeinandi Huldu Sædísar og Karenar Birnu. Doktorsverkefnið eru unnin innan alþjóðlegs rannsóknarhóps um kynbundið

## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

ofbeldi. Bæði eru þau unnin í samvinnu við Jafnréttisstofu.

Doktorsverkefni Elínar Arnardóttur heitir *Mat á áhættu að fá sykursýki tegund 2: Áhrif af hjúkrunarstýrðri fræðslu innan heilsugæslu, slembuð rannsókn með íhlutun, á ensku Assessment of risk of developing type 2 diabetes: Nurse-coordinated team-based follow-up program in primary care: a mixed-method complex intervention feasibility and RCT pilot trial among people at risk for diabetes type 2*. Það lýtur að því hvernig skimunartækið FINDRISK nýtist innan heilsugæslunnar til að greina sykursýki af tegund 2. Einnig er rannsökuð hagkvæmni og áhrif af hjúkrunarstýrðri fræðsluáðferð, *Guided Self-Determination*, innan heilsugæslunnar, fyrir einstaklinga með sykursýki 2.

Aðalleiðbeinandi Elínar er Árun Sigurðardóttir prófessor. Verkefnið er unnið í samstarfi við Høgskulen på Vestlandet og Københavns Universitet.

### Skipting í deildir

Heilbrigðisvísindasvið skiptist í þrjár deildir: Hjúkrunarfræðideild, Iðjubjálfunarfræðideild og Framhaldsnámsdeild.

Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri – HHA er samstarfsvettvangur háskólans og Sjúkrahússins á Akureyri og er starfsemin nátengd Heilbrigðisvísindasviði.

Einnig er Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi, þverfræðileg rannsóknarmiðstöð, í tengslum við sviðið.

### Prófgráður frá fræðasviðinu 2020

Alls brautskráðust 127 kandiðatar frá Heilbrigðisvísindasviði á árinu. Þar af voru 48 með BS-próf í hjúkrunarfræði, 28 voru með BS-próf í iðjubjálfunarfræði, 29 voru með viðbótardiplómapróf í iðjubjálfunarfræði á meistarastigi og 22 luku MS-gráðu í heilbrigðisvísindum.

### Annað

Fjöldatakmarkanir í hjúkrunarfræði voru rýmkaðar og við það fjölgaði námsplássum um tuttugu. Samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 905/2020 komast 75 hjúkrunarfræðinemar áfram á annað misseri eftir samkeppnispróf frá og með vormisseri 2021, í stað 55 áður.

Alls hóf 191 stúdent hjúkrunarfræðinám á haustmisseri. Af þeim þreyttu 137 öll samkeppnisprófin. Athyglisvert er, að allir

sem stóðust samkeppnispróf náðu fyrstu einkunn í öllum þeim námskeiðum sem lágu til grundvallar.

Starfsréttindanám á meistarastigi í iðjubjálfun hófst á árinu. Um er að ræða eins árs 60 ECTS eininga nám í framhaldi af BS-námi í iðjubjálfunarfræði. Gráðan tryggir leyfisveitingu frá Embætti landlæknis til að starfa sem iðjubjálfi á Íslandi. Stór hluti námsins fer fram á vettvangi í fjölbreytilegu starfsumhverfi iðjubjálfa. Þar takast nemendur á við raunveruleg viðfangsefni með fólki á öllum aldri og fá þjálfun. Nema í iðjubjálfunarfræði á haustmisseri 2020 voru 57 talsins og hafa aldrei verið fleiri. Tölf stúdentar voru í starfsréttindanáminu. Brottfall nema á fyrsta ári í iðjubjálfunarfræði minnkaði talsvert milli ára.

Alls stunduðu 119 stúdentar nám við framhaldsnámsdeild. Þar af voru 65 nýnemar, svipaður fjöldi og haustið 2019.

Að venju var gerð viðhorfsskönnun meðal stúdenta í grunn- og meistaranámi, og einnig meðal brauðskráðra stúdenta, um upplifun þeirra af námi og kennslu við Háskólann á Akureyri. Hvað varðar Heilbrigðisvísindasvið voru 82% stúdenta á þriðja ári í grunnnámi frekar ánægð eða mjög ánægð með námið og sambærileg tala fyrir stúdenta í framhaldsnámi var 86%. Af brautskráðum stúdentum frá Heilbrigðisvísindasviði voru 93% spurðra frekar ánægð eða mjög ánægð með námið.

Meðal þátta sem skoruðu hátt í könnuninni eru meðal annars efling gagnrýnninnar hugsunar, að menntunin nýtist almennt vel í lífinu, og að menntunin er faglega hvetjandi. Samkvæmt viðtölum við nema í hjúkrunarfræði skiptir sveigjanlegt námsform máli við val á háskóla og enn fremur gott orðspor sem Hjúkrunarfræðideild HA hefur.

### Skiptinám

Engir stúdentar fóru í skiptinám erlendis árið 2020 vegna Covid-19 faraldursins. Heilbrigðisvísindasvið tók á móti fjórum nemendum í hjúkrunarfræði í skiptinámi í upphafi árs, þremur frá Odense í Danmörku og einum frá Malmö í Svíþjóð.

### Starfsfólk

Fastir starfsmenn heilbrigðisvísindasviðs voru 37 í 29,3 stöðugildum. Meðtaldir eru fjórir sem ráðnir eru við Heilbrigðisvísindastofnun HA. Þar fyrir utan er fjöldi stundakennara.

## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

### Stjórnsýsla fræðasviðs

Stjórnskipulagi heilbrigðisvísindasviðs er lýst í reglum nr. 812/2013 með síðari breytingum.

Það veitir einnig aðgang að frekara námi á meistarastigi, svo sem í lýðheilsufræði, fötlunarfræði, heilbrigðisvísindum og stjórnun. Áður var minnst á starfsréttindanam fyrir iðjubjálfa.

Nýtt fagnám til diplómaprófs fyrir sjúkraliða mun hefjast á haustmisseri 2021. Annað námsframboð í undirbúningi er þverfaglegt diplómanám í heilabilunarráðgjöf sem og klínískt meistaranám í geðhjúkrun.

### FRAMHALDSNÁM Í HEILBRIGÐISVÍSINDUM

Markmið námsins er að brautskráðir stúdentar verði gagnrýnir greinendur, ígrundandi fagmenn, breytingarliðar og vísýnir, skapandi leiðtogar. Það eru þeir námskrárfærir sem áhersla er lögð á og eru rauður þráður í uppbyggingu og innihaldi námskeiða, og leiðarljós í kennslu og námsmati. Þá er í öllum námskeiðum lögð áhersla á mikilvægi vísindarannsókna. Nám til MS-gráðu í heilbrigðisvísindum inniheldur 120 ECTS einingar. Það er að jafnaði byggt upp af 60–80 einingum í námskeiðum og meistaranámum

sem vegur 40 – 60 einingar.

Í meistaranáminu voru tólf kjörsvið árið 2020. Á öllum kjörsviðum eru skyldunámskeið, alls 40 ECTS einingar, og 20 – 40 einingar í valnámskeiðum. Rannsóknarefni til meistaraverkefnis er valið með aðstoð frá umsjónarkennara. Reynt er að mæta þörfum stúdenta með tilliti til áherslusviðs.

Við Framhaldsnámsdeild er einnig hægt að ljúka 40 – 60 ECTS eininga diplómagráðu í heilbrigðisvísindum. Árið 2020 var boðið diplómanám á nokkrum kjörsviðum: Á sviði stjórnunar, sálrænna áfalla, verkja- og verkjameðferðar, langvinnra veikinda, og öldrunar og heilbrigðis.

Einnig er árlega í boði diplómanám í bæði fræðilegu og klínísku heilsugæslunámi.

Kjörsvið í námi til MS-gráðu árið 2020 voru:

- heilbrigðisvísindi – almennt kjörsvið
- endurhæfing
- geðheilbrigðisfræði
- heilsugæsla í héraði – fræðileg
- heilsugæsla í héraði – klínísk
- langvinn veikindi
- ljósmæður – heilbrigði kvenna
- sálræn áföll og ofbeldi
- starfsendurhæfing í samvinnu við HÍ
- stjórnun í heilbrigðisþjónustu
- verkir og verkjameðferð
- öldrun og heilbrigði

### HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Markmið náms í hjúkrunarfræði er að búa stúdenta undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum sem og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Nám í hjúkrunarfræði tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins og mætir alþjóðlegum stöðlum. Nám til BS-gráðu er skipulagt til fjögurra ára og er 240 ECTS einingar. Á fjórða námsári eru tekin námskeið á meistarastigi, alls 30 einingar. Hjúkrunarfræðinamið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindi og hjúkrunarfræðigreinar. Stúdentar stunda klínískt nám undir handleiðslu hjúkrunarfræðinga víða um land yfir námstímann. Hjúkrunarfræðinemar geta stundað nám sitt hvar sem er, en skyldumæting er í staðarlotur í eina til tvær vikur á misseri.

### IÐJUBJÁLFUNARFRÆÐIDEILD

Nám í iðjubjálfunarfræði byggir á heilbrigðis- og félagsvísindum og snýst um iðju, heilsu og lífsgæði fólks. Stúdentar tileinka sér þekkingu, viðhorf og leikni sem endurspeglar nýjustu þekkingu og þróun iðjubjálfunarfræði á hverjum tíma. Skoðað er hvernig umhverfi í víðum skilningi og einstaklingsþættir hafa áhrif á færni og þátttöku fólks í samfélaginu og fjallað er um ólíkar leiðir til úrlausna. Lögð er áhersla á að stúdentar séu virkir þátttakendur í faglegri þróun og samstarfi, bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi. Nám í iðjubjálfunarfræði er 180 ECTS einingar, tekur þrjú ár og lýkur með BS-gráðu. BS-próf í iðjubjálfunarfræði opnar möguleika til ýmissa starfa í velferðarþjónustu.

## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

### Rannsóknir

Háskólinn hefur gert rammamninga við helstu heilbrigðisstofnanir landsins. Meðal annars ná samningarnir til klínískrar kennslu stúdenta á Heilbrigðisvísindasviði og til rannsóknarsamstarfs. Flestar heilbrigðisstofnanir hafa áhuga á rannsóknarsamstarfi við sviðið, sem er ánægjuleg þróun.

Rannsóknarstarfsemi er öflug á Heilbrigðisvísindasviði og kennarar sviðsins eru þar í samstarfi við erlenda og íslenska fræðimenn. Rannsóknarstefna sviðsins hefur verið í endurskoðun reglulega frá árinu 2017 og unnið er að þróun rannsóknarhópa í samræmi við hana. Allt síðan á árinu 2000 hafa rannsóknaráherslur á Heilbrigðisvísindasviði verið þverfaglegar. Hafa starfsmenn sviðsins hist mánaðarlega í rannsóknarsmiðjum þar sem ný verkefni og lengra komin hafa verið kynnt.

Að venju voru haldnir tveir starfsþróunardagar, í febrúar og nóvember. Í febrúar var áherslan á teymisvinnu við rannsóknir auk þess sem stúdentar kynntu verkefnið *Nemar kenna nemum*. Í nóvember var áherslan á líðan í vinnunni á tímum Covid-19 sem og tillögur að mentorkerfi fyrir nýnema.

*Sjónaukinn*, árleg rannsóknarráðstefna Heilbrigðisvísindasviðs, hefur verið í þróun frá árinu 2018. Þar kynna meistaranemendur sem lokið hafa ritgerð sinni og fræðimenn sviðsins, sem og utanaðkomandi fyrirlesarar, vísindastarf sitt. Yfirskrift ráðstefnunnar 2020 var *Heilbrigði og velferð nær og fjær*. Gestafyrirlesarar voru Niclas Forsling, verkefnisstjóri *Healthcare and Care through distance spanning solutions*, Västerbotten í Svíþjóð, og Ólöf Birna Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur við *Nasjonal kompetansetjeneste for læring og mestrning innen helse* í Noregi.

Auk þeirra voru fimm gestafyrirlesarar. Þátttaka á ráðstefnunni var góð, en hún var haldin rafrænt í fyrsta skipti vegna Covid-19.

Starfsfólk Heilbrigðisvísindasviðs tók þátt í og skipulagði ýmsar rafrænar ráðstefnur á árinu án þess að sviðið héldi sérstaklega utan um skráningu þeirra.

### Heilbrigðisvísindastofnun HA – HHA

Heilbrigðisvísindastofnun HA er sameiginlegur vettvangur starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri – SAK og HA til eflingar kennslu, þjálfun og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum, til miðunar þekkingar og til kynningar á rannsóknnum starfsmanna. Á árinu voru fjórir akademískir starfsmenn í hlutastörfum við HHA, tveir prófessorar, einn dósent og einn lektor. Starfsmenn HHA koma að kennslu og rannsóknnum við Heilbrigðisvísindasvið.

Megináhersla var lögð á að gera rannsóknir starfsmanna sýnilegar og aðgengilegar auk þess að efla rannsóknarvirkni starfsmanna SAK og tengja verkefni nemenda HA við þarfir sjúkrahússins. Í september var haldinn vísindadagur í samstarfi HA og SAK þar sem starfsmenn kynntu rannsóknir sínar. Var hann vel sóttur að venju.

Á árinu var áfram unnið að því að aðgreina reglur HHA og stefnunefndar. Stefnunefnd hefur það hlutverk að vera stefnumótandi vegna sameiginlegra málefna HA og SAK. Væntanlega verður stefnunefnd eflað sem vettvangur ákvarðana og samtals í vegferð SAK að því verða háskólasjúkrahús á Norðurlandi. Stefnt er að því að auka vægi Heilbrigðisvísindastofnunar í rannsóknar- og þróunarsamstarfi háskólans og Sjúkrahússins á Akureyri. Í október 2020 kom út skýrslan *Sjúkrahúsið á Akureyri – Háskólahlutverkið – Staða og mat 2020*. Vinnuhópur á vegum SAK og HA vann skýrsluna og einnig aðgerðaáætlun um SAK sem háskólasjúkrahús.

Samkvæmt rammamningi HA og Sjúkrahússins á Akureyri getur starfsfólk SAK sem sinnir kennslu og rannsóknnum sótt um akademíska nafnbót við Heilbrigðisvísindastofnun, í samræmi við gildandi reglur háskólans. Tveir starfsmenn við Sjúkrahúsið á Akureyri hafa fengið slíkar nafnbætur.

## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

### Ný rannsóknarverkefni á árinu

Rannsóknarhersla/ rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs
Heilbrigðisvísindi / Barneignir	<i>Prepregnancy BMI, optimal gestational weight gain and maternal/birth outcomes.</i>	Alexander Smáráson prófessor, Laufey Hrólfsdóttir lektor og Björn Gunnarsson dósent
Heilbrigðisvísindi / Sykursýki / Covid	<i>Dealing with COVID-19 in small European states: Cyprus, Iceland and Malta. Early Human Development</i> <a href="https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC7658554/">https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC7658554/</a>	Árún K. Sigurðardóttir prófessor
Heilbrigðisvísindi / Fjölskylduhjúkrun	<i>Innleiðing fjölskylduhjúkrunar. Fasi II. Heilbrigðisvísindastofnun HA, samstarfsverkefni með Sjúkrahúsinu á Akureyri</i>	Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir dósent
Heilbrigðisvísindi / Norðurslóðarannsókn	<i>Understanding ageing, gender and ethnicity: Experiences from European Arctic (AGE-Arctic)</i>	Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir dósent, Arnrún Halla Arnórsdóttir aðjúnkt og Sigrún Sigurðardóttir dósent
Heilbrigðisvísindi / karlar í hjúkrun	<i>Share the Care: Attracting men to nursing education to counteract a gender-segregated labour market</i>	Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir dósent og Gísli Kort Kristófersson dósent
Heilbrigðisvísindi / Covid	<i>Líðan grunn- og framhaldsnema í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði á tímum COVID-19</i>	Gísli Kort Kristófersson dósent og Margrét Hrönn Svavarsdóttir dósent
Heilbrigðisvísindi / Fjarþjónusta	<i>Þekking, viðhorf og reynsla heilbrigðisstarfsfólks til fjarþjónustu</i>	Sigrún Kristín Jónasdóttir lektor, og Þorbjörg Jónsdóttir lektor
Heilbrigðisvísindi / Barneignir	<i>Reconsidering traumatic childbirth experiences: Developing a women-centred definition</i>	Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent
Heilbrigðisvísindi / Barneignir	<i>Policy, service, and training provision for women following a traumatic birth: An international mapping study</i>	Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent
Heilbrigðisvísindi / Barneignir	<i>Developing a woman-centred, inclusive definition of a positive childbirth experience: A discussion paper</i>	Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent
Heilbrigðisvísindi / Barneignir	<i>Key dimensions of women and men's experiences of childbirth: a review of reviews of the qualitative evidence</i>	Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent
Heilbrigðisvísindi / Barneignir	<i>In Search of Dignity: A Review of Obstetric Violence Intervention Strategies in health care centres</i>	Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent
Heilbrigðisvísindi / Barneignir	<i>Balancing restrictions and access to maternity care for women and birthing partners during the COVID-19 pandemic in Europe</i>	Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent
Heilbrigðisvísindi / Verkir / Covid	<i>Verkir, lífshættir og heilsutengd lífsgæði meðal almennings á Íslandi</i>	Þorbjörg Jónsdóttir lektor, Hafdís Skúladóttir lektor, Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent og Eva Halapi dósent

## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

### Rannsóknargreinar birtar í ritrýndum tímaritum og bókum

Rannsóknaráhersla/ rannsóknarsvið	Tímaritsgreinar	Bækur/bókarkafar	Samtals
Heilbrigðisvísindi		Bækur: Alþjóðleg ritrýnd útgáfa með alþjóðlega skírskotun	1
Heilbrigðisvísindi		Bækur: Íslensk eða erlend útgáfa sem miðast við staðbundið fræðasamfélag	3
Heilbrigðisvísindi		Aðrar bækur	1
Heilbrigðisvísindi		Bókakafar: Alþjóðlega ritrýnd útgáfa og innlend ritrýnd útgáfa með alþjóðlega skírskotun	1
Heilbrigðisvísindi		Bókakafar: Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem einkum miðast við staðbundið fræðasamfélag	1
Heilbrigðisvísindi		Kaflar í öðrum bókum	1
Heilbrigðisvísindi		Kaflar í handbókum og alfræðiritum	1
Heilbrigðisvísindi	Greinar birtar í ISI tímaritum með háan áhrifastuðul		7
Heilbrigðisvísindi	Aðrar greinar í ISI tímaritum		25
Heilbrigðisvísindi	Aðrar greinar í ritrýndum tímaritum		13


### Fyrirlestrar á málþingum og ráðstefnum, veggspjöld

Inngangsfyrirlestrar á alþjóðlegum vísindaráðstefnum	3
Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum	12
Erindi á innlendum ráðstefnum	32
Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa	18

### Ráðstefnur

Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið	Heiti ráðstefnu	Í hvaða mánuði
Sjónaukinn: Rannsóknarráðstefna heilbrigðisvísindasviðs HA	Heilbrigði og velferð nær og fjær	Maí
Heilbrigðisvísindi undir hatti Heilbrigðisvísindastofnunar HA	Vísindadagur Sjúkrahúsins á Akureyri	September







## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hlutverk Hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með talið félagsvísindum, lögræði, menntavísindum og sálfræði.

Á Hug- og félagsvísindasviði er að finna námsframboð sem ekki er við aðra háskóla hérlandis. Það er BA-nám í almennum félagsvísindum, fjölmiðlafræði og nútímafræði. Þá býður Háskólinn á Akureyri einn íslenskra háskóla upp á nám í heimskautarétti á framhaldsstigi. Loks ber að nefna BA-nám í lögreglu- og löggæslufræði og enn fremur diplómanám fyrir verðandi og starfandi lögreglumenn, sem er eingöngu boðið upp á við HA.

### Doktorsnám við Hug- og félagsvísindasvið

Þrjú doktorsnemar stunda nám við Hug- og félagsvísindasvið. Doktorsverkefni Grétu Bergrúnar Jóhannesdóttur nefnist *Áhrif nærsamfélagsins á búsetu ungra kvenna í sjávarbyggðum, Young women in Icelandic fishing villages: Migration and social context*. Aðalleiðbeinandi er Þóroddur Bjarnason prófessor.

Á Menntavísindabraut fer fram nám sem ætlað er kennurum og öðrum þeim sem vilja efla starfshæfni sína og sérþekkingu á sviði menntavísinda. Námið er sniðið fyrir þá sem þegar hafa öðlast leyfisbréf til kennslu og vilja dýpka þekkingu sína og efla sig sem kennara, eða stunda rannsóknir og fræði á þekkingarsviðinu.

Doktorsverkefni Lara Wilhelmine Hoffmann heitir *Encounters: The role of media, language(s), and the arts in the acculturation process of immigrants in Iceland*. Aðalleiðbeinandi er Markus Meckl prófessor.

Doktorsverkefni Valgarðs Reynissonar heitir *Teaching Quality in Social Science*. Aðalleiðbeinandi er Kirsti Klette, prófessor við Universitetet i Oslo, Noregi, og tengiliður við hana er Birna María Svanbjörnsdóttir lektor.

### Skipting í deildir

Hug- og félagsvísindasvið skiptist í fjórar deildir: Félagsvísinda-deild, Kennaradeild, Lagadeild og Sálfræðideild.

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri – MSHA er starfrækt innan Hug- og félagsvísindasviðs í gagnvirkum tengslum við Kennaradeild.

### Prófgráður frá fræðasviðinu 2020

Á grunnstigi er boðið nám til 180 ECTS eininga BA-gráðu í félagsvísindum, fjölmiðlafræði, lögræði, lögreglu- og löggæslufræði, nútímafræði og sálfræði. Enn fremur 180 eininga nám til BEd-prófs í kennarafræði.

Annað nám á grunnstigi er diplóma í lögreglufræði, annars vegar fyrir starfandi lögreglumenn og hins vegar fyrir verðandi lögreglumenn, og diplóma í leikskólafræðum, 120 einingar.

Á framhaldsstigi er 120 eininga nám til MA-gráðu í fjölmiðla- og boðskiptafræði og rannsóknartengt meistaranám í félagsvísindum og í heimskautarétti.

Einnig 120 eininga nám til ML-gráðu í lögræði, til MA-gráðu í menntavísindum, til MEd-gráðu í menntunarfræði, og til MT-gráðu í menntunarfræði.

Á framhaldsstigi er enn fremur boðið 60 eininga diplómanám í heimskautarétti og 90 eininga nám til LLM-gráðu í sömu grein. Einnig er 30 eininga diplómanám í fjölmiðla- og boðskiptafræði.

Boðið er framhaldsnám (diplóma) í menntavísindum og menntunarfræði, 60 ECTS-einingar. Loks er diplómanám í starfstengdri leiðsögn með kennaranemum og nýjum kennurum í starfi. Nýtt nám árið 2020 var diplómanám í megindegri sálfræði.

### Annað

Hug- og félagsvísindasvið er fjölmennasta fræðasviðið við HA hvað viðkemur fjölda stúdenta.

Vegna Covid-19 heimsfaraldursins fór nám fram með rafrænum hætti. Einnig voru próf og annað námsmat færð yfir í rafrænt form og komið til móts við stúdenta með ýmsu móti. Staðarlotur voru haldnar rafrænt í rauntíma og með ýmsum útfærslum, sem allt reyndi á góða skipulagningu og færni í rafrænum

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

kennsluháttum. Kennaranemum og lögreglufræðinimum var gert kleift að ljúka verklegu námi sínu og starfsþjálfun.

Frábært samstarf náðist milli deilda og stúdenta við alla skipulagsvinnu vegna breyttra aðstæðna.

Skrifstofa fræðasviðsins gegndi einnig mikilvægu hlutverki við að halda starfseminni áfram og halda utan um stúdenta-hópinn.

### Skiptinám

Hug- og félagsvísindasvið tók sem fyrr á móti stórum hluta þeirra erlendu skiptinema sem stunduðu nám við HA. Fjölmörg námskeið innan sviðsins voru kennd á ensku, þar á meðal námsbraut í heimskautarétti. Auk þess voru sérnámskeið fyrir erlenda skiptinema vistuð á sviðinu. Stúdentar frá öllum deildum sviðsins fóru í skiptinám við erlenda háskóla í gegnum Erasmus+ en einnig Nordplus (kennara- og nemendaskiptaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar), North2North (kennara- og nemendaskiptaáætlun University of the Arctic) og tvíhliða samstarfssamninga utan Evrópu.

### Starfsfólk

Fastir starfsmenn Hug- og félagsvísindasviðs voru 60 talsins þann 1. desember 2020. Auk þeirra kom að starfi sviðsins fjöldi stundakennara, að viðbættum kennurum á öllum skólastigum viðs vegar um land sem tóku að sér að veita stúdentum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

### Stjórnsvísla fræðasviðs

Stjórnskipulagi Hug- og félagsvísindasviðs er lýst í reglum nr. 416/2012 með síðari breytingum.

### FÉLAGSVÍSINDAEILD

Félagsvísindadeild var meðal fjölmennustu deilda háskólans hvað stúdenta varðar. Í náminu var áhersla á verkefnavinnu stúdenta og námið fól í sér fjölbjóðlegar tengingar. Ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um félagsvísindaleg og hugvísindaleg efni eru fastir liðir á svonefndum félagsvísindatorgum. Kennarar deildarinnar tóku virkan þátt í þeim viðburðum og sem fyrirlesarar á öðrum viðburðum við HA og annars staðar.

Við Félagsvísindadeild var boðið upp á fjórar námsleiðir til BA-gráðu, í félagsvísindum, fjölmiðlafræði, lögreglu- og lög-

gæslufræði og nútímafræði. Að loknu diplómanámi í lögreglufræði fyrir verðandi eða starfandi lögreglumenn er hægt að bæta við 60 eininga námi til BA-gráðu.

Meistaránám til MA-gráðu við félagsvísindadeild er rannsóknartengt. Í boði er 30 eininga diplómanám á meistara-stigi í fjölmiðla- og boðskiptafræði í framhaldi af BA-gráðu í fjölmiðlafræði.

### Fjölmiðlafræði

Fjölmiðlafræði skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Námið tekur mið af þróun sem orðið hefur á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum. Leitast er við að samþætta faglega þekkingu sem kennd er í svonefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd er í hefðbundnu háskólanámi. Slík samvinnun er eftirsóknarverð í námi af þessu tagi og til þess ætluð að gera stúdenta hæfari til að takast á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsingatæknibyltingu og síhækkandi almennu menntunarstigi. Stúdentar tóku þátt í gerð ýmiss konar fjölmiðlaefnis í prent- og ljósvakamiðlum. Áberandi er hve margir útskrifaðir hafa fengið störf á fjölmiðlum eða sinna fjölmiðla-tengdum störfum.

### Nútímafræði

Nútímafræði er þverfaglegt nám á sviði félags- og hugvísinda. Það er blanda af heimspeki, siðfræði, sagnfræði, íslensku og samfélagsgreinum. Mörg valnámskeið voru í boði og góðir möguleikar á skiptinámi, bæði á Íslandi og erlendis. Námið er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér viðtækrar menntunar og öðlast traustan grunn fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda. Stúdentar ljúka 120 einingum í kjarnanámskeiðum. Auk þess er valið á milli fjögurra áherslusviða: Nútímafræði, sagnfræði, heimspeki og íslensku.

### Almenn félagsvísindi

BA-námið byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísinda. Það byggir einkum á félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði. Stúdentar öðlast innsýn í eðli manlegs samfélags og hreyfilögmál félagsgerðar, menningar, stjórnmála og efnahagslífs. Námið veitir umtalsverða þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda, skipulagningu rannsóknarverkefna og framsetningu á niðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn.

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Það er sambærilegt við BA-nám í einstökum undirgreinum félagsvísinda við aðra innlenda og erlenda háskóla. Að námi loknu hafa stúdentar traustan grunn til framhaldsnáms og margvíslegra starfa á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

BA-nám í félagsvísindum var hægt að stunda með eftirtöldum áherslugreinum:

- Almenn félagsvísindi með valnámskeiðum að eigin vali
- Afbrotufræði, áhersla á eðli og skilgreiningu afbrota og annarra frávik; félagslegar, efnahagslegar, menningarlegar og sálfræðilegar orsakir þeirra og afleiðingar fyrir einstaklinga og samfélög
- Byggðafræði, áhersla á byggðapróun á Íslandi, fólksflutninga innanlands og utan, áhrif samgöngubóta á afskekkt samfélög, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu í landsbyggðunum, stjórnmál, stjórnsýslu og stefnumótun í byggðamálum
- Kynjafræði, áhersla á kynjun og kyngervi, stöðu kynjanna í dreifbýli og þéttbýli, breytingar á jafnréttisviðhorfum og verkaskiptingu á heimilum, fjölskyldugerðir og líðan barna, kynhegðun unglinga og stöðu samkynhneigðra í samfélaginu
- Norðurslóðufræði, áhersla á félagslega, hagræna, menningarlega og pólitíska þætti þróunar á norðurslóðum, í samhengi við hnattvæðingu, umhverfisbreytingar, auðlindanýtingu, atvinnu- og byggðamál, mannauð og sjálfbærni.

### Lögglufræði

Lögglufræði fjallar um viðfangsefni löggæslu í víðu samhengi. Námið miðar að því að veita stúdentum haldgóða undirstöðufærni í því að fyrirbyggja og upplýsa um brot á lögum og að tryggja almannaoöryggi. Það er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á lögglufræði sem fræðigreini, en er jafnframt tengt starfi lögreglu á grundvelli laga, reglna, þjálfunar og alls verklags sem er mikilvægt í starfi lögreglunnar.

BA-nám í lögreglu- og löggæslufræði leggur grunn að ólíkum leiðum í námi og starfi. Það er góður kostur fyrir stúdenta sem vilja afla sér víðtækrar menntunar á sviði lögreglu- og löggæslufræði.

Diplómanám í lögglufræði er skipulagt til tveggja ára. Diplómanám fyrir verðandi lögreglumenn undirbýr stúdenta fyrir störf í þéttbýli á fámennum og víðfeðmum svæðum þar

sem lögreglumaður þarf að geta gengið í nánast öll störf. Hluti af náminu er starfsnám sem veitir starfsréttindi til að hljóta skipun hjá lögregluembættum landsins. Diplómanám fyrir starfandi lögreglumenn er ætlað þeim sem vilja kynnast fræðigreininni betur og dýpka þekkingu sína á löggæslu og rannsóknum afbrota, eða vilja prófa nýja nálgun á fagið. Þessi námslína felur ekki í sér starfsþjálfun.

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu – MSL annast starfsnám í lögglufræði í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Stúdentar sem sækja um starfsnám í lögglufræði þurfa að fullnægja almennum skilyrðum sem kveðið er á um í 38. gr. lögglulaga nr. 90/1996 og standast fræðileg námskeið, þrekpróf, læknisskoðun og fleira. Meginmarkmið námsins er að mennta stúdenta sem stefna á störf í lögreglu.

### KENNADEILD

Kennaradeild skiptist í *Kennarabraut* og *Menntavísindabraut*.

Á *Kennarabraut* er boðið heildstætt, fimm ára kennaranám, sem skiptist í þriggja ára 180 eininga kennaranám til BEd-gráðu og tveggja ára 120 eininga nám í menntunarfræðum til MEd-gráðu og MT-gráðu.

Í BEd-náminu var hægt að velja um tvö kjörsvið: Leikskóla-kjörsvið og grunnskólakjörsvið. Í MEd- og MT-náminu sérhæfa stúdentar sig til kennslu á leikskólastigi, grunnskólastigi eða framhaldsskólastigi. MEd- og MT-námið er einnig opið þeim sem lokið hafa BA- eða BS-gráðu á öðrum náms sviðum. Að því loknu geta nemendur sótt um leyfisbréf til kennslu.

Á grunnstigi var boðið tveggja ára, 120 eininga diplómanám í leikskólafræði.

Á framhaldsstigi var boðið 60 eininga diplómanám í menntunarfræði ætlað þeim sem lokið hafa meistaraþrófi í kennslugrein í framhaldsskóla og vilja afla sér kennsluréttinda á framhaldsskólastigi.

Á *Menntavísindabraut* fer fram nám sem ætlað er kennurum og öðrum þeim sem vilja efla starfshæfni sína og sérþekkingu á sviði menntavísinda. Námið er sniðið fyrir þá sem þegar hafa öðlast leyfisbréf til kennslu og vilja dýpka þekkingu sína og efla sig sem kennara, eða stunda rannsóknir og fræði á þekkingarsviðinu. Tvær mislangar námsleiðir eru innan brautarinnar. Annars vegar er 120 eininga rannsóknartengt meistaranám til MA-gráðu fyrir þá sem vilja sérhæfa sig á tilteknu sviði til

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

ýmissa starfa í menntakerfinu og/eða stunda rannsóknir og fræðistörf. Hins vegar er 60 eininga viðbótarnám (DiplEd) sem er ætlað þeim sem vilja sérhæfa sig á tilteknu áherslusviði og auka hæfni sína til starfa. Á árinu var boðið upp á eftirtalin áherslusvið:

- Almennt svið
- Nám og læsi – lestrarfræði
- Nám og margbreytileiki – sérkennslufræði
- Stjórnun og forysta í lærdómssamfélagi
- Upplýsingatækni í námi og kennslu

Jafnframt var boðið upp á 30 eininga diplómanám með áherslu á starfstengda leiðsögn með kennaranemum á vettvangi og með nýjum kennurum í starfi. Námið er einnig til sérhæfingar á áherslusviðinu Stjórnun og forysta í lærdómssamfélagi á menntavísindabraut. Stefnt er að því að í hverjum skóla á landinu verði kennari sem lokið hefur 30 einingum í faglegri starfstengdri leiðsögn á vettvangi, sem skilar sér í auknum faglegum stuðningi bæði við nýja kennara og við kennaranema. Kennaradeild tók þátt í alþjóðlegu samstarfi af ýmsum toga. Má þar nefna sem dæmi kennaraheimsóknir í tengslum við Erasmus-samninga og þátttöku í samnorænu Baltic Nordplus-verkefni kennaramenntunarstofnana, Network for Teacher Education. Það felur meðal annars í sér sameiginlegt námskeiðshald þátttökuskólanna en þeir eru á Íslandi, í Finnlandi, Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Í samstarfinu felst hönnun námskeiða, kennsla og þátttaka stúdenta skólanna í þeim, sem geta mest orðið fjórir frá hverju landi. Kennaradeild tók virkan þátt í ýmsum verkefnum sem lúta að kennaranámi og starfsþróun kennara. Má þar nefna norræna rannsókn um gæði kennslu og þróun kennaranáms, *Quality in Nordic Teaching, QUINT*, sem fræðimenn Kennaradeildar taka þátt í, en það er verkefni til nokkurra ára. Einnig má nefna þátttöku í Samstarfsráði um starfsþróun kennara og stjórnenda. Þar er lögð áhersla á að skoða brotthvarf og nýliðun í kennarastétt. Á grunni þessa starfs skipaði mennta- og menningarmálaráðherra verkefnisstjórn til að leggja fram tillögur að aðgerðum sem miða að því að auka nýliðun og sporna gegn brotthvarfi úr kennarastétt. Átti Kennaradeild fulltrúa í þeirri vinnu. Þá á deildin einnig fulltrúa í Samstarfshópi um leyfisbréf sem settur var á laggirnar haustið 2018.

Nefna má þátttöku Kennaradeildar í ýmsum öðrum starfshópum. Til dæmis ráðgjafanefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara, sem skipuð var af mennta- og menningarmálaráðherra 2019 til fimm ára. Er þar meðal annars til skoðunar launað starfsnám á fimmta ári í kennaranámi. Einnig starfshóp um styrkingu leikskólastigs sem og samstarfshóp um snemmbæran stuðning í menntakerfinu, báðir skipaðir af mennta- og menningarmálaráðherra. Enn fremur á Kennaradeild HA fulltrúa í Kennararáði sem mennta- og menningarmálaráðherra skipaði 2020 til fimm ára.

### LAGAÐEILD

#### Lögfræði

Meginmarkmið náms í lögfræði er að nemendur öðlist þekkingu í undirstöðuatriðum lögfræðinnar með áherslu á lagafrámsæmd á Íslandi, annars staðar í Evrópu og í alþjóðlegu samhengi. Nemendur takast á við grunngreinar íslenskrar lögfræði og kynnast lögum og rétti í sögulegu, félagslegu og heimspekilegu samhengi og nýta enn fremur aðferðir samanburðarlögfræði þar sem það á við. Nám í lögfræði við HA er um margt með öðru sniði en tíðkast við aðra íslenska háskóla. Sérstaðan felst meðal annars í alþjóðlegri, sögulegri og fræðilegri nálgun. Lagadeild býður bæði upp á BA-nám í lögfræði, sem er 180 eininga nám, og svo 120 eininga nám til ML-gráðu í lögfræði.

Annað hvert ár er hægt að innritast í nám í heimskautarétti. Í náminu er lögð áhersla á umhverfisvernd og fjölbreytni lífríkisins, mannréttindi, hafrétt, reglur um sjálfbæra þróun og auðlindir, réttindi frumbyggja í norðri, sjálfsstjórn, stjórnfestu svo og landa- og auðlindakröfur á heimskautasvæðunum. Námið er kennt innan ramma samstarfssamnings um West Nordic Studies og fer alfarið fram á ensku. Boðið er upp á 120 eininga nám til MA-gráðu í heimskautarétti, auk 90 eininga náms til LLM-gráðu og 60 eininga diplómanám.

### SÁLFRÆÐIÐEILD

#### Sálfræði

Sálfræði fjallar um mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinám á bakkalárstigi við Háskólann á Akureyri er fjölbreytt, veitir grunnþekkingu á sálfræði sem vísindagrein og

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

nýtist bæði sem grunnur fyrir framhaldsnám og sem undirbúningur fyrir störf á margvíslegum vettvangi. Ásamt kenningum er sterk áhersla lögð á þjálfun í aðferðafræði og rannsóknaraðferðum sem tíðkast á hinum margvíslegu sviðum sálfræðinnar.

BA-próf í sálfræði veitir ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði heldur fá stúdentar gott tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið vísindagreinarnar. Stúdentar frá HA sem vilja öðlast starfsréttindi sem sálfræðingar hafa einkum sótt sér framhaldsmenntun hér á landi og á hinum Norðurlöndunum, en

hafa þó einnig komist inn í krefjandi framhaldsnám í öðrum Evrópulöndum og Bandaríkjunum.

Framhaldsnám við Sálfræðideild Háskólans á Akureyri er nám í meginlegri sálfræði á meistarastigi. Áhersla er lögð á einstaklingsbundið, hagnýtt nám í rannsóknaraðferðum og þekkingaröflun sem býr stúdenta vel undir frekara framhaldsnám í sálfræði en gerir þá einnig eftirsóttá í sérfræðistörf sem krefjast gagnrýnnar hugsunar, vandaðrar meðferðar gagna, frumkvæðis og þekkingar á mannlegu eðli.

### Rannsóknir

#### Ný rannsóknarverkefni á árinu, Félagsvísindadeild

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs	Vefslóð verkefnis
Internetið, börn og unglingar	<i>Children Online: Research and Evidence. A knowledge base on children and youth in the digital world</i>	Kjartan Ólafsson lektor	<a href="https://cordis.europa.eu/project/id/871018">https://cordis.europa.eu/project/id/871018</a>
Fjölmíðlun á Íslandi	<i>The State of Journalism in Iceland</i>	Birgir Guðmundsson dósent	
Sjávarbyggðir, sjálfbærni	<i>Bæredygtige værdikæder i Nordiske kystsamfund</i>	Joan Nymand Larsen prófessor	<a href="https://da.uni.gl/forskning/norvalue.aspx">https://da.uni.gl/forskning/norvalue.aspx</a>
Norðurskautssvæðið, réttlæti, sjálfbærni	<i>JustNorth</i>	Joan Nymand Larsen prófessor, Jón Haukur Ingimundarson dósent	<a href="https://justnorth.eu/">https://justnorth.eu/</a>

#### Ný rannsóknarverkefni á árinu, Kennaradeild

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs	Vefslóð verkefnis
Að koma á tengslum milli eyjaskóla í Evrópu og stuðla að samstarfi þeirra í milli um nýsköpun og sjálfbærni	<i>ISHRINK – Islands schools – Að virkja svæðisbundna nýsköpun til menntunar</i>	Hermína Gunnþórsdóttir prófessor, Rúnar Sigþórsson prófessor emerítus, Bergljót Þrastardóttir lektor, Birna Svanbjörnsdóttir lektor	<a href="https://www.islandschools.eu/">https://www.islandschools.eu/</a>
Rannsóknir og þróun á starfstengdri leiðsögn nýliða í kennslu	<i>Sustainable Ecosystems of Mentoring for Newly Qualified teachers</i>	Birna Svanbjörnsdóttir lektor	
Skóli án aðgreiningar, Skólaþróun, Lærdómssamfélag, Menntun fyrir alla	<i>Menntun án aðgreiningar í íslenskum grunnskólum</i>	Hermína Gunnþórsdóttir prófessor	
Samband menntunar og dyggða	<i>Aristotelian and Kantian Virtues and Education</i>	Guðmundur Heiðar Frímansson prófessor	
Nám og kennsla á tímum fjarkennslu og fjarnáms í kennaranámi.	<i>Mind the body: Renegotiating educational concepts and practices in digitalised teachers education.</i>	Jórunn Elíðóttir dósent	

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

### Ný rannsóknarverkefni á árinu, Lagadeild

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs	Vefslóð verkefnis
Lögfræði	<i>Sveigjanlegt nám í lögfræði</i>	Ingibjörg Ingvadóttir aðjúnt	
Lögfræði	<i>Lex superior og lögmætisreglan í stjórnáslunni</i>	Ingibjörg Ingvadóttir aðjúnt	
Lögfræði	<i>Lög um lýðskóla</i>	Júlí Ósk Antonsdóttir aðjúnt og Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir lektor	
Lögfræði	<i>Áhrif laga nr. 18/2019 um réttinn til réttlátrar málsmeðferðar</i>	Júlí Ósk Antonsdóttir aðjúnt og Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir lektor	
Lögfræði	<i>Ákærvaldið og sókn sakamála</i>	Hrannar Hafberg lektor	
Lögfræði	<i>Almennur hluti refsiréttar</i>	Hrannar Hafberg lektor	
Lögfræði/heimskaufaréttur	<i>Regulation of Extractive Industries: Community Engagement in the Arctic</i>	Rachael Lorna Johnstone prófessor	
Lögfræði/heimskaufaréttur	<i>Non-living Resources and the Poles</i>	Rachael Lorna Johnstone prófessor	
Lögfræði/heimskaufaréttur	<i>Advisory Review: GF for Mining-Guidance on legal frameworks in ESIA on Mining and Extraction</i>	Rachael Lorna Johnstone prófessor	<a href="https://www.eia.nl/en/projects/7309">https://www.eia.nl/en/projects/7309</a>

### Nýtt rannsóknarverkefni á árinu, Sálfræðideild

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs	Vefslóð verkefnis
Lífeðlisleg sálfræði, klínísk sálfræði	<i>SAD – Food – Study: Fylgni milli matarhegðunar, árstíðabundinna sveiflna og dæturveiflna</i>	Yvonne Höller prófessor, Richard Eiríkur Tähtinen aðjúnt	<a href="https://www.unak.is/is/rannoknir/rannoknir-vid-ha/sad-food-study">https://www.unak.is/is/rannoknir/rannoknir-vid-ha/sad-food-study</a>

### Fyrirlestrar á málþingum og ráðstefnum, veggspiöld

#### Félagsvísindadeild:

Inngangsfyrirlestrar á alþjóðlegum vísindaráðstefnum	1
Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum	12
Erindi á innlendum ráðstefnum	16
Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa	19

#### Kennaradeild:

Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum	16
Erindi á innlendum ráðstefnum	32
Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa	29



## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

### Lagadeild:

Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum	7
Erindi á innlendum ráðstefnum	1
Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa	3

### Sálfræðideild:

Erindi á innlendum ráðstefnum	2
Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa	1

### Rannsóknargreinar birtar í ritrýndum tímaritum og bókum

#### Félagsvísindadeild:

Bókakaflar: Alþjóðlega ritrýnd útgáfa og innlend ritrýnd útgáfa með alþjóðlega skírskotun	12
Bókakaflar: Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem einkum miðast við staðbundið fræðasamfélag	3
Kaflar í öðrum bókum	6
Kaflar í handbókum og alfræðiritum	5
Greinar birtar í ISI tímaritum með háan áhrifastuðul	2
Aðrar greinar í ISI tímaritum	10
Aðrar greinar í ritrýndum tímaritum	9

#### Kennaradeild:

Bækur: Íslensk eða erlend útgáfa sem miðast við staðbundið fræðasamfélag	1
Bókakaflar: Alþjóðlega ritrýnd útgáfa og innlend ritrýnd útgáfa með alþjóðlega skírskotun	3
Bókakaflar: Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem einkum miðast við staðbundið fræðasamfélag	2
Kaflar í öðrum bókum	2
Greinar birtar í ISI tímaritum með háan áhrifastuðul	5
Aðrar greinar í ISI tímaritum	5
Aðrar greinar í ritrýndum tímaritum	11

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

### Lagadeild:

Bækur: Alþjóðleg ritrýnd útgáfa með alþjóðlega skírskotun	1
Bókakaflar: Alþjóðlega ritrýnd útgáfa og innlend ritrýnd útgáfa með alþjóðlega skírskotun	5
Bókakaflar: Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem einkum miðast við staðbundið fræðasamfélag	2
Aðrar greinar í ISI tímaritum	2
Aðrar greinar í ritrýndum tímaritum	1

### Sálfræðideild:

Greinar birtar í ISI tímaritum með háan áhrifastuðul	1
Aðrar greinar í ISI tímaritum	17

### Ráðstefnur

Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið	Heiti ráðstefnu	Í hvaða mánuði
Félagsvísindadeild	Löggæsla og samfélagið	Febrúar
Félagsvísindadeild	<i>The Role of Universities in Addressing Societal Challenges and Fostering Democracy</i>	Mars
Lagadeild, endurskoðun stjórnarskrár	<i>People – Processes – Politics</i>	Desember



# MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA – MSHA



Miðstöð skólaþróunar er starfrækt innan Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Hlutverk hennar er að efla leik-, grunn- og framhaldsskóla sem faglegar stofnanir og vera farvegur þekkingar til starfandi kennara á öllum skólastigum og frá þeim til háskóla.

Meginviðfangsefni sérfræðinga MSHA lúta að þróunar- og umbótastarfi á vettvangi skólastarfs og annast þeir ráðgjöf og fræðslu til starfandi kennara og skólastjórnenda. Innan MSHA hefur byggst upp margvísleg þekking á stjórnun og forystu, starfsþróun og fagmennsku, fjölbreyttum starfsháttum í skólum, námskrágerð, mati á skólastarfi, teymisvinnu og læsi. Í samstarfi við sérfræðinga innan Kennaradeildar Háskólans á Akureyri hefur miðstöðin forgöngu um að kynna kennurum nýjungar á sviði skólaþróunar.

MSHA stendur auk þess fyrir rannsóknum á starfsháttum í skólum (starfendarannsóknum) og heldur ráðstefnur, námskeið og fræðslufundi. Þá sinna sérfræðingar MSHA kennslu í Kennaradeild.

MSHA hefur með höndum sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar samkvæmt sérstökum samningi þar um. Dalvíkurbyggð, Langanesbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur hafa einnig gert slíka samninga við MSHA. Sveitarfélög og skólar víðsvegar um landið hafa að auki gert tímabundna samninga við MSHA um ýmis áhugaverð skólaþróunarverkefni. Unnið er samkvæmt starfs- og þróunaráætlunum viðkomandi sveitarfélags/skóla. Í starfi MSHA á vettvangi skólastarfs er lögð áhersla á fræðslu, ráðgjöf, samræðu, samvinnu og ígrundun. Skólaþróunarverkefnum er ætlað að leiða til starfsþróunar og eflingar skólastarfs á öllum skólastigum.

Árið 2020 varð sérstakt að mörgu leyti í starfi miðstöðvarinnar vegna Covid-19 og samkomutakmarkana sem fylgdu. Ráðgjöf, kennsla og fundahald færðist nánast alfarið yfir á rafrænt form. Þetta var nokkur áskorun fyrir starfsfólk miðstöðvarinnar en einnig fyrir kennara og aðra þjónustugega. Það var þó með ólíkindum hve vel tókst til og hefur sjaldan verið meira að gera í ráðgjöf.

## Helstu verkefni hjá Miðstöð skólaþróunar á árinu 2020:

- Einingabært leiðtoganám í Byrjendalæsi, sem er nýjung
- *Byrjendalæsi* og *Læsi fyrir lífið* – þróun starfshátta í læsiskennslu í leik- og grunnskólum
- *Orðaleikur* – málörvun leikskólabarna og barna ef erlendum uppruna, þróunarverkefni og námsefnisgerð
- Teymisvinna í grunnskólum – skólaþróunarverkefni sem byggir á því að aðstoða teymi í að byggja upp traust til að efla faglegt samstarf
- Þátttaka í mótun *Menntafléttunnar* í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ með styrk frá mennta- og menningamálaráðuneytinu
- *Stærðfræðileiðtogar* – þróun starfshátta í stærðfræðiskennslu á miðstigi grunnskóla.
- *Zankov* – þróunarverkefni í stærðfræði á yngsta stigi grunnskóla
- *Samskipti stúlkna* – þróun fyrirbyggjandi aðgerða gegn einelti, sérstaklega hjá stúlkum
- *Krakkaspjall* – samskiptaverkefni á yngsta og miðstigi grunnskóla
- *Unglingaspjall* – samskiptaverkefni á unglingsstigi
- Bekkjafundir – ráðgjöf og stuðningur við starfandi kennara á grunn- og framhaldsskólastigi
- *Félagaspjall* – nýtt námskeið fyrir miðstig
- Forvarnir gegn einelti – stuðningur og ráðgjöf við gerð forvarnaáætlana gegn einelti
- Leiðsagnarmat – þróun fjölbreyttra leiða í námi, kennslu og námsmati á öllum skólastigum
- *Snjallvagninn* – notkun snjalltækja í námi og kennslu í leikskólum og á yngsta stigi grunnskóla
- Kennslufræðilegur stuðningur við kennara á grunnskólastigi, í samstarfi við fræðsluvið Akureyrarbæjar
- Úttektir og mat á afmörkuðum þáttum skólastarfs á leik- og grunnskólastigi
- Stuðningur og ráðgjöf varðandi stefnumótun og skólanámskrágerð á leik- og grunnskólastigi
- Námsfnisgerð í tengslum við málörvun og læsi
- Þýðing og staðfært efni í mannkostamenntun
- Námskeið og stutt erindi samkvæmt óskum frá skólum á öllum skólastigum

## MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA – MSHA



### Ráðstefnur og námskeiðahald

Haldin var námstefna í *Byrjendalæsi* haustið 2020 auk 11 smíðja yfir skólaárið þar sem Byrjendalæsis kennarar komu saman, fræddust um aðferðina og miðluðu námeftni og aðferðum. Allir þessir viðburðir voru haldnir í gegnum vefinn og þátttakendur komu víðsvegar að af landinu. Viðburðirnir voru einkar vel sóttir og tóku 966 kennarar og áhugafólk um skólafar þátt.

Námskeiðið *Rítun og rafþækur* var fært á vefinn og hafa um 150 kennarar tekið þátt í því.

*Samskipti stúlkna – leið til lausna*. Námskeiðið er elsta samskipta- og samræðunámskeið MSHA og fram til þessa skólaárs hefur það alltaf verið haldið þar sem þátttakendur og námskeiðshaldari mæta á staðinn, en á þessu skólaári var námskeiðið lagað að breyttum aðstæðum og haldið rafrænt. Það var haldið tvisvar sinnum yfir skólaárið á netinu við mjög góðar undirtektir. Kennarar alls staðar af landinu voru með og hefur þátttaka sjaldan verið eins góð.

Krakkaspjallsnámskeiðið okkar var einnig fært í rafrænt form og var haldið eitt slíkt námskeið á netinu á vormisserinu. Þátttakendur voru af öllu landinu og var almenn ánægja með námskeiðið.

Þróunarverkefnið *Orðaleikur, námseftni fyrir börn af erlendum uppruna*, hefur vaxið og dafnað á árinu og hefur miðstöðin

verið með vinnustofur fyrir leikskóla þar sem fjallað er um orðanáam barna og efnid kynnt.

Miðstöðin stóð fyrir ýmiss konar viðburðum á Alþjóðadegi læsis 8. september í samstarfi við bókasafn HA og Amtsbókasafnið á Akureyri, eins og undanfarin ár.

### Styrkir

Miðstöðinni byggir starf sitt á sjálfsaflafé. Styrkir fengust til þróunar á nýjum verkefnum, kennslugögnum og námseftni. Þeir aðilar sem styrktu starfsemi MSHA á árinu voru Þróunarsjóður námsgagna, Endurmenntunarsjóður grunnskóla, Sprotasjóður, Verkefnasjóður HA og Rannsóknasjóður HA.

### Starfsemi og starfsfólk

Á fyrri hluta ársins 2020 störfuðu sex sérfræðingar hjá MSHA í 4,8 stöðugildum. Á síðari hluta ársins voru þeir fimm í 4,5 stöðugildum. Þær breytingar urðu á starfsmannahaldi miðstöðvarinnar að Þóra Rósa Geirsdóttir sérfræðingur hætti vegna aldurs og Sólveig Zophoníasdóttir var ráðin í fullt starf í Kennaradeild HA. Er þeim þakkað fyrir langt og farsælt starf á MSHA og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi. Þá var Jenný Gunnbjörnsdóttir ráðin til MSHA í 50% starf sem verkefnastjóri við *Menntafléttuna* frá fyrsta nóvember 2020. Það starf er greitt af styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.



## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Meginmarkmið Viðskipta- og raunvísindasviðs er að bjóða upp á öflugt háskólanám á grunn-, meistara- og doktorsstigi og standa fyrir rannsóknum á sviðum viðskipta- og raunvísinda með áherslu á rannsóknir á náttúruauðlindum, nýtingu og rekstri þeirra og rannsóknir fyrir og á íslensku atvinnulífi.

Viðskipta- og raunvísindasvið hefur námsframboð sem ekki er að finna við aðra háskóla hér á landi. Það er sérhæft nám í líftækni og sjávarútvegsfræðum á BS-stigi og nám til MS-gráðu í auðlindafræðum á sömu sviðum. Enn fremur nám til MRM-gráðu í haf- og strandsvæðastjórnun og er það í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða.

Hægt er að stunda doktorsnám við Viðskipta- og raunvísindasvið á sviðum líftækni, sjávarútvegs- og fiskeldisfræði og viðskiptafræði. Gert er ráð fyrir að doktorsverkefni verði að jafnaði þverfræðileg og unnin í nánu samstarfi deilda innan sviðsins sem og í samstarfi við önnur fræðasvið HA og innlenda jafnt sem erlenda háskóla, stofnanir og fyrirtæki.

### Doktorsnám við Viðskipta- og raunvísindasvið

Hægt er að stunda doktorsnám við Viðskipta- og raunvísindasvið á sviðum líftækni, sjávarútvegs- og fiskeldisfræði og viðskiptafræði. Gert er ráð fyrir að doktorsverkefni verði að jafnaði þverfræðileg og unnin í nánu samstarfi deilda innan sviðsins sem og í samstarfi við önnur fræðasvið HA og innlenda jafnt sem erlenda háskóla, stofnanir og fyrirtæki.

Fyrsti doktorsneminn við Viðskipta- og raunvísindasvið, Natalia Ramírez, innritaðist í ágúst 2020. Doktorsverkefnið heitir *Skapa fléttur valþrýsting fyrir þróun Pseudomonas syringae í vistgerðum Norðurslóða?* Á ensku: *Do lichens provide a selective force for Pseudomonas syringae in Arctic tundra environments?* Aðalleiðbeinandi er Oddur Þór Vilhelmsson prófessor. Þetta er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri, Náttúrufræðistofnunar Íslands, University of Birmingham, Englandi, og frönsku umhverfisrannsóknarstofnunarinnar INRAE.

Fjöldi doktorsnemenda hefur í gegnum tíðina unnið að verkefnum sínum undir leiðsögn sérfræðinga Viðskipta- og raunvísindasviðs, þó að þeir hafi fram að þessu stundað námið við aðra háskóla.

### Skipting í deildir

Viðskipta- og raunvísindasvið skiptist í tvær deildir, Auðlinda-deild og Viðskiptadeild. Nám í tölvunarfræði fer einnig fram á Viðskipta- og raunvísindasviði í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Frá sviðinu brautskrást enn fremur stúdentar með meistargráðu í haf- og strandsvæðastjórnun sem stunda alfar- ið sitt nám við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði.

Í nánnum tengslum við fræðasviðið er Sjávarútvegs- og fiskeldisstöð Háskólans á Akureyri, sem er sjálfs-eignarstofnun. Viðskipta- og raunvísindasvið tekur einnig þátt í samstarfi um Sjávarútvegs-skóla Sameinuðu þjóðanna, *UNESCO Fisheries Training Program*, með því að skipuleggja og sjá um námskeið sem fara fram árlega við HA.

### Prófgráður frá fræðasviðinu 2020

Á árinu brautskráðust 16 kandiðatar með BS-gráðu í sjávarútvegsfræði, fjórir með BS-gráðu í líftækni, 63 með BS-gráðu í viðskiptafræði, og fimm með BS-gráðu í viðskiptafræði og sjávarútvegsfræði. Áttján brautskráðust með MRM-próf í haf- og strandsvæðastjórnun.

### Annað

Frá árinu 2018 hefur verið unnið að þróun nýrra námskeiða á meistarastigi við báðar deildir fræðasviðsins. Áherslan er á öflugt, þverfaglegt meistaranám sem sniðið er að þörfum hvers og eins, og að námskeið á framhaldsstigi gangi þvert á fræðasvið.

Ný námsbraut í meistaranámi í sjávarútvegsfræði var ekki kennd veturinn 2020/21, eins og áætlað var. Hins vegar var bætt við einu framhaldsnámskeiði í sjávarútvegsfræði og voru tvö kennd veturinn 2020/21. Nemendur frá Háskóla Íslands og Háskólasetri Vestfjarða sóttu þessi námskeið ásamt heima-stúdentum og komu þeir víða að úr heiminum.

Í annað sinn var boðið nám á meistarastigi um sjálfbæra

## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

nýtingu sjávarauðlinda, *MarBio*, í samstarfi Háskólans á Akureyri, Háskólans á Hólum, Göteborgs universitet í Svíþjóð, Nord universitet í Bodö í Noregi og University of New England í Bandaríkjunum.

Gott samstarf er um rannsóknir og kennslu við fyrirtæki í íslensku atvinnulífi og gefur það námi á sviðinu hagnýta vidd. Kennarar stunda öflugar rannsóknir í alþjóðlegu samhengi og í samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki. Það styrkir verulega grundvöll rannsóknartengds meistaranáms og doktorsnáms við fræðasviðið.

Á árinu var fylgt eftir ítarlegri stefnumótun fyrir sviðið og deildir þess sem unnin var á árinu 2017 sem hluti undirbúnings fyrir Stefnu Háskólans á Akureyri 2018 – 2023.

Heimsfaraldur Covid-19 hafði áhrif á starfsemi sviðsins allt frá því snemma á vormisseri og til ársloka. Allt bóklegt nám var fært á stafrænt form og samskipti kennara og stúdenta fóru sömuleiðis fram gegnum rafræna miðla. Námsmati var breytt eins og við önnur fræðasvið háskólans. Þegar fyrstu sóttvarnartakmarkanir tóku gildi á vormisseri höfðu stúdentar lokið námi á rannsóknarstofum. Það tókst að gera stúdentum í Auðlindadeild kleift að ljúka verklegu námi á haustmisseri, meðal annars með því að endurskipuleggja allt verklegt nám og dreifa því yfir allt misserið þannig að hægt var að taka inn minni hópa í einu. Þetta tókst í mjög góðri samvinnu deilda og með samráði við stúdenta. Skrifstofa Viðskipta- og raunvísindasviðs gegndi mikilvægu hlutverki við endurskipulagningu náms og samræmingu innan fræðasviðsins.

### Skiptinám

Erlendir skiptinemar til sviðsins voru 14 talsins, frá Slóveníu, Tékklandi, Póllandi, Svíþjóð, Bandaríkjunum, Spáni, og Þýskalandi. Sex stúdentar fóru til skiptináms við erlendar háskólastofnanir á vegum Erasmus, og í gegnum tvíhliða samninga, til Svíþjóðar, Noregs, Spánar, Bandaríkjanna og Japan. Frá Háskólastetri Vestfjarða fóru tveir stúdentar í skiptinám, til Noregs og Grænlands.

### Starfsfólk

Fastir kennarar viðskipta- og raunvísindasviðs voru 27 í rúmlega 24 stöðugildum, að meðtalinni prófessorstöðu sem sviðið deilir

með Náttúrufræðistofnun Íslands. Meðal kennara sviðsins eru níu prófessorar. Til viðbótar kemur staða forstöðumanns Sjávarútvegsmiðstöðvar HA og staða verkefnastjóra náms í tölvunarfræði. Á sviðsskrifstofu starfa skrifstofustjóri og verkefnastjóri.

### Stjórnýsla fræðasviðs

Stjórnskipulagi Viðskipta- og raunvísindasviðs er lýst í reglum nr. 864/2009 með síðari breytingum.

### AUÐLINDAEILD

Innan Auðlindadeildar eru tvær námsbrautir, *Líftækni* og *Sjávarútvegsfræðibraut*.

Lögð er áhersla á að auka þekkingu á auðlindum norðurlóða í víðum og þverfaglegum skilningi. Í starfi deildarinnar fara saman nám og rannsóknir í líftækni, sjávarútvegsfræði og öðrum náttúruvísindum samhliða áherslum á hagfræði, viðskiptafræði og stjórnun. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og styður sjálfbæra nýtingu auðlinda til verðmætasköpunar. Starfsemi deildarinnar á árinu 2020 var svipuð og undanfarin ár.

Í Auðlindadeild var boðið þriggja ára 180 ECTS eininga nám til BS-gráðu í sjávarútvegsfræði og líftækni. Einnig gátu stúdentar lokið 240 eininga námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum og brautskráðst með tvöfalda BS-gráðu, sem lengir námstímann um að lágmarki eitt ár.

Þá var einnig boðið upp á þriggja ára nám til BS-gráðu í viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði, í samstarfi við Viðskiptadeild.

Á framhaldsstigi var boðið 120 eininga einstaklingsmiðað, rannsóknartengt nám til MS-gráðu í auðlindafræðum með áherslu á annað hvort líftækni eða sjávarútvegsfræði. Námið er skipulagt til tveggja ára og geta meistaraverkefnið verið ýmist 60 eða 90 einingar. Námskeið eru tekin að hluta til við HA og að hluta til við aðra háskóla hér á landi eða erlendis. Tíu einingar hið minnsta af námskeiðshluta meistaranáms skulu vera námskeið í rannsóknaraðferðum. Stúdentar geta valið að taka lesnámskeið í samráði við aðalleiðbeinanda sinn og að fengnu samþykki meistaranámsnefndar. Meistaranámsnefnd Viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að námskrá standist ítrustu gæðakröfur.



## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Auðlindadeild býður nám í haf- og strandsvæðastjórnun til MRM-gráðu, *Master of Resource Management*, í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði. Um er að ræða 120 eininga meistaranám. Einnig er boðið 90 eininga diplómanám í sjávar- tengdri nýsköpun á meistarastigi. Við Háskólasetur Vestfjarða var enn fremur boðið 120 eininga meistaranám í sjávarbyggða- fræði til MA-gráðu, í samstarfi við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.

### Líftæknibraut

Markmið námsins er að veita stúdentum góðan þekkingar- grunn til að starfa í líftækniyrirtækjum og tengdum greinum og breiðan grunn til frekara náms. Nám í líftækni er samsett af ýmsum námskeiðum á sviði náttúruvísinda og auðlindalíftækni, ásamt viðskiptagreinum og greinum á Heilbrigðisvísindasviði (heilbrigðislíftækni). Lögð er rík áhersla á að kynna stúdentum líftæknilegar aðferðir til nýtingar auðlinda með nýstárlegum hætti og að koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Áhersla er einnig á umhverfis- og orkulíftækni. Á meðal áherslusviða í náminu má nefna:

- lífvirk efni
- efni með lyfjavirkni
- aukaefni í matvælum og efni sem styrkja ónæmiskerfið
- fæðubótarefni
- líftæknilega þætti fiskeldis hvað varðar heilbrigði og næringu/fóður
- niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna
- grunnrannsóknir á erfðaauðlindum íslenskrar náttúru.

Af sérnámskeiðum á sviði líftækni má nefna erfðafræði og sameindaerfðafræði, líftækni, lífefnafræði, ónæmisfræði, líftæknilega örverufræði, matvælafræði, gena- og gagnasöfn og gæðaframleiðsluferli.

### Sjávarútvegsfræðibraut

Markmið námsins er að veita stúdentum góðan þekkingar- grunn til að starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum og grunn til frekara náms. Námið veitir þverfaglega þekkingu sem nýtist sérstaklega vel til stjórnunarstarfa í ýmsum greinum sjávarútvegs og annarra framleiðslugreina, svo sem við veiðar, vinnslu og markaðssetningu sjávarafurða. Kennend eru undirstöðunámskeið raun- og viðskiptagreina. Í sérnámskeiðum

sjávarútvegsfræði er fjallað um vistkerfi sjávar og um veiðar og vinnslu sjávarafurða. Rík áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stoðgreinar hans, ekki síst í tengslum við lokaverkefni stúdenta.

Kennarar Viðskipta- og raunvísindasviðs sjá árlega um móttöku og kennslu fyrir nemendahóp Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna. Stúdentar koma víðs vegar að úr heiminum. Annars vegar er um að ræða grunnþjálfun í viðskiptafræði og markaðsfræði og hins vegar sérhæft nám um rekstur og markaðs- setningu sjávarútvegsfyrirtækja, þ.e. *A specialist course on Management of Fisheries Companies and Marketing*. Einnig hafa nokkrir stúdentar árlega unnið lokaverkefni sín undir handleiðslu sérfræðinga fræðasviðsins.

### VIÐSKIPTAEILD

Viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri er fræðilegt og hagnýtt nám þar sem stúdentar öðlast þekkingu á grunnatriðum viðskiptafræða og eru þjálfaðir í faglegum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, sem gerir þá hæfa til að beita viðurkenndum aðferðum við ákvarðanatöku, stjórnun og stefnumótun. Samhliða því eru stúdentar æfðir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast í framhaldsnámi og starfi. Í grunnnáminu öðlast stúdentar góða grunnþekkingu á viðskiptafræði. Starfsemi deildarinnar á árinu 2020 var með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Nám til BS-gráðu í viðskiptafræði er 180 ECTS einingar, skipulagt til þriggja ára. Þrjár námsleiðir voru í boði: Stjórnun og markaðsfræði, stjórnun og fjármál, og viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði, það síðastnefnda í samstarfi við Auðlindadeild. Stúdentar gátu einnig lokið tvöfaldri námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum til BS-gráðu eins og áður hefur komið fram.

### Stjórnun og markaðsfræði

Lögð er áhersla á að mennta fólk til stjórnunar- og markaðs- starfa. Fjallað er um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og stefnumótun. Einnig um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, almannatengsl og markaðsrannsóknir. Farið er yfir aðferðir til markaðsgreiningar sem og gerð markaðs- og kynningarátætlana, þjónustumælinga og almannatengslaherferða. Að auki eru kennd námskeið í vörubrúun og áætlanagerð.

## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

### Stjórnun og fjármál

Lögð er áhersla á að mennta fólk til almennra stjórnunarstarfa í fyrirtækjum og til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum. Meðal annars er fjallað um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun, stefnumótun, hagnýta stærðfræði, hagrannsóknir og þjóðhagfræði. Einnig er fjallað ítarlega um fjármálastjórnun, áhættustýringu og verðbréfalögfræði.

### Viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði

Námið samanstendur af þverfaglegum grunni viðskiptagreina og sérnámskeiða í sjávarútvegsfræði. Áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki og stofnanir í sjávarútvegi og stoðgreinum hans. Viðskiptafræðingar með sjávarútvegsfræði sem aukagrein hljóta menntun sem meðal annars nýtist vel til starfa í sjávarútvegsgreinum.

Meistaránám í viðskiptafræði til MS-gráðu er ýmist 90 eða 120 ECTS einingar. Námið er einstaklingsmiðað, rannsóknartengt og skipulagt til tveggja ára. Nemandi fylgir eigin námskrá sem sniðin er að þörfum hans og rannsóknarverkefninu. Meistaránámsnefnd viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að námskrá standist ítrustu gæðakröfur.

Til 90 eininga gráðu eru 60 einingar í námskeiðum og 30 eininga meistaraverkefni. Til 120 eininga gráðu eru 60 einingar í námskeiðum og 60 í meistaraverkefni. Tíu einingar hið minnsta af námskeiðshluta meistaránáms skulu vera námskeið í rannsóknaraðferðum. Önnur námskeið tekur nemandi við HA eða samstarfsháskóla, erlenda eða innlenda. Einnig er mögulegt að nemandi taki lesnámskeið í samráði við aðalleiðbeinanda sinn og að fengnu samþykki meistaránámsnefndar sviðsins.

### Rannsóknir

Kennarar Viðskipta- og raunvísindasviðs stunda öflugar rannsóknir í alþjóðlegu samhengi. Náið samstarf er við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki og vísindamenn vítt og breitt um heiminn, meðal annars undir merkjum Erasmus, Nordplus (Nobanet, EkoTekNord) og ESPON.

Innan Auðlindadeildar voru mörg rannsóknarverkefni tengd sjávarútvegi á árinu 2020. Sérfræðingar deildarinnar stunduðu rannsóknir á hafstraumum á norðurslóðum, á áhrifum plastmengunar í hafinu, á áhrifum fiskveiðistjórnunar og umhverfis á fiskistofna, á þróun auðlindarentu og þróun uppsjávarfiskiðnaðarins. Einnig voru stundaðar rannsóknir á sjávarlíftækni sem tengja saman námsbrautirnar tvær í Auðlindadeild, líftækni og sjávarútvegsfræði. Kennarar auðlindadeildar stunda einnig rannsóknir í öðrum geirum líftækni, svo sem umhverfislíftækni, visterðifræði, efnasmíðalíftækni og heilbrigðislíftækni.

Rannsóknarverkefni í Viðskiptadeild eru einnig mörg og fjölbreytt. Kennarar deildarinnar stunda til að mynda rannsóknir á alþjóðafjámálum, fjölskyldufyrirtækjum, fasteignamarkaði, byggðamálum, sjálfbærni, og á sveitastjórnarmálum, sem og á heilsu, líðan og starfstengdum viðhorfum á vinnustað. Tengsl milli Auðlindadeildar og Viðskiptadeildar eru til dæmis við rannsóknir á auðlindarentu og fleiri rannsóknir.

Kennarar Viðskipta- og raunvísindasviðs hafa verið virkir við birtingar og kynningar á niðurstöðum rannsókna sinna. Þrátt fyrir Covid-19 faraldurinn og tilheyrandi takmarkanir á ferðafrelsi hafa kennarar tekið þátt í ráðstefnuhaldi, að mestu leyti með rafrænum hætti.

Á árinu var unnið áfram að markvissri endurnýjun og uppfærslu tækja og búnaðar á rannsóknarstofnum Auðlindadeildar, sem orðið var mjög aðkallandi þar eð lítið svigrúm hefur verið til þess undanfarin ár.

Samstarf var um nám og rannsóknir við fjölda fyrirtækja og rannsóknarstofnana hérlendis. Má þar telja aðila sem eru til húsa á Borgum, svo sem Hafrannsóknarstofnun og Fiskistofu. Enn fremur var virkt samstarf við aðra íslenska og erlenda háskóla, svo sem Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum. Einnig við fjölda fyrirtækja, til dæmis Samherja hf., Norðurorku hf. og Landsvirkjun.

Formlegt samstarf er í gegnum samninga Háskólans á Akureyri við Náttúrufræðistofnun Íslands, BioPol ehf og Matís ohf.

## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

### Ný rannsóknarverkefni á árinu

Heiti verkefnis	Fjármögnun
<i>Cross border assignments, a handbook</i>	EEA/Norway cooperation program in higher education, Rannsóknasjóður HA
<i>Deep water exiting the Nordic Seas: a pacemaker of North Atlantic circulation</i>	Nordic Working Group for Oceans and Coastal Areas
<i>Erfðafræðileg úttekt á helstu birkiskógum á Íslandi</i>	
<i>Family Businesses and Research in Vietnam's Transition Economy: Where Are They on the Development Map?</i>	
<i>Fasteignamarkaður og foreldrar um land allt: Getur hátt fasteignaverð fælt barnafjölskyldur af landsbyggðinni eða haldið þeim frá?</i>	Byggðarannsóknasjóður
<i>Hymenobacter úr íslenskri túndru: vænleg uppspretta kuldavirkra ensíma?</i>	Rannsóknasjóður HA
<i>Icelandic Family Businesses and Research Avenues. NorValue: Bæredygtige værdikæder i nordiske kystsamfund</i>	Norræna ráðherranefndin
<i>Skapa fléttur valþrýsting fyrir þróun Pseudomonas syringae í vistgerðum Norðurlóða?</i>	Rannsóknasjóður Vísinda- og tækniráðs
<i>SME-Strategies for Social Sustainability in the Circumpolar North</i>	
<i>The Diffusion of Performance Measurement Systems in our Society</i>	Rannsóknasjóður HA
<i>The European Union and the Economic Consequences of Austerity</i>	Rannsóknasjóður HA
<i>Unlocking the Longevity of Family Firms: An Approach from Institutional Logics</i>	
<i>Upplausn á Alkyl 1,2-díólum og svipaðra efnasambanda</i>	Rannsóknasjóður HA
<i>Vaken – project</i>	Nordplus
<i>Visterfðamengjafræði rjúpunnar</i>	Rannsóknasjóður Vísinda- og tækniráðs
<i>Örplast í seti úr íslensku stöðuvatni</i>	Rannsóknasjóður HA
<i>Örveruhemjandi efni úr sambýlisörverum sjávarhryggleysingja við Kolbeinsey</i>	Rannsóknasjóður HA

### Nokkrar ráðstefnur sem starfsfólk Viðskipta- og raunvísindasviðs tók þátt í

Arctic Observing Summit

EGU General Assembly

FBAW: Family Business in the Arab World, Conference

Framtíð atvinnulífs á Norðurlandi vestra

Hvað er góð háskólakennsla?

NWLC-2020 (Nordic Working Life Conference)

Nordiska Kommunforskarkonferensen 2020

Psyringae2020

Ráðstefna Félags stjórnmalafraeðinga, Félagsfræðingafélags

Íslands og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála

The fourth conference of the Nordic Society Oikos

Þjóðarspegillinn, ráðstefna í félagsvísindum 2020

## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

### Rannsóknargreinar birtar í ritrýndum tímaritum og bókum

Tímarit/bók/ráðstefnurit	Titill
Applied Economics Letters	<a href="#">Cultural and geographical distance: effects on UK exports</a>
Applied Economics: Systematic Research	<a href="#">Interpersonal Relationships as Informal Governance Mechanism: Do Family Firms and Non-family Firms Practice Differently?</a>
Baltic Journal of Economic Studies	<a href="#">EU-Country and Non-EU-Country at the Time of Crisis: Foreign Direct Investment</a>
Baltic Journal of Economic Studies	<a href="#">UK Foreign Direct Investment in the OECD, Culture and Geography</a>
Canadian Journal of Microbiology	<a href="#">Gas seepage pockmark microbiomes suggest the presence of sedimentary coal seams in the Óxarfjörður graben of northeastern Iceland</a>
European Union and its law, policy, and economy: internal and external dimensions	<a href="#">Connecting in Europe: the different approaches of the Nordic and the Baltic countries to European integration and security.</a>
Extremophiles	<a href="#">Branched-chain amino acid catabolism of <i>Thermoanaerobacter pseudoethanolicus</i> reveals potential route to branched-chain alcohol formation</a>
Frontiers in Microbiology	<a href="#">The total and active bacterial community of the chlorolichen <i>Cetraria islandica</i> and its response to long-term warming in sub-Arctic tundra</a>
International Journal of Environmental Research and Public Health	<a href="#">Stressful Factors in the Working Environment, Lack of Adequate Sleep, and Musculoskeletal Pain among Nursing Unit Managers</a>
International Journal of Environmental Research and Public Health	<a href="#">Bullying and Harassment in Downsized Workplaces: What Can We Learn from the 2008 Icelandic Economic Collapse?</a>
International Journal of Workplace Health Management	International Journal of Workplace Health Management: Threats and physical violence in female-dominated workplaces in the time of an economic crisis.
JGR Oceansw	Along Stream, Seasonal, and Interannual Variability of the North Icelandic Irminger Current and East Icelandic Current Around Iceland
Journal of Applied Management and Investments	<a href="#">The dangers of banking interconnectedness during times of crisis. The Nordic-Baltic case in 2008/09.</a>
Journal of Environmental Economics and Policy	<a href="#">Willingness to pay for mangrove preservation in Xuan Thuy National Park, Vietnam: do household knowledge and interest play a role?</a>
Microorganisms	<a href="#">Biotransformation of Carboxylic Acids to Alcohols: Characterization of <i>Thermoanaerobacter</i> Strain AK152 and 1-Propanol Production via Propionate Reduction</a>
Netla	<a href="#">Líðan í lok vinnudags – um starfsaðstæður leik- og grunnskólakennara</a>
Netla	<a href="#">Líðan leikskólakennara og leiðbeinenda í leikskólum í kjölfar efnahagshrunsins</a>
Physiological and Biotechnological Aspects of Extremophiles	<a href="#">Chapter 14 - Thermostable <i>Thermoanaerobacter</i> alcohol dehydrogenases and their use in organic synthesis</a>
Proceedings of the National Academy of Sciences	<a href="#">Attuning to a changing ocean   PNAS</a>
Regional Formation and Development Studies	<a href="#">Governance Practices and Longevity of Japanese Family Firms. An Institutional Review and Future Research</a>
Review of International Comparative Management	<a href="#">Understanding “Guanxi” in the Asian Business Context</a>
Scandinavian Journal of Caring Sciences	<a href="#">Pregnancy complications, sick leave and service needs of women who experience perinatal distress, weak social support and dissatisfaction in their partner relationships</a>
The Review of European Affairs	<a href="#">Bringing Ukraine Back on Track.</a>
Tímarit hjúkrunarfræðinga	<a href="#">Starfsánægja hjúkrunarfræðinga og viðhorf til þjónandi forystu í fari yfirmanna á umbreytingartímum í heilbrigðisþjónustu</a>
Tímarit um viðskipti og efnahagsmál	<a href="#">Velliðan á vinnustað; helgun, starfsánægja og löngun til að hætta í starfi</a>
VINE Journal of Information and Knowledge Management Systems	<a href="#">The outsourcing practice among small knowledge-intensive service firms</a>

# TÖLVUNARFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Boðið er nám í tölvunarfræði við Háskólinn á Akureyri í samstarfi við Háskólann í Reykjavík – HR.

Stúdentar eru innritaðir við HR, sem ber ábyrgð á náminu, og þeir brautskrást frá Háskólanum í Reykjavík.

Nám og námsmat fer fram í Háskólanum á Akureyri. Námið er með sveigjanlegu formi og stúdentar mæta vikulega í verkefnatíma í HA. Háskólinn á Akureyri leggur til vinnuáðstöðu, leiðsögn með náminu og kennslu í verkefnatímum.


Um er að ræða nám í tölvunarfræði til BSc gráðu og voru þrjár námslínur:

- Tölvunarfræði – almenn, 180 ECTS einingar. Námið er skipulagt til þriggja ára.
- Tölvunarfræði með viðskiptafræði sem aukagrein, 180 einingar. Námið er skipulagt til þriggja ára. Það skiptist í 120 einingar í tölvunarfræði og 60 einingar í viðskiptagreinum. Viðskiptanámskeiðin eru tekin við Viðskipta- og raunvísindasvið HA.
- Tölvunarfræði – almenn, 120 einingar. Námið er skipulagt til tveggja ára. Skilyrði er að Háskólinn í Reykjavík hafi metið inn 60 einingar úr fyrra heildstæðu háskólanámi.

Einnig er boðið 120 ECTS eininga diplómanám í tölvunarfræði sem skipulagt er til tveggja ára.

Á vormisseri 2020 brautskráðust átta stúdentar með BSc-gráðu í tölvunarfræðináminu við HA. Þar af voru þrír með viðskiptafræðiáherslu. Á haustmisseri voru alls um 50 stúdentar í tölvunarfræðináminu.

Verkefnastjóri tölvunarfræði í Háskólanum á Akureyri er Ólafur Jónsson.





# MIÐSTÖÐ DOKTORSNÁMS

Hlutverk Miðstöðvar doktorsnáms að fara með málefni doktorsnáms við háskólann og að efla rannsóknir við skólann. Í umsjón með doktorsnámi felst allur ferill doktorsnema frá umsóknarferli til mats á doktorsverkefni og skipulagningu doktorsvarnar. Miðstöð doktorsnáms heldur einnig utan um námsferilsskrá fyrir hvern doktorsnema, framvinduskýrslur og niðurstöður áfangamats.

Doktorsnámsráð, sem er stjórn Miðstöðvar doktorsnáms, ber samkvæmt reglum um doktorsnám og doktorspróf við HA nr. 701/2018 akademíska ábyrgð á öllu doktorsnámi við háskólann enda tekur ráðið allar helstu ákvarðanir sem varða námsferil doktorsnema. Doktorsnámsráð tekur til dæmis ákvörðun um að samþykkja doktorsnema í nám, skipar leiðbeinendur og að lokum einnig andmælendur.

Það er á ábyrgð Miðstöðvar doktorsnáms og doktorsnámsráðs að gæði námsins séu samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður og að doktorsnámið falli að heildarhlutverki háskólans sem fræðastofnunar í þágu samfélagsins. Til þess að efla þekkingu og færni leiðbeinenda doktorsnema stendur Miðstöð doktorsnáms fyrir sérhönnuðum námskeiðum ætluðum leiðbeinendum en þeim var frestað á árinu 2020 vegna heimsfaraldursins.

Við lok árs 2020 voru samtals sjö doktorsnemar skráðir við Háskólann á Akureyri, þrír í félagsvísindum, þrír í heilbrigðisvísindum og einn í auðlindavísindum. Fyrirhugað er að fyrstu doktorsnemarnir brautskráist 2023.

Miðstöð doktorsnáms gegnir einnig hlutverki miðlægrar stjórn-sýslu rannsókna við háskólann. Það felur í sér að framkvæma grunnmat vegna umsókna akademíks starfsfólks háskólans um framgang í starfi. Einnig samskipti við dómnefnd háskólans, sem og við umsækjendur um akademískar stöður sem auglýstar eru. Enn fremur falla undir stjórn-sýslu rannsókna umsjón með rannsóknarmissemur akademíks starfsfólks og ýmis samskipti vegna úthlutunar úr vinnumatssjóði. Þá heldur stjórn-sýsla rannsókna utan um rannsóknarstig og sér um samskipti við akademíska starfsmenn vegna mats á stigum og úrvinnslu.

Á árinu 2020 hélt Miðstöð doktorsnáms utan um þátttöku Háskólans á Akureyri í innleiðingu miðlægs upplýsingakerfis

um íslenskar rannsóknir, *Íris*, sem verður tekið í notkun á árinu 2021. Báðir starfsmenn Miðstöðvar doktorsnáms áttu sæti í stýrihóp verkefnisins á landsvísu.

Á haustmisseri fór fram sjálfsmat doktorsnáms sem hluti af QEF2-mati háskólans og undirbúningur fyrir ytri gæðaúttekt á starfi skólans. Rektor skipaði sjálfsmatsnefnd doktorsnáms og í henni voru Guðmundur Heiðar Frímansson prófessor, fulltrúi doktorsnámsráðs, Lara Wilhelmine Hoffmann doktorsnemi, fulltrúi doktorsnema, Lars Gunnar Lundsten forstöðumaður, formaður sjálfsmatsnefndar, Sigríður Halldórsdóttir prófessor, fulltrúi leiðbeinenda, og Soili Nystén-Haarala, prófessor og sviðsforseti lagasviðs við University of Lapland (erlendur sérfræðingur).

## Doktorsnámsráð var þannig skipað við lok árs 2020:

- Grétar Þór Eyþórsson prófessor, fulltrúi Viðskipta- og raunvísindasviðs, til vara Steingrímur Jónsson prófessor
- Guðmundur Heiðar Frímansson prófessor, fulltrúi Hug- og félags- vísindasviðs, til vara Anna Ólafsdóttir dósent
- Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar HA, fulltrúi Háskóla- og vísindisstofu, til vara Hilmar Janusson, forstjóri Genís
- Karen Birna Þorvaldsdóttir doktorsnemi, til vara Hulda Sædís Bryngeldsdóttir doktorsnemi
- Lars Gunnar Lundsten, forstöðumaður Miðstöðvar doktorsnáms, formaður, til vara Stefán B. Sigurðsson, prófessor emeritus
- Sigríður Halldórsdóttir prófessor, fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs, til vara Árun K. Sigurðardóttir prófessor.

Tvö stöðugildi eru við Miðstöð doktorsnáms. Forstöðumaður er Lars Gunnar Lundsten og Sif Jónsdóttir er verkefnastjóri doktorsnáms og stjórn-sýslu rannsókna. Stefán B. Sigurðsson, prófessor emeritus, starfar sem ráðgjafi Miðstöðvar doktorsnáms.

Miðstöð doktorsnáms heyrir undir Rektorsskrifstofu.

# RANNSÓKNIR VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Í framtíðarsýn stefnu Háskólans á Akureyri 2018 – 2023 er skólinn ein helsta mennta- og rannsóknastofnun landsins. Háskólinn er virkur og virtur þátttakandi í íslensku og alþjóðlegu fræðasamfélagi ásamt því að vinna með atvinnulífínu að nýsköpun og eflingu frumkvöðlahugsunar í nærsamfélaginu.

Markmið háskólans í rannsóknum og nýsköpun eru eftirfarandi:

- Efling rannsókna
- Doktorsnám á öllum fræðasviðum
- Aukin sókn í samkeppnisjóði
- Aukin þátttaka skólans og nemenda hans í nýsköpun.

Samkvæmt reglum nr. 928/2018 um starfsskyldur kennara við Háskólann á Akureyri skiptist vinnuskylda kennara í kennslu, rannsóknir og stjórnun í ákveðnum hlutföllum eftir starfsheiti og starfshlutfalli. Kennarar hafa akademískt frelsi til að velja viðfangsefni og aðferðir í rannsóknum á sínu sviði sem skilgreint er af viðkomandi fræðasviði. Niðurstöður rannsókna skal kynna á vísindalegum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur og einnig skulu þær kynntar almenningi.

Rannsóknir eru almennt 40% af starfi prófessora, dósentna og lektora.

Rannsóknarskylda dósentna og lektora í minna en hálfri stöðu er 23% og aðjúnkt í meira en hálfri stöðu hefur almennt 31% rannsóknarskyldu.

Háskólinn á Akureyri stuðlar að rannsóknum kennara á ýmsan hátt; með góðri vinnuástöðu og stoðþjónustu, með rannsóknarmisserum og með styrkveitingum úr Rannsóknarsjóði HA.

Háskólinn leggur áherslu á samþættingu kennslu og rannsókna fyrir nemendur sína á öllum námsstigum. Skólinn hefur um árabíl boðið rannsóknartengt meistaranám og frá hausti 2019 er boðið doktorsnám við HA.

[Á vef háskólans má lesa um einstök rannsóknarverkefni](#)

[Á vefnum eru einnig birtar lykiltölur rannsókna](#)

Miðlæg stjórnýsla rannsókna við Háskólann á Akureyri hefur yfirsýn yfir rannsóknir akademísku starfsfólks. Stjórnýsla rannsókna er hjá Miðstöð doktorsnáms við HA.

Árlega eru teknar saman upplýsingar um rannsóknarvirkni á undangengnu ári. Vísindaráð HA hefur eftirlit með rannsóknarvirkni og er ráðgefandi aðili fyrir háskólaráð.

Rannsóknarvirkni er meðal annars mæld í fjölda birtinga ritrýndra greina og bókarkafla. Rannsóknarvirkni er líka metin í rannsóknarstigum sem endurspeglar bæði birtingar og aðra þætti, svo sem þátttöku í ráðstefnum, útgáfu ritrýndra bóka og fleira.

Nokkuð dró úr rannsóknarvirkni við HA frá árinu áður. Undantekning er þó fjöldi birtinga í ritrýndum tímaritum og bókum sem gefa aflstig, þ.e. alþjóðlega viðurkenndum bókum og tímaritum.

Þetta endurspeglar kringumstæður vegna Covid-19 faraldursins. Þátttaka í ráðstefnum dróst mjög mikið saman og í mörgum tilvikum var erfitt að halda uppi alþjóðlegu samstarfi vegna mismunandi aðstæðna í hverju landi. Fjölgun aflstiga er merki um að starfsfólk hafi dýpkað rannsóknir sínar og nýtt þannig möguleika sem ástandið bauð upp á.

## Birtar greinar og bókarkafar í ritrýndum tímaritum og bókum

	2020	2019
Fjöldi birtra greina og bókarkafla í ritrýndum tímaritum og bókum	160	177
Fjöldi birtinga í ritrýndum tímaritum og bókum sem gefa aflstig	160	154
Fjöldi birtinga í ISI- tímaritum	92	111



## Heildarfjöldi rannsóknastiga við háskólann

2020	2019
2.414	3.007




## RANNSÓKNIR VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

### Þróun rannsóknastiga við HA frá 2010 – 2020



### Meðaltal rannsókna á stöðugildi eftir fræðasviðum 2010 – 2020




## FJÁRMÁL OG GREINING

Fjármál og greining annast helstu sameiginleg verkefni háskólans á sviði fjármála. Má þar nefna gerð fjárhagsáætlana til lengri og skemmri tíma, vinnslu bókhalds og launa, greiningu og vinnslu lykiltalna, miðlun fjárhagslegra og tölulegra upplýsinga og eftirlit, þ.m.t. vegna rannsóknarverkefna. Einnig ráðgjöf um fjárhagsleg málefni háskólans.

Á árinu 2020 var starfsemi Fjármála og greiningar með hefðbundnu sniði. Harpa Halldórsdóttir er forstöðumaður Fjármála og greiningar.


**Eftirfarandi eru lykiltölur sem lúta að starfsfólki Háskólans á Akureyri**

Fjöldi starfsfólks eftir kyni miðað við 1. desember ár hvert - án stundakennara




## FJÁRMÁL OG GREINING

Akademískt starfsfólk og aðjúnktar eftir starfsheimum miðað við 1. desember ár hvert



Menntunarstig akademísks starfsfólks og aðjúnkta, aðjúnktar, lektorar, dósentar og próffessorar



Fleiri lykiltölur eru aðgengilegar á vef háskólans.

## MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Árið 2020 var um margt óvanalegt vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Ýmsum viðburðum var aflýst, frestað, eða þeir færðir á stafrænan vettvang. Við daglegt starf bættist upplýsingagjöf til starfsfólks og stúdenta vegna faraldursins. Einnig var tekið til rafrænnar miðlunar við alla kynningu á námsleiðum háskólans.

### Námskynningar

Kynningarfulltrúi Stúdentafélags Háskólans á Akureyri tekur að jafnaði þátt í undirbúningi og framkvæmd námskynninga. Árið 2020 sinntu þær Karen Jónsdóttir og síðan Agnes Ögmundsdóttir þessu hlutverki. Þannig var það verkefni Karenar að taka þátt í skipulagi Háskóladagsins í Reykjavík, sem haldinn var þann 29. febrúar, ásamt Sigrúnu Vésteinsdóttur, sem stýrði undirbúningnum fyrir HA. Um 30 fulltrúar frá HA tóku þátt í Háskóladeginum, bæði stúdentar og starfsfólk. Kynning skólans fór fram á neðri hæð Háskólatorgs. Fjöldi fólks kynnti sér námsframboð HA. Margir gestir spjölluðu við stúdenta úr öllum námsgreinum og starfsfólk af öllum fræðasviðum sem og frá stoðþjónustu háskólans.

Í stað kynningarbæklinga dreifðu fulltrúar HA svonefndum námshyrnum. Með námshyrnunum geta nemendur velt fyrir sér styrkleikum sínum til að auðvelda sér námsvalið.

Þá komu fjarkennsluvélmenni háskólans að góðu gagni. Starfsfólk og stúdentar sem ekki komust á kynninguna vegna röskunar á flugi gátu tekið þátt í gegnum fjærveru og spjallað við gesti.

Þetta var í 16. skipti sem Háskóladagurinn var haldinn í Reykjavík. Til stóð að halda Háskóladaginn aftur á Akureyri 7. mars og hefði það verið í fyrsta skipti, en af því varð ekki. Í kjölfarið var ákveðið að bjóða upp á rafrænar námskynningar fyrir allar námsleiðir í grunnnámi í apríl og maí.

Fóru kynningarnar fram með gagnvirkum hætti í gegnum Zoom Webinar þar sem þátttakendur gátu spurt spurninga í gegnum sérstakt spurningabox. Kynningarnar voru auglýstar á Facebook en þær voru einnig teknar upp og settar á YouTube rás háskólans.

### Viðburðir


Háskólaráð ákvað í ljósi aðstæðna að halda ekki hefðbundna Háskólahátíð heldur yrði leitað annarra leiða til að brautskrá kandidata. Óvenjuleg Háskólahátíð fór fram laugardaginn 13. júní.

Þennan dag var sýndur þáttur á sjónvarpsstöðinni N4. Þátturinn var í formi dagskrár sem sérstaklega var sniðin að kandidatahópnum. Í stað ávarps kandidats var kallað eftir myndbandskveðjum frá kandidötum fyrir brautskráningu og þær klipptar saman fyrir þáttinn. Stefán Elí Hauksson flutti frumsamið lag sitt og Amelía Ósk Hjálmarsdóttir, kandidat í sjávarútvegsfræði, og Ágústa Skúladóttir, kandidat í viðskiptafræði, fluttu sitt lagið hver.



Fv. Sólveig María Árnadóttir, verkefnastjóri í afleysingum, Kristjana Hákonardóttir, verkefnastjóri og vefstjóri og Katrín Árnadóttir, forstöðumaður Markaðs- og kynningarmála

## MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL



Hyrnan - Hvað höfðar til þín? Var dreift í stað kynningarbæklings á Háskólageginum í Reykjavík.

Leikarinn og tónlistarmaðurinn Helgi Björnsson var heiðursgestur. Hann hvatti stúdenta til að vera þau sjálf og skapa sér tækifæri, og minnti á mikilvægi þess að fylgja hjartanu og njóta lífsins.

Sérstakur hópur stúdenta kom að undirbúningi dagskrárinnar og var hann með í ráðum við allt skipulag.

Markmiðið var að gera daginn eins hátíðlegan og ef um hefðbundna Háskólahátíð hefði verið að ræða. Upptökur á þættinum fóru fram á háskólasvæðinu dagana fyrir brautskráningu og lauk þeim að kvöldi 12. júní. Á hátíðardaginn sjálfan voru kandídatar hvattir til virkrar þátttöku á samfélagsmiðlum með því að nota myllumerkið *háskólahátíð*.

Starfsfólk Markaðs- og kynningarmála hafði yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd Háskólahátíðar. Kandídatar fengu prófskírteini sín send með pósti að þessu sinni.

Í ágúst sendi háskólinn væntanlegum stúdentum heim skóladagbók, kort og karamellur sem nýnemagjöf.

Nýnemadagar í lok ágúst fóru fram með rafrænum hætti. Ávarp rektors var í beinni útsendingu frá myndveri Kennslumiðstöðvar og síðan tók við kynningarmyndband fyrir nýnema þar sem aðstaðan í HA var kynnt. Að því loknu hófust rafrænir fundir fyrir hverja námsleið. Nýnema voru hvattir til að notfæra sér raf-

rænar leiðir til að kynnast skólanum, nýta sér netspjall og taka þátt í rafrænum viðburðum sem Stúdentafélag HA skipulagði. Sara Atladóttir, nýnemi í iðjuþjálfunarfræði, hringdi Íslandsklukkunni 20 slög. Þar með var skólaárið hringt inn, og var hringingunni streymt í gegnum Facebook.

Þátttaka stúdenta í rafrænu kynningunni var góð og ætlað er að fleiri hafi nýtt sér hana en venjulega nýnemadaga.

Árlegir Opnir dagar féllu niður. Í staðinn var ákveðið að bjóða upp á kynningar í gegnum nýtt verkefni sem nefnist *HA vinur*. Áhugasamir geta óskað eftir HA vini og þannig komist í samband við stúdent við háskólann sem getur deilt sinni persónulegu reynslu af náminu. Umsókn um HA vin er eins konar skráningarform þar sem umsækjandi er beðinn um grunnupplýsingar, til dæmis hvaða námi hann hefur einna helst áhuga á, á hvaða aldri hann er og hvernig hann vill vera í sambandi við HA vininn. Síðan er umsækjandi paraður saman við valinn stúdent eða starfsmann háskólans, eftir því sem við á. Sá setur sig í samband við umsækjanda í gegnum Messenger, í síma, með tölvupósti, á rafrænum fundi eða eftir öðrum leiðum.

Einnig er í boði að vinahópar taki sig saman og fái sér námskynningu.

## MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Íslandsklukkunni var aftur hringt á fullveldisdaginn 1. desember. Agnes Guðmundsdóttir kynningarfulltrúi hringdi 20 slög. Starfsfólki og gestum var heimilt að vera á staðnum en halda þurfti tveggja metra fjarlægðarmörk.

Hringingin fór fram í streymi og var drónamyndavél notuð við þetta tækifæri. Í tilefni dagsins, sem helgaður er stúdentum, skrifaði Steinunn Alda Gunnarsdóttir, formaður Stúdentafélags HA, hugvekju sem birtist á vef HA og í fjölmiðlum.

### Almannatengsl og áherslan á rannsóknir

Sú skipulagsbreyting var gerð haustið 2020 að starfseiningin Markaðs- og kynningarmál var færð undir Rectorsskrifstofu og

um leið ákveðið leggja aukna áherslu á almannatengsl sem og kynningu á rannsóknum við Háskólann á Akureyri.

Við Markaðs- og kynningarmál starfaði Birna Heiðarsdóttir í fæðingarorlofi Kristjönu Hákonardóttur, verkefnastjóra og vefstjóra. Sólveig María Árnadóttir hóf störf sem verkefnastjóri við Markaðs- og kynningarmál í mars. Sigrún Vésteinsdóttir var ráðin til að sinna afmörkuðum verkefnum og einnig tók Karen Jónsdóttir, kynningarfulltrúi Stúdentafélags HA, þátt í undirbúningi Háskóladagsins.

Katrín Árnadóttir var forstöðumaður Markaðs- og kynningarmála. Hún var í leyfi á vormisseri.



Nýnemi hringir inn skólaárið. Fv. Steinunn Alda Gunnarsdóttir, formaður SHA, Almar Knörr Hjaltason, varaformaður SHA, Sara Atladóttir, nýnemi í iðjuþjálfunarfræði og hringjari, og Eyjólfur Guðmundsson rektor.

Sólveig María Árnadóttir sá um rafrænar námskynningar í myndveri KHA.

## MIÐSTÖÐ ALÞJÓÐASAMSKIPTA

---

Í lok árs 2018 var Miðstöð alþjóðasamskipta við HA stofnuð og heyrir miðstöðin undir Rektorsskrifstofu. Rúnar Gunnarsson gegnir þar stöðu verkefnastjóra alþjóðamála og Gunnar Már Gunnarsson er í hálfu starfi sem verkefnastjóri í málefnum norðurslóða (Northern Ersearch Forum - NRF).

Verkefnastjóri alþjóðamála hefur umsjón með stúdenta-, kennara- og starfsmannaskiptum, ásamt öðrum verkefnum sem tengjast alþjóðlegu samstarfi.

Á árinu 2020 voru alls 56 erlendir skiptinemar skráðir í HA, bæði í venjulegt skiptinám og í verknám, en það er fækkun um 14 nemendur milli ára. Helsta skýringin á fækkun þetta árið er heimsfaraldur Covid-19. Nemendurnir komu frá eftirtöldum löndum: Austurríki, Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Frönsku Gíneu, Lettlandi, Portúgal, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi.

Alls stunduðu 18 stúdentar frá HA skiptinám eða verknám erlendis í eftirtöldum löndum: Bandaríkjunum, Finnlandi, Danmörku, Grænlandi, Japan, Noregi, Spáni og Svíþjóð.

Auk þess tóku stúdentar og kennarar þátt í samstarfsverkefnum í formi örnámskeiða innan Nordplus sem yfirleitt vara í um það bil viku. Um tuttugu kennarar og starfsmenn stoðþjónustu HA stefndu að því að fara utan í kennara- eða starfsmannaskiptum í gegnum Erasmus eða Nordplus. Því miður setti Covid-19 strík í reikninginn og margir þurftu að hætta við eða fresta för. HA tók ekki á móti mörgum erlendum gestum árið 2020 vegna faraldursins.

Árið var mjög óvenjulegt og setti heimsfaraldurinn Covid-19 ýmis plön úr skorðum hjá Miðstöð alþjóðasamskipta. Sumir erlendir skiptinemar þurftu frá að hverfa til síns heima strax í mars og nokkrir íslenskir skiptinemar komu heim fyrr en áætlað var.

Samstarfsskólar HA í gegnum samninga og samstarfsnet fyrir stúdenta- og kennaraskipti eru um 200 talsins. Samstarf þetta er unnið í gegnum eftirfarandi skiptiáætlanir: Erasmus+, Nordplus, North2North og einnig tvíhliða samninga. Ný áætlun er framundan hjá Erasmus+ og eru spennandi nýjungar sem verða kynntar þar, til dæmis styttri námsdvöl eða svokallað „blended mobility“.

Unnið er að því auka fjölda skiptinema frá HA og hafa verið haldnir sérstakir fundir og kynningar fyrir stúdenta sem hafa áhuga á að fara í skiptinám eða framhaldsnám. Sem dæmi má nefna kynningar Fulbright-stofnunarinnar á Íslandi (Fulbright-styrkir), kynningar frá erlendum sendiráðum á Íslandi og kynningar á sumarnámskeiðum og möguleikum til skiptináms.





# RANNSÓKNAPING NORÐURSINS, NORTHERN RESEARCH FORUM – NRF



Markmið NRF er að skapa vettvang fyrir umræður um málefni norðurslóða og að auka samvinnu vísindamanna og hagsmunaaðila á norðurslóðum. Meðal helstu verkefna NRF eru að:

- Styðja vísindafélaga NRF í sínum verkefnum
- Hafa umsjón með tví- og margliða samningum HA sem snúa að samstarfi um norðurslóðamálefni, þar með talin er Nansen-prófessorstaða við Háskólann á Akureyri
- Veita þeim vísindafélögum NRF stuðning sem taka þátt í starfi vinnuhópa Norðurskautsráðsins
- Undirbúa styrkumsóknir
- Styðja við þátttöku HA í Hringborði Norðurslóða (Arctic Circle Assembly)
- Styðja við þátttöku HA í Háskóla Norðurslóða (University of the Arctic).

## NRF og formenska Íslands í Norðurskautsráðinu

NRF hefur með virkum þætti komið að formensku Íslands í Norðurskautsráðinu. Það var staðfest á árinu með veglegum þjónustusamningi utanríkisráðuneytis Íslands við Háskólann á Akureyri, um fjármögnun norðurslóðasamstarfs og sérfræðivinnu háskólasamfélagsins á Akureyri árin 2020 og 2021, á meðan Ísland gegnir formensku í Norðurskautsráðinu.

Þau verkefni sem voru styrkt á árinu voru eftirtalin:

- Stutt var við þátttöku Emblu Eirar Oddsdóttur og Eyðísar Kr. Sveinbjarnardóttur í *SDWG* vinnuhópi Norðurskautsráðsins, en þær leiddu tvo sérfræðingahópa ráðsins undir merkjum *SDWG*. Einkum var veittur stuðningur vegna gerðar stöðuskýrslu *SDWG* um Covid-19 á norðurslóðum, en skýrslan var unnin að beiðni embættismannanefndar Norðurskautsráðsins.
- Hafinn var undirbúningur fyrir vefræna gátt fyrir rafrænar ráðstefnur og erindi um málefni norðurslóða. Það er liður í stafrænni sókn sem á að efla þátttöku HA og annarra stofnana á Akureyri í alþjóðlegu samstarfi og samtali.
- Haldinn var fundur fyrir sameiginlega heimsókn starfshóps utanríkisráðuneytisins um efnahagstækifæri á norðurslóðum og þingmannanefndar um endurskoðun á stefnu Íslands í málefnum norðurslóða. Hóparnir tveir áttu þar kost á að eiga í samtali við forsvarsmenn helstu stofnana og fyrirtækja á svæðinu sem starfa á einn eða annan hátt með málefni norðurslóða. Mikilvægi HA og norðurslóðastarfsins á Akureyri var enda viðurkennt í skýrslum/tillögum beggja hópa, sjá [hér](#) og [hér](#).  
Hafin var vinna við setja saman rit um norðurslóðastefnu Íslands og framkvæmd hennar síðustu tíu ára. Ritnefnd var stillt upp sem og höfundahópi.
- Stuðningur var veittur formenskukerkefninu *Gender Equality*

*in the Arctic*, en hér var einkum horft til þess að auka framlag fræðafólks frá HA.

- Undirbúningur og framkvæmd á vinnustofunni *Model Arctic Council 2021*, sem var haldin á netinu fyrir háskólanema frá norðurslóðaríkjunum átta í tengslum við Vísindaviku norðurslóða. NRF hélt utan um þá vinnu í samstarfi við sérlegan vinnuhóp innan Háskóla norðurslóða, og með aðkomu utanríkisráðuneytis Íslands.

• **Ráðstefnurit** gefið út í tengslum við Vísindaviku norðurslóða. Að lokum má nefna að verkefnastjóri NRF tók þátt í reglulegum fundum sérfræðinga sem boðaðir voru af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þeir voru haldnir til að styðja við undirbúning Íslands á ráðherrafundi um vísindi norðurslóða, sem halda átti haustið 2020 en var frestað til 2021 (Arctic Science Ministerial 3 – AMS3). Um er að ræða samstarf Íslands og Japan. Covid-19 faraldurinn hafði margvísleg áhrif á starfsemi NRF.

Ráðstefnunni *Hringborð norðurslóða, Arctic Circle*, var aflýst. Einnig frestaðist undirbúningur vísinda- og framkvæmdaþings Háskóla norðurslóða, *UArctic Congress 2021*.

## Önnur verkefni

Northern Research Forum er samstarfsaðili í áhersluverkefni Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra – *SSNE, Norðurland og norðurslóðir*, sem Norðurslóðanet Íslands leiðir.

NRF stýrir verkefninu *Agents for the New North* sem Norræna ráðherranefndin styrkti á árinu. Framkvæmd verkefnisins frestast til 2021 vegna Covid-19.

NRF hélt áfram samstarfi sínu við sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi en ráðgert er að taka á móti tveimur gestafræðimönnum árið 2021. Undirbúningsfundir voru haldnir á árinu af því tilefni.

## Nansen – prófessorstaða við Háskólann á Akureyri

Dr. Gunnar Rekvig var ráðinn í stöðu Nansen-prófessors síðla árs 2019. Nansensstaðan er gestaprófessorstaða í heimskautafræðum við Háskólann á Akureyri. Gunnar Rekvig starfar jafnframt við Háskólann í Tromsø sem dósent í alþjóðastjórnámálum, með áherslu á norðurslóðir og Rússland. Til stóð að Gunnar kæmi í reglulegar vinnuferðir til Íslands en aðeins varð af einni ferð í upphafi árs sökum heimsfaraldursins.

Samningar náðust við utanríkisráðuneyti Íslands og Noregs um að framlengja samning um Nansensstöðuna út árið 2021 og samþykkt var vinnuáætlun fyrir það starfsár.

Verkefnastjóri Northern Research Forum var Gunnar Már Gunnarsson.

## NÁM OG STÚDENTAR

Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á að bjóða nám með sveigjanlegu námsformi fyrir stúdenta í grunnnámi. Virkt og faglegt námssamfélag er þungamiðjan í sveigjanlegu námi við HA. Til að styðja við námssamfélagið er áherslan á sveigjanleika, samskipti í kennslu og námi, og tæknilausnir í námi. Sveigjanlegt nám er stúdentamiðað nám án kröfu um daglega viðveru á háskólasvæðinu á Akureyri. Stúdentar geta stundað námið óháð búsetu þar sem verkefni og verkefnaskil eru rafræn. Samskipti í sveigjanlegu námi eiga sér stað með margvíslegum hætti. Það eru samskipti í rauntíma með viðveru í skólanum eða í gegnum svonefndar fjærverur (Telepresence Robots), með notkun hinna ýmsu samskiptaforrita í rauntíma eða óháð tíma, með netpósti eða einfaldlega í gegnum síma.

Námsefni getur verið á ýmsu formi, til dæmis upptökur af fyrirlestur, texti, rafrætur og hlaðvörp. Efnið er aðgengilegt fyrir stúdenta í kennsluferfi háskólans. Í sveigjanlegu námi við HA er notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og til dæmis samvinnunám, vendikennslu og blandað nám. Einnig er notast við fjölbreytt námsmat, til dæmis hópaverkefni og próf, símat og leiðsagnarmat.

Kennslulotur, eru haldnar reglulega yfir skólaárið en þær eru ólíkar milli námsleiða, ein, tvær eða þrjár lotur á misseri. Námskeið eru mismunandi og geta lotur því staðið í tvo til fimm daga í senn. Kennslulotur eru vettvangur til þess að stuðla að og styðja við námssamfélag háskólans, þar sem stúdentar og kennarar vinna saman. Í lotum eru verkefni og umræður í forgrunni. Þess er krafist af stúdentum að þeir mæti í kennslulotur og séu virkir þátttakendur meðan á þeim stendur. Í ákveðnum aðstæðum, eins og til dæmis ef ófærð hamlar, geta stúdentar í samráði við kennara tekið þátt í lotum í gegnum fjærverur.

Próf í sveigjanlegu námi er hægt að taka við Háskólann á Akureyri, í símenntunar- og fræðslumiðstöðvum um allt land eða í viðurkenndum háskólastofnunum eða sendiráðum erlendis. Sveigjanlegt nám er í boði fyrir allt grunnnám í háskólanum en það er ólíkt milli námsleiða.

Sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri er í sífelldri þróun og endurskoðun. Stuðst er við kennslufræði sem hentar hverju

sinni og leitast við að nota þá tækni sem virkar á hverjum tíma til að styðja við kennslufræðina og gæði náms.

Umfram allt er sveigjanlegt nám mótað eftir þörfum námsamfélagsins við Háskólann á Akureyri.

Covid-19 heimsfaraldurinn setti mark sitt á nám og námsmat við háskólann árið 2020.

Þar sem áherslan er á sveigjanlegt námsform var mikið af námsframboðinu þegar stafrænt.

Á vormisseri var allt bóklegt nám fært í rafrænt form.

Staðarlotur á vormisseri og haustmisseri voru haldnar með mismunandi útfærslum á fræðasviðunum. Ýmist voru þær haldnar í rafrænu formi í rauntíma eða þær voru stytta og að hluta til færðar í rafrænt form, bæði nám og samskipti. Mætingaskyldu í staðarlotur var aflétt. Nám í verknámskennslustofu og nám á rannsóknarstofum var endurskipulagt. Hópastærð í lotum og verklegu námi var samkvæmt samkomutakmörkunum og sóttvörnum var fylgt út í æsar. Sama má segja um klínískt nám, vettvangsnám og starfsþjálfun sem fór fram utan háskólans. Próf og annað námsmat færðist yfir í rafrænt form, þáttur símats var aukinn og aukapróftíð bætt við í ágúst. Með þessu, og ýmsum öðrum ráðstöfunum, tókst að gera stúdentum kleift að ljúka námi sínu.


Helstu samstarfsaðilar háskólans árið 2020 voru Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum, Námsflokkar Hafnarfjarðar – Miðstöð Símenntunar, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Háskólasetur Vestfjarða, Farskólinn – Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Þekkingarnet Þingeyinga, Austurbrú, Háskólasamfélag Suðurlands og Viska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, Nýheimar þekkingarsetur, Mímir og Promennt.

Fjarnám hófst við háskólann haustið 1998, fyrst í litlum mæli en síðan mjög aukið. Langt er síðan svo var komið að stór hluti stúdentahópsins var búsettur utan Akureyrar og nærsveita. Lengi vel var námsformið skilgreint sem staðarnám, fjarnám og lotunám. Með því að mestallt námsframboð skólans er nú boðið með sveigjanlegu formi er notast við þá skilgreiningu.


## NÁM OG STÚDENTAR

Eftirfarandi eru lykiltölur háskólans frá hausti 2020

### Stúdentar eftir landshlutum




### Heildarfjöldi stúdenta eftir kyni miðað við 15. október ár hvert




## NÁM OG STÚDENTAR

### Heildarfjöldi stúdenta eftir námsstigi miðað við 15. október ár hvert



### Heildarfjöldi stúdenta eftir fræðisviðum HA miðað við 15. október ár hvert



Fleiri lykiltölur má sjá á vef háskólans.

## NÁM OG STÚDENTAR

Við háskólann var eftirfarandi nám boðið árið 2020, til gráðu og diplómu.

Einingafjöldi er gefinn upp í ECTS einingum (European Credit Transfer System).

### Heilbrigðisvísindasvið

BS	Hjúkrunarfræði	240 einingar	grunnstig
BS	Iðjuþálfunarfræði	180 einingar	grunnstig
	Heilbrigðisvísindi	40 einingar	viðbótardiplóma, framhaldsstig
MS	Heilbrigðisvísindi	120 einingar	framhaldsstig
	Heilsugæsla í héraði-klínísk	60 einingar	viðbótardiplóma, framhaldsstig
	Iðjuþjálfun	60 einingar	viðbótardiplóma, framhaldsstig

### Hug- og félagsvísindasvið

BA	Félagsvísindi	180 einingar	grunnstig
BA	Fjölmiðlafræði	180 einingar	grunnstig
	Lögreglufræði fyrir starfandi lögreglumenn	120 einingar	grunndiplóma
	Lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn	120 einingar	grunndiplóma
BA	Lögreglu- og löggæslufræði	180 einingar	grunnstig
BA	Nútímafræði	180 einingar	grunnstig
BEd	Kennarafræði	180 einingar	grunnstig
BA	Lögfræði	180 einingar	grunnstig
BA	Sálfræði	180 einingar	grunnstig
MA	Fjölmiðla- og boðskiptafræði	120 einingar	framhaldsstig
	Fjölmiðla- og boðskiptafræði	30 einingar	viðbótardiplóma, framhaldsstig
ML	Lögfræði	120 einingar	framhaldsstig
MT	Meistari í kennarafræðum, grunnskólastig	120 einingar	framhaldsstig
MT	Meistari í kennarafræðumleikskólastig	120 einingar	framhaldsstig
MA	Menntavísindi	120 einingar	framhaldsstig
	Menntavísindi	60 einingar	viðbótardiplóma, framhaldsstig
MEd	Menntunarfræði	120 einingar	framhaldsstig
MA	Rannsóknartengt meistaranám í félagsvísindum	120 einingar	framhaldsstig
MA	Rannsóknartengt meistaranám í sálfræði	120 einingar	framhaldsstig
	Starfstengd leiðsögn	30 einingar	viðbótardiplóma, framhaldsstig

## NÁM OG STÚDENTAR

---

### Viðskipta- og raunvísindasvið

BS	Líftækni	180 einingar	grunnstig
BS	Sjávarútvegsfræði	180 einingar	grunnstig
BS	Viðskiptafræði og sjávarútvegsfræði	240 einingar	grunnstig
BS	Viðskiptafræði með áherslu á stjórnunar- og fjármálagreinar	180 einingar	grunnstig
BS	Viðskiptafræði með áherslu á stjórnun og markaðsgreinar	180 einingar	grunnstig
BS	Viðskiptafræði með sjávarútvegsfræði sem aukagrein	180 einingar	grunnstig
MS	Auðlindafræði	120 einingar	framhaldsstig
MRM	Haf- og strandsvæðastjórnun	120 einingar	framhaldsstig
MS	Sjálfbær framleiðsla og nýting sjávarauðlinda	120 einingar	framhaldsstig
MA	Sjavarbyggðafraði	120 einingar	framhaldsstig
MS	Stjórnun sjávarauðlinda	120 einingar	framhaldsstig
MS	Viðskiptafræði	90 einingar	framhaldsstig
MS	Viðskiptafræði	120 einingar	framhaldsstig

*(Námskrá 2020)*

# NEMENDASKRÁ, ÞJÓNUSTUBORÐ NEMENDASKRÁR

Á þjónustuborði Nemendaskrár er upplýsingagjöf og þjónusta fyrir stúdenta og starfsfólk.

Einnig almenn símsvörun og upplýsingagjöf um háskólann. Þessi hluti Nemendaskrár tilheyrði um tíma Markaðs- og kynningarmálum en færðist á ný undir Háskólaskrifstofu 2020.

Nemendaskrá tilheyrir ýmis verkefni sem tengjast daglegu starfi háskólans.

Fulltrúar Nemendaskrár hafa umsjón með allri nemendaskráningu og skjalavistun sem henni fylgir. Það gildir um innritun nýnema, skráningu í og úr námskeiðum og prófum, útgáfu vottorða og prentun og frágang brautskráningargagna, í nánú samstarfi við skrifstofustjóra fræðasviða.

Þá sjá fulltrúar um innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans sem og ferðabeiðnir og flugbókanir. Enn fremur bókanir og leigu á stofum og fundaherbergjum háskólans.

Mikil samvinna er milli fulltrúa Nemendaskrár, skrifstofustjóra fræðasviða og Kennslumiðstöðvar HA. Þá er einnig samvinna með Markaðs- og kynningarmálum HA.

Verkefni Nemendaskrár breyttust vegna heimsfaraldursins að því leyti að samskipti og þjónusta við starfsfólk og stúdenta færðist nær eingöngu á rafrænt form. Lítil þörf var fyrir ferðabókanir, brautskráning fór fram rafrænt og kandiðatar fengu skírteini send í pósti.

Breytingar voru gerðar á starfsrými Nemendaskrár þar sem allt var málað og húsgögn endurnýjuð. Þjónustuborð Kennslumiðstöðvar HA er nú staðsett í rými Nemendaskrár og sinnir Einar Bergur Björnsson starfi þjónustufulltrúa.

Skipulag Nemendaskrár var óbreytt frá árinu áður. Þjónustufulltrúar í Nemendaskrá eru Hanna Björg Guðmundsdóttir og Hafdís Guðfinna Vígfúsdóttir. Forstöðumaður Nemendaskrár frá og með 1. júní er Bára Sif Sigurjónsdóttir. Sigrún Harðardóttir, afgreiðslustjóri Nemendaskrár, hætti störfum vegna aldurs í lok maí eftir langan starfsferil við HA.







# RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri er fjárhagslega sjálfstæð eining innan háskólans. RHA nýtur ekki fastra fjárframlaga heldur aflar sér tekna með rannsóknarverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, ráðuneyti og félagasamtök og með innlendum og erlendum rannsóknarstyrkjum. Enn fremur veitir RHA starfsmönnum HA ráðgjöf og aðstoð á sviði rannsókna. Í skipiriti Háskólans á Akureyri tilheyrir RHA Háskólaskrifstofu.

## Markmið og hlutverk

Markmiðið með rekstri RHA er í meginatriðum fjórpætt:

- Að vera tengiliður Háskólans á Akureyri við atvinnulífið með því að sinna verkefnum fyrir það og stuðla að þekkingaryfirfærslu milli HA og atvinnulífsins.
- Að veita stuðning og þjónustu við rannsóknir innan HA og stuðla þannig að auknum rannsóknum og fjármagni til rannsókna úr samkeppnissjóðum.
- Að vinna að þróunar- og sérverkefnum á vegum HA á skilvirkan og markvissan hátt.
- Að vera tengiliður við setur og stofnanir sem starfa innan eða í tengslum við HA og skapa umgjörð til að hægt sé að hýsa litlar einingar og setur á sem skilvirkastan og hagkvæmastan hátt.

## Þjónusta við Háskólann á Akureyri

RHA vinnur eftir rammasamningi við HA um kaup háskólans á þjónustu frá miðstöðinni. Samningurinn er í tveimur liðum:

- A: Almenn rannsóknarþjónusta við sérfræðinga HA og uppbygging tengslanets vegna umsókna í samkeppnissjóði
- B: Þátttaka í verkefnum fyrir hönd HA, þar með talin er umsýsla fyrir bæði vísindaráð og vísindasjóð HA

Jafnréttisráð HA fékk í fyrsta sinn starfsmann í hlutastarfi (25%) árið 2018 og gerði samning við RHA um þá vinnu. Fyrirkomulagið hefur gengið vel og var haldið áfram á árinu 2020.

RHA hefur undanfarin ár verið þátttakandi í ESPON byggðarannsóknarverkefnum og annast einnig umsýslu fyrir íslenska ESPON – ECP tengiliðinn, sem er staðsettur í Háskólanum á Akureyri, í umboði háskólans.

RHA heldur úti Ritveri Háskólans á Akureyri samkvæmt samningi þar um, í samstarfi við Bókasafn og upplýsingaþjónustu. Ritverið var opnað í mars 2019 og er þar hægt að fá aðstoð við fræðileg skrif, heimildanotkun og tæknileg atriði. Bæði stúdentar og kennarar háskólans geta bókað tíma hjá ritverinu.

## Þátttaka í nefndum og ráðum

Leitað er til sérfræðinga RHA sem fulltrúa í ýmsum verkefnum í samfélaginu, svo sem Hagsmunaráði Landsnets, sem stofnað var til 2018, stýrihóp Sjálfbærni- og Landsvirkjunar á Austurlandi, stýrihóp Sjálfbærni- og Landsvirkjunar á Norðausturlandi, samráðshóp um landsskipulagsstefnu, Faghóp 3 um samfélagsáhrif í Rammaáætlun IV og fleira.

Þá hafa starfsmenn RHA tekið virkan þátt í ýmsu nefndastarfi innan Háskólans á Akureyri, svo sem í doktorsnámsráði og umhverfisráði.

## Kennsla og námskeið

RHA hefur um árabíl starfað náið með Sjávarútvegsmiðstöð HA er varðar þjónustu og kennslu við Sjávarútvegsskóla Þróunarsamvinnumiðstöðvar UNESCO á Íslandi (áður Sjávarútvegsskóla Sameinuðu Þjóðanna). Vegna heimsfaraldursins var engin kennsla haustið 2020.

Starfsfólk RHA hannaði og þróaði námskeiðið *Gagnagreining: SPSS*. Markmið þess er að veita hagnýta kennslu í gagnagreiningu í SPSS. Farið er yfir gagnagreiningarferlið frá upphafi til enda. Lögð er áhersla á að þátttakendur öðlist færni í gagnagreiningu í SPSS með verkefnavinnu. Námskeiðið var kennt sumarið 2020 í fjarkennslu og var það markaðssett og kynnt í samstarfi við Símenntun HA. Það tókst vel og er fyrirhugað að bjóða það reglulega.

Eins og undanfarin ár komu nokkrir starfsmenn RHA að kennslu í fjölbreyttum námskeiðum innan HA á árinu.

## Önnur umsýsla og þjónusta

RHA hefur séð um umsýslu Sprotasjóðs fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið síðan árið 2009. Núverandi samningur gjldir út árið 2021.

## RANNSÓKNAMÍÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



Vísindaskóli unga fólksins hefur verið starfræktur árlega síðan 2015. RHA hefur séð um framkvæmd skólans fyrir hönd HA en tók alfarið við rekstri skólans á árinu. Skólinn er fjármagnaður með hóflegu námsgjaldi en þó aðallega með framlögum frá ýmsum félögum og fyrirtækjum á Akureyri. Í heildina studdu 26 aðilar við skólann á árinu. Vísindaskólinn er fyrir börn á aldrinum 11–13 ára. Tæplega 75 börn sóttu skólann í júní 2020 og var kynjaskiptingin mjög jöfn. Starfsemin gekk sérstaklega vel þrátt fyrir skugga Covid-19. Boðin voru fimm ný námskeið sem allir nemendur tóku þátt í. Heitin á námskeiðunum árið 2020 voru eftirfarandi:

- *Góður bær, betri bær*
- *Sameiginleg framtíð okkar allra*
- *Er hjartað bara líffæri?*
- *Afi minn og amma mín úti á Bakka búa*
- *Hvernig ferðumst við án olíu?*

Eins og undanfarin ár annaðist RHA umsýslu fyrir Sjávarútvegs-skóla unga fólksins í samvinnu við Sjávarútvegsmiðstöðina (sjá nánar í kaflanum um Sjávarútvegsmiðstöðina við HA).

### Innra starf

Innleiðing á nýjum kerfum heldur áfram. Á árinu innleiddi RHA tvo verkhluta af þremur af verkþókhaldskerfinu, Project Accounting (PA), en það er hluti af Oracle-kerfinu eins og Vinnustund. Þá hófst undirbúningur fyrir styttingu vinnuvikunnar sem tekur gildi þann 1. janúar 2021.

### Styrkir

RHA fékk styrki til eftirfarandi verkefna:

- *Neyslumynstur rafretta og tóbaks meðal háskólanema á Íslandi og vísar um heilsuvá.* Frá Lýðheilsusjóði, 1 mkr. styrkur til RHA ásamt Ragnheiði Hörpu Arnardóttur dósent, HA.
- *Örorka á Norðurlandi eystra – kortlagning.* Frá Bygðarannsóknasjóði, 2,5 mkr.
- *Borgarhlutverk Akureyrar.* Frá Sóknaráætlun Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra – SSNE, 8,3 mkr.

### Rannsóknarverkefni

Rannsóknarverkefni sem unnin voru af starfsfólki RHA voru fjölbreytt að vanda. Eftirfarandi listi yfir rannsóknarskýrslur er ekki tæmandi. Þær skýrslur sem eru opinberar eru aðgengilegar á vefsíðu RHA, [www.rha.is](http://www.rha.is). Ekki lýkur öllum rannsóknarverkefnum með skýrslu, svo sem minniháttar ráðgjafaverkefnum. Þá eru skýrslur um innri mál stofnana og fyrirtækja ekki birtar. Einnig er nokkuð um að áfangaskýrslur séu ekki birtar, sérstaklega í erlendum rannsóknarverkefnum. Auk þessa vann RHA gagnaöflun fyrir ýmsa aðila, svo sem SSNE og Austurbrú ses.

### Rannsóknarskýrslur starfsmanna RHA 2020

*Blöndulína 3. Áhrif á samfélag og ferðaþjónustu.* Höfundur: Hjalti Jóhannesson.

*Mönnun sveitarstjórna. Um mönnun sveitarstjórna í sveitarfélögum með óhlutbundna kosningu.* Höfundur: Arnar Þór Jóhannesson.

*Náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum á Íslandi.* Höfundar: Marta Einarsdóttir, Eva Halapi og Anna Soffía Víkingisdóttir.

*Samstarfs safna – ábyrgðarsöfn. Sameining og samvinna safna á Eyþingssvæðinu.* Höfundar: Arnar Þór Jóhannesson og Rannveig Gústafsdóttir.

*Sjö vatnsvirkjanir í 4. áfanga rammaáætlunar. Samantekt viðtala við hagsmunaaðila um samfélagsleg áhrif.* Höfundar: Hjalti Jóhannesson, Jón Ásgeir Kalmannsson, Magnfríður Júlíusdóttir, Rannveig Gústafsdóttir og Sjöfn Vilhelmsdóttir.

*Territorial patterns and relations in Finland.* Höfundar: Hjalti Jóhannesson, Grétar Þór Eyþórsson og Tom Goosse.

*Territorial patterns and relations in Portugal.* Höfundar: Hjalti Jóhannesson, Grétar Þór Eyþórsson og Tom Goosse.

Aðrar skýrslur og greinargerðir sem ekki eru opnar almenningi:

*Fiskeldi og samgöngur á Vestfjörðum. Niðurstöður viðhorfskönnunar.* Höfundar: Arnar Þór Jóhannesson og Helga Einarsdóttir.

*HÓLAR UNIVERSITY COLLEGE. Survey on Student Satisfaction. Masters Students.* Höfundur: Arnar Þór Jóhannesson.

## RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



*HÓLAR UNIVERSITY COLLEGE. Survey on Student Satisfaction. Year 2018 Graduates.* Höfundur: Arnar Þór Jóhannesson.

*Launagreining starfsmanna Akureyrarbæjar nóvember 2019.* Höfundur: Eva Halapi og Helga Einarsdóttir.

*Launagreining starfsmanna Háskólans á Akureyri – Nóvember 2020.* Höfundur: Eva Halapi og Helga Einarsdóttir.

*Líðan og starfsaðstæður – Könnun meðal starfsfólks HA.* Höfundur: Arnar Þór Jóhannesson.

*Survey on Student Satisfaction. Graduates. (Agricultural University of Iceland).* Höfundur: Helga Einarsdóttir.

*Survey on Student Satisfaction. Graduates. (UNAK).* Höfundur: Helga Einarsdóttir.

*Survey on Student satisfaction: Masters Students. (Agricultural University of Iceland).* Höfundur: Helga Einarsdóttir.

*Survey on Student satisfaction: Masters Students. (UNAK)* Höfundur: Helga Einarsdóttir.

*Survey on Student satisfaction: Third year undergraduates. (UNAK)* Höfundur: Helga Einarsdóttir.

*Survey on Student satisfaction: Third year undergraduates – Police Science. (UNAK)* Höfundur: Helga Einarsdóttir.

*Survey on Student satisfaction: Third year undergraduate Students. (Agricultural University of Iceland).* Höfundur: Helga Einarsdóttir.

*UNIVERSITY OF AKUREYRI. Survey on Student Satisfaction 2017 – 2020. Second/third Year Undergraduates.* Höfundur: Arnar Þór Jóhannesson.

*UNIVERSITY OF AKUREYRI. Survey on Student Satisfaction 2018 – 2020. Graduates.* Höfundur: Arnar Þór Jóhannesson.

### Ráðstefnur og málstofur

Rannsóknamiðstöð HA rekur ráðstefnuþjónustu og skipuleggur fundi og kynningar sem haldnar eru í háskólanum í samstarfi við ýmsa aðila.

Vegna Covid-19 heimsfaraldursins var lítið um ráðstefnur og málstofur á árinu. Stórar norðurslóðaráðstefnur voru á döfinni vegna forystu Íslands í Norðurskautsráðinu. Sú stærsta þeirra, Vísindavika norðurslóða, hafði verið í undirbúningi í mörg ár og átti að fara fram í lok mars og byrjun apríl. Vegna heimsfaraldursins var hún haldin rafrænt og allar aðrar fyrirhugaðar ráðstefnur og fundir fóru ýmist fram rafrænt eða var aflýst.

Þeim fyrirlestraröðum sem RHA hafði skipulagt í samstarfi við Auðlindadeild fyrir erlenda hópa var öllum aflýst vegna slæms veðurs eða samkomutakmarkana vegna Covid-19 faraldursins.

- *Fisheries and Climate change* – Fyrirlestrar fyrir erlenda skólahópa á vegum EF Cultural Tours og Iceland Travel. Tíu talsins – öllum aflýst.
- *Icelandic quota system* – Fyrirlestrar fyrir Iceland Pro Cruises – aflýst.

Að auki fóru starfsmenn RHA í sjónvarps- og útvarpsviðtöl þar sem þeir kynntu rannsóknir sínar.

Árið 2020 störfuðu að jafnaði níu starfsmenn í rúmlega átta stöðugildum hjá RHA. Forstöðumaður er Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

Á vef RHA, [www.rha.is](http://www.rha.is), má finna nánari upplýsingar um starfsemi miðstöðvarinnar.



SHIRAZI LIBRARY  
SERIES 1  
SERIES 2  
SERIES 3  
SERIES 4  
SERIES 5  
SERIES 6  
SERIES 7  
SERIES 8  
SERIES 9  
SERIES 10  
SERIES 11  
SERIES 12  
SERIES 13  
SERIES 14  
SERIES 15  
SERIES 16  
SERIES 17  
SERIES 18  
SERIES 19  
SERIES 20  
SERIES 21  
SERIES 22  
SERIES 23  
SERIES 24  
SERIES 25  
SERIES 26  
SERIES 27  
SERIES 28  
SERIES 29  
SERIES 30  
SERIES 31  
SERIES 32  
SERIES 33  
SERIES 34  
SERIES 35  
SERIES 36  
SERIES 37  
SERIES 38  
SERIES 39  
SERIES 40  
SERIES 41  
SERIES 42  
SERIES 43  
SERIES 44  
SERIES 45  
SERIES 46  
SERIES 47  
SERIES 48  
SERIES 49  
SERIES 50  
SERIES 51  
SERIES 52  
SERIES 53  
SERIES 54  
SERIES 55  
SERIES 56  
SERIES 57  
SERIES 58  
SERIES 59  
SERIES 60  
SERIES 61  
SERIES 62  
SERIES 63  
SERIES 64  
SERIES 65  
SERIES 66  
SERIES 67  
SERIES 68  
SERIES 69  
SERIES 70  
SERIES 71  
SERIES 72  
SERIES 73  
SERIES 74  
SERIES 75  
SERIES 76  
SERIES 77  
SERIES 78  
SERIES 79  
SERIES 80  
SERIES 81  
SERIES 82  
SERIES 83  
SERIES 84  
SERIES 85  
SERIES 86  
SERIES 87  
SERIES 88  
SERIES 89  
SERIES 90  
SERIES 91  
SERIES 92  
SERIES 93  
SERIES 94  
SERIES 95  
SERIES 96  
SERIES 97  
SERIES 98  
SERIES 99  
SERIES 100

# BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Hlutverk Bókasafns og upplýsingaþjónustu er að útvega stúdentum og kennurum háskólans efni viðkomandi sínu fagi og fræðasviði. Til viðbótar því efni sem keypt er til eignar á bókasafninu, prentuðu og rafrænu, má nefna að safnið útvegar notendum sínum efni í gegnum millisafnalán og setur inn greinar og bókakafli í Hlöðuna. Hlaðan er rafrænt geymslusafn fyrir höfundaréttarvarið efni sem nýttist í tilteknum námskeiðum.



Það er einnig hlutverk bókasafnsins að annast kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi (UL), en það er sú færni sem gerir fólki kleift að afla sér upplýsinga, leggja mat á gæði þeirra og nýta þær í námi,

kennslu og rannsóknum. Kennsla í UL fer meðal annars fram í námskeiðum í samráði við kennara og í viðtölum þar sem stúdentar og kennarar geta bókað tíma. Sú þjónusta er nefnd *Bókaðu bókasafnsfræðing*. Hefur hún verið í boði frá hausti 2013. Árið 2020 fengu um 140 einstaklingar slíka þjónustu, sem er aukning frá árinu 2019. Hafa þær Sigríður Ásta Björnsdóttir og Pia Susanna Sigurlína Viinikka, báðar verkefnastjórar á bókasafni, annast þetta. Frá því að Covid-19 vírusinn yfirtók heiminn, eða frá því í mars 2020, fór aðstoðin einungis fram í gegnum samskiptaforritið Zoom.

Starfsfólk Bókasafns og upplýsingaþjónustu hefur umsjón með ritstuldarvarnaforritinu Turnitin. Árið 2020 leituðu um 220 stúdentar og kennarar eftir aðstoð vegna notkunar Turnitin og voru verkefnið misjafnlega umfangsmikil.

Bókasafnið tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum jafnt innanhúss í háskólanum sem á landsvísu.

Bókasafnið á fulltrúa í verkefnahópi HA sem sér um innleiðingu á upplýsingakerfi fyrir rannsóknir sem hefur fengið nafnið *ÍRIS – Icelandic Research Information System*. Fundað var reglulega árið 2020 og á haustmisseri var haldið vefnámskeið sem fyrirtækið Elsevier skipulagði. Stefnt er að því að innleiða upplýsingakerfið fyrir mitt ár 2021 og verður það einkum notað við Miðstöð doktorsnáms við HA.

Þar sem notendur höfðu á árinu takmarkaðan aðgang að húsnæði skólans var ákveðið að fara í töluverðar framkvæmdir



Ingibjörg Sigurðardóttir

hjá Bókasafni og upplýsingaþjónustu. Rafmagn var endurnýjað, pússuð upp gólf og málaðir veggir. Afgreiðsluborð bókasafnsins var endurbætt til að auðvelda aðgengi notenda.

Á lestrarsal hefur verið bætt við upphækkunum borðum til að bæta námsaðstöðu stúdenta.

Breytingar voru gerðar á lestrarsalnum þar sem innsti hluti svæðisins var stúkaður af og útbúin aðstaða fyrir doktorsnema. Engar myndlistarsýningar voru haldnar í bókasafninu á árinu 2020. Í febrúar náðist að halda ProQuest kynningu fyrir stúdentar og starfsmenn HA þar sem Björn Olofsson fór yfir helstu nýjungar, rafbækur og RefWorks. Árið endaði á huggulegri rafrænni jólastund fyrir starfsfólk HA þar sem Ingibjörg Sigurðardóttir aðjúnkt las úr nýútkominni bók sinni *Sjálf í sviðsljósi*.

Bókasafnið annast sérsöfn háskólans eins og listaverkasafn og steinasafn. Bókasafnið sér einnig um að þjónusta Háskólann á Hólum er samsvarar 25% stöðu.

Starfsfólk bókasafnsins leggur áherslu á að veita notendum sínum faglega og persónulega þjónustu og aðgang að vönduðum safnkosti. Rafrænn safnkostur bókasafnsins er ýmist aðgengilegur í opnum aðgangi, landsaðgangi, hvar.is, Skemmunni eða í séráskriftum að neti skólans. Rafrænn bókakostur jafnar aðgengi stúdenta í sveigjanlegu námi að námsefni bókasafnsins.

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu árið 2020 var skólinn lokaður frá 16. mars til 4. maí. Á þeim tíma vann starfsfólk heima, fyrir utan að einn starfsmaður var alltaf á staðnum til að senda út bækur eða greinar. Töluvert var um kennslu og leiðbeiningar í gegnum Zoom og einnig reynt að útvega efni eins og kostur var. Forstöðumaður Bókasafns og upplýsingaþjónustu er Astrid Margrét Magnúsdóttir. Hún var í leyfi frá og með marsmánuði 2020 og var Sigríður Vilhjálmisdóttir verkefnastjóri staðgengill hennar. Stöðugildi á bókasafni eru fimm. Auk áðurnefndra starfar við safnið Kristín Konráðsdóttir verkefnastjóri.



## KENNSLUMIÐSTÖÐ HA – KHA

Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri veitir kennurum faglega aðstoð við þróun kennsluhátta í sveigjanlegu námi. Það er gert í formi almennrar ráðgjafar og námskeiða og í þróunarstarfi með áherslu á upplýsingatækni og kennslufræði. Árlega taka nokkrir kennarar þátt í þróunarnámskeiðum þar sem þeir fá aðstoð við að breyta námskeiðum sínum með tilliti til kennslufræði og tækni.

KHA ber ábyrgð á prófahaldi og námsmati við háskólann. KHA ber einnig ábyrgð á öllum tölvukerfum, stýrikerfum og netkerfum háskólans. Allar ákvarðanir í tengslum við kerfismál eru teknar í teymi þar sem þekking á kennslufræði og notenda-aðstoð er til staðar. Þverfaglegt samstarf kennslufræðinga og tæknimanna er mikilvægt fyrir háskóla sem leggur áherslu á sveigjanlegt nám.

Dagleg störf Kennslumiðstöðvar felast í því að veita stúdentum og starfsfólki háskólans ýmiss konar tækni-, kennslu- og prófa-ráðgjöf, ásamt daglegum rekstri á tölvu-, stýri-, og netkerfum skólans.

Árið 2020 var krefjandi fyrir háskólasamfélagið þar sem kennsla, lotur og prófhald breyttist á stuttum tíma í mars vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Starfsfólk Kennslumiðstöðvar brást við með því að færa þjónustuna að stórum hluta yfir á rafrænt form.

Til að byrja með var starfsfólki háskólans veitt aðstoð við að færa vinnuaðstöðu í heimahús til að geta sinnt fjarvinnu. Ráðgjöf Kennslumiðstöðvar og námskeið voru svo færð yfir á Internetið.

Sérstök námskeið voru haldin til að aðstoða kennara við að færa kennslu, staðarlotur og verkefni yfir í rafrænt fyrirkomulag.

Ákveðið var að bjóða upp á opna tíma fyrir ráðgjöf og aðstoð við starfsfólk skólans í gegnum fjarfund og er þessi þjónusta opin alla virka daga kl. 11–12. Einnig er hægt að bóka ráðgjöf í gegnum rafrænt beiðnakerfi Kennslumiðstöðvar.

Vorið 2020 var Kennsluráðstefna KHA haldin í fimmta sinn með sömu yfirskriftinni, *Hvað er góð háskólakennsla?* Eins og önnur starfsemi Kennslumiðstöðvar þetta árið var ráðstefnan haldin með rafrænu sniði. Kennarar og starfsfólk Háskólans á Akureyri ásamt kennurum frá Háskólanum á Bifröst og Háskólanum í Reykjavík fluttu þar 21 hringborðserindi er tengdust háskóla-kennslu. Gestafyrirlesarar voru þau Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor við Háskóla Íslands, og Ása Björk Stefánsdóttir forstöðumaður, Hrefna Pálsdóttir kennsluráðgjafi og John D. Baird, kennsluráðgjafi öll frá Kennslusviði Háskólans í Reykjavík.

Á haustmisseri var eins og áður boðið upp á kennslufræðinámsskeiðið Háskólakennsla og háskólanám fyrir fastráðið

starfsfólk HA. Námskeiðið er tíu ECTS einingar á meistarastigi og er í senn fræðilegt og hagnýtt. Námskeiðið er kennslufræði á háskólastigi, kenningar og aðferðir, og einnig vinna kennarar meðfram námskeiðinu að breytingum á eigin námskeiðum við háskólann.

Námskeiðið fór fram í rafrænum kennslustundum í rauntíma. Að þessu sinni tóku tólf kennarar frá öllum þremur fræðisviðum háskólans þátt. Allir fá spjaldtölvu til afnota við áframhaldandi kennsluþróun. Þátttakendur munu flytja erindi um kennsluþróun sína á Kennsluráðstofnu KHA á vormisseri 2021.

Haldnar voru 54 vinnustofur á vegum KHA árið 2020. Aðalviðfangsefnið var innleiðing Canvas kennslukerfisins. Gekk það verkefni vonum framar og er búist við að því ljúki á haustmisseri 2021. Í framhaldi af því mun hefjast innleiðing á rafræna námsmatskerfinu Inspira. Í núverandi stöðu fara um 89% lokaprófa fram rafrænt, en stefnan er sú að allt prófhald við HA verði rafrænt.

Eins og undanfarin ár tók starfsfólk KHA virkan þátt í ýmsu starfi háskólans.

Nefna má skipulagningu og kynningu stoðþjónustu á nýnemadögum háskólans og þátttöku í Vísindaskóla unga fólksins. Einnig kom starfsfólk KHA að stundakennslu í grunnnámi í fjölmiðlafræði og í grunn- og framhaldsnámi í Kennaradeild. Starfsfólk KHA hefur líka seinustu ár tekið þátt í #Eymennt netmenntabúðum.

Starfsfólk Kennslumiðstöðvar tekur þátt í nokkrum alþjóðlegum samstarfsverkefnum og rannsóknarverkefnum. Í ársbyrjun 2020 ferðuðust fjórir frá KHA ásamt tveimur akademískum starfsmönnum háskólans til Kenýa í Afríku til að taka þátt í verkefninu *Mocat – Modern competences of academic teachers – the key to modern HEI*. Verkefnið byggist á því að þróa nútímalegar lausnir, verkfæri og efnivið til að auka gæði í kennslu á háskólastigi.

Eins tóku nokkrir starfsmenn KHA þátt í verkefninu *CUTE – Competencies for Universities – Using Technology in Education*. Markmið þess er að veita háskólum stuðning til að efla stafræna hæfni innan stofnunar og hvetja kennara til nýsköpunar.

Þá fluttu starfsmenn KHA erindi á nokkrum innlendum ráðstefnum, m.a. *Menntakviku* hjá Háskóla Íslands og *UTÍs2020*, árlegu tækniráðstefnunni á Sauðárkróki.

Fastráðnir starfsmenn Kennslumiðstöðvar í árslok 2020 voru fjórtán í þrettán og hálfu stöðugildi. Á árinu bættust við fjögur stöðugildi. Forstöðumaður er Auðbjörg Björnsdóttir.

# STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SHA



Stúdentafélag Háskólans á Akureyri – SHA er félag allra innritaðra stúdenta við Háskólann á Akureyri. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta, bakland og sameiningartákn aðildarfélaga þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins. Stúdentafélag Háskólans á Akureyri hefur yfirumsjón með viðburðum á sviði skemmtana-, íþróttar- og fjölskyldumála og stendur á bak við aðildarfélög sín til þess að sinna þessum málaflokkum innan sinna deilda. Félagið stendur vörð um hagsmuni heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdenta og vinnur náð með starfsfólki háskólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdenta, beint eða óbeint. Auk þess vinnur félagið náð með hagsmunafélögum annarra stúdenta, sérstaklega í gegnum LÍS – Landssamtök íslenskra stúdenta.



Framkvæmdastjórn SHA 2020 – 2021

Almar Knórr Hjaltason, Steinunn Alda Gunnarsdóttir og Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir

Aðildarfélög SHA eru deildarfélög háskólans og er það val stúdenta hvort þeir skrá sig í aðildarfélag eða ekki. Aðildarfélög sjá um hagsmunagæslu félagsmanna sinna og sitja fulltrúar þeirra deildarfundi, deildarráðsfundi og fræðasviðsfundi fyrir hönd viðkomandi stúdentahópa. Þá tilnefna aðildarfélögin einnig fulltrúa í náms- og matsnefndir sinna deilda. Auk þess standa aðildarfélögin straum af félagslífi stúdenta. Aðildarfélög SHA eru:

- Data, félag tölvunarfræðinema
- Eir, félag heilbrigðisnema
- Forseti, félag lögreglufræðinema
- Magister, félag kennaranema
- Reki, félag viðskiptafræðinema
- Stafnbúi, félag nema í auðlindafræðum
- Þemis, félag laganema.

Stúdentaráð fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda, tekur bindandi ákvarðanir fyrir framkvæmdastjórn og fulltrúa félagsins, stendur við bakið á stúdentum í ráðum og nefndum og er þeim innan handar í embættisstörfum þeirra. Stúdentaráð skipa framkvæmdastjórn, formenn aðildarfélaganna og formenn fastanefndanna, sem kosnir eru til eins árs í senn. Auk þess á fulltrúi stúdenta í háskólaráði HA sæti í stúdentaráði. Framkvæmdastjórn SHA er skipuð formanni, varaformanni og

fjármálastjóra ráðsins. Daglegur rekstur félagsins er í höndum framkvæmdastjórnar og ber hún ábyrgð á því að halda réttindaskrifstofu félagsins opinni fyrir stúdenta. Þá er formaður félagsins helsti talsmaður stúdenta Háskólans á Akureyri, innan háskólans sem utan.

Fyrsta verkefni stúdentaráðs var að halda neyðarfund til þess að taka ákvörðun varðandi árshátíð SHA sem átti að fara fram þann 14. mars. Þessi fundur var afar mikilvægur þar sem kórónuveirufaraldurinn var að byrja breiðast út hér á landi og ríkisstjórnin hafði gefið út takmarkanir sem áttu að taka gildi mánudaginn eftir áætlaða árshátíð. Stúdentaráð ákvað, með öryggi stúdenta að leiðarljósi, að fresta árshátíð þar til í maí í þeirri von að þá yrði ástandið betra. Fyrsti formlegi stúdentaráðsfundurinn var haldinn þann 13. apríl. Alls voru sjö formlegir fundir á starfsárinu.

Á starfsárinu áttu 16 einstaklingar sæti í stúdentaráði en formaður þemis situr einnig í háskólaráði og því voru fulltrúar stúdentaráðs 17 talsins. Breyting var gerð á starfsemi Forseta, félagi lögreglufræðinema, því ákveðið var á sameiningarfundi að Forseti yrði hluti af Kumpána.

Á fyrsta fundi stúdentaráðs var farið yfir starfsemi félagsins og línur lagðar fyrir komandi starfsár. Líkt og síðustu starfsár



## STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SHA



var einróma samþykki um að rauði þráðurinn í starfsemi stúdentaráðs væri hagsmunabarátta og hagsmunagæsla stúdenta. Allir fulltrúar stúdentaráðs hafa lagt sitt af mörkum þegar kemur að hagsmunamálum og staðið sína vakt vel og örugglega. Kórónuveirufaraldurinn hafði í för með sér margar áskoranir fyrir stúdentaráð þar sem skólanum var lokað á vormisseri 2020 og öll kennsla færð yfir á rafrænt form. Því var augljóst að stúdentaráð þyrfti að beita sér fyrir hagsmunum stúdenta á þessum formdæmalausu tímum.

Stúdentaráð sendi frá sér tvær kannanir á árinu til þess að kortleggja líðan og aðstæður stúdenta. Sú fyrri leiddi í ljós að 85,3% stúdenta voru mjög sammála eða sammála því að upplifa kvíða á þessum tímum og 72,8% upplifðu depurð vegna áhrifa Covid-19. Þá voru 87,7% stúdenta mjög sammála eða sammála því að hafa upplifað meiri streitu og álag sem hafði áhrif á námsframvindu þeirra. Niðurstöður úr seinni könnun SHA voru sambærilegar. Stúdentaráð kynnti niðurstöðurnar fyrir stjórnendum háskólans til þess að gefa þeim innsýn inn í líðan og aðstæður stúdenta. Stúdentaráð er afar ánægt með samráð við stjórnendur skólans því málstað stúdenta var sýndur skilningur og kröfum okkar mætt með hagsmuni stúdenta að leiðarljósi.

Stúdentaráð hefur beitt sér fyrir bættum geðheilbrigðisúrræðum við HA og því fagna stúdentar þeirri ákvörðun háskólans að

ráða sálfræðing í teymi náms- og starfsráðgjafa við Háskólann á Akureyri. Í seinni könnun SHA um líðan og aðstæður stúdenta, sem var lögð fram í október 2020, höfðu 4% stúdenta þegar nýtt sér sálfræðipjónustuna, en rúmlega 20% sögðust hafa áhuga á því. Það er því ljóst að þjónustan er aðkallandi og gera má ráð fyrir því að enn fleiri muni nýta sér hana þegar framboðið verður sýnilegra.

Líkt og síðustu tvö starfsár hefur SHA haft þjónustusamning við Stúdentaráð Háskóla Íslands – SHÍ um lánasjóðsfulltrúa SHÍ, en fulltrúinn þjónustar stúdenta HA og annarra opinberra háskóla landsins. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi farsælt samstarf. Á komandi starfsári þarf að kynna þessa þjónustu betur fyrir öllum stúdentum HA og gætu nýnemadagar HA verið tilvaldir til þess.

Mikið hefur verið lagt upp úr öflugri og góðri þátttöku SHA í starfsemi LÍS og hefur það skilað stúdentaráði miklu hvað varðar hagsmunabaráttu stúdenta. Stúdentafélag HA hefur verið aðili að yfirlýsingum LÍS og lagt sig fram um það að rödd stúdenta HA gleymist ekki enda er gríðarlega mikilvægt að taka pláss í umræðunni.

*Akureyri, 25. febrúar 2021  
Steinunn Alda Gunnarsdóttir  
Formaður Stúdentaráðs 2020-2021*



*Stúdentaráð 2019–2020*

# FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA Á AKUREYRI – FÉSTA



Félagsstofnun stúdenta á Akureyri er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir stúdentar við HA og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka stúdentaíbúðir og annast aðra þjónustu við stúdentana. Sérstakar reglur gilda um úthlutun stúdentahúsnæðis. Umsóknarfrestur fyrir vetrarvist er til 20. júní ár hvert.

## Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:

*Skarðshlíð 46*, með 14 herbergjum og 10 íbúðum sem teknar voru í notkun 1989,

*Klettastíg 2-4-6*, með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem teknar voru í notkun 1993 – 1994,

*Drekagil 21*, þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2000,

*Tröllagil 29*, með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum sem teknar voru í notkun í september 2004,

*Kjalarsíðu 1A/B*, með 40 íbúðum sem teknar voru í notkun í ágúst 2008.

Framkvæmdarstjóri Félagsstofnunar stúdenta er Jóhannes Baldur Guðmundsson.

## Stjórn FÉSTA skipuðu:

Halla Margrét Tryggvadóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar

Hólmur Svansson, fulltrúi háskólaráðs Háskólans á Akureyri

Harpa Halldórsdóttir, fulltrúi háskólaráðs Háskólans á Akureyri

Steinunn Alda Gunnarsdóttir stúdent, skipuð af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri

Fríða Freydis Þrastardóttir stúdent, skipuð af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri

## Til vara:

Sigrún Lóa Kristjánsdóttir, fulltrúi háskólaráðs HA

Dagný Ásgeirsdóttir stúdent, skipuð af SHA

Vefsíða FÉSTA [www.festaha.is](http://www.festaha.is)



# SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Meginhlutverk Símenntunar Háskólans á Akureyri er að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi með þarfir viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi.

Símenntun nýtur ekki opinberra fjárveitinga og þarf starfsemin því að standa undir útlögðum kostnaði og taka tillit til samkeppnislaga. Þjónusta sem lýtur að kennsluhúsnæði og fjárhagslegum rekstri Símenntunar heyrir undir viðkomandi einingar Háskólaskrifstofu HA.

Unnið hefur verið að því að fækka staðarnámskeiðum og nýta betur möguleika fjarkennslu með Zoom og Canvas. Með því sparast ferðakostnaður og ferðatími og hefur sú nýbreytni mælst vel fyrir bæði hjá kennurum og þátttakendum á námskeiðum.

Heimisyfirráð kórónaveirunnar breyttu samfélögum heimsins eins og hendi væri veifað og allir hafa þurft að tileinka sér nýja siði og starfsvenjur. Eitt af því sem við höfum lært er að nýta betur þá tækni sem við búum yfir, sem getur sparað mikinn tíma og fjármuni ef rétt er á haldið.

Vegna áhrifa Covid-19 ákvað Alþingi að veita háskólum landsins fjárheimild vegna sértækra námsúræða sumarið 2020. Markmiðið var að sporna gegn atvinnuleysi og efla menntun meðal ungs fólks. Símenntun var falið að annast sumarnámið fyrir hönd Háskólans á Akureyri og þrátt fyrir stuttan undirbúningstíma tókst framkvæmd sumarnámsins vel. Símenntun hélt 29 námskeið, þar af 11 sem voru ECTS-einingabær, og sóttu námskeiðin 1.137 manns.

Á vormisseri hófst samstarf Háskólans á Akureyri og University of The Highlands and Islands – UHI í Skotlandi. Það gerir fólki kleift að stunda MBA-nám við UHI í fjarnámi. Námið felur í sér sex áfanga og ritgerð. Nemendur í því námi fá tæknilega aðstoð Símenntunar HA ásamt almennri handleiðslu þegar við á. Námið er vottað af The Quality Assurance Agency for Higher Education – QAA í Bretlandi. Mikill áhugi er á því og voru 19 stúdentar innritaðir.

Önnur nýbreytni hjá Símenntun var að bjóða fyrirtækjum og stofnunum að setja upp og halda sérsniðin námskeið fyrir

viðkomandi í fjarkennslu. Þetta er gert með aðgengi að Zoom fjarnámskerfinu. Reynsla af námssamfélögum á Internetinu er mjög góð og að auki spara þau tíma og ferðakostnað. Enn fremur býður Símenntun upp á umsjón með rafrænum ráðstefnum.

Frá árinu 2017 hefur Símenntun fyrir hönd háskólans annast rekstur stjórnendánáms sem þróað er af Starfsmenntasjóði Samtaka atvinnulífsins og Sambandi stjórnendafélaga. Námið er á þriðja og fjórða hæfniprepi íslenska hæfnirammans um menntun og námslok og er það metið til 30 ECTS eininga. Um er að ræða 100% fjarnám og skiptist það í fimm lotur sem nemendur stunda þar sem þeir kjósa, en öll kennsla og námsefni er á vefsvæðinu Canvas.

Á árinu voru kenndar átta lotur í stjórnendanámi og um 140 manns stunduðu námið. Vegna Covid-19 var engin formleg útskrift þeirra er luku náminu og því hittust nemendur og kennarar ekkert að þessu sinni.

Okkar sívinsæla nám Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun (Vogl) var kennt enn veturinn í samstarfi við Nordica ráðgjöf ehf. Luku 24 nemendur náminu vorið 2020 og 21 nemandi innritaðist um haustið.

Námið er metið til 24 ECTS eininga. Lögð er áhersla á að samtvinna stjórnun og samskipti og koma nemendur í fjórar lotur í skólann til verkefnavinnu en sinna náminu að öðru leyti í fjarnámi. Vegna Covid-19 var ekki hefðbundin námslota í mars heldur fjarkennsla í gegnum Zoom. Á haustmisseri fór námið alfarið fram á Zoom. Þá var ekki venjuleg brautskráning, heldur voru skírteini send nemendum í námslok í staðinn.

Starfsfólk Símenntunar hefur áfram unnið að athugun og kynningum á möguleikum sem felast í aukinni samvinnu við deildir háskólans til að bjóða símenntun og endurmenntun á háskólastigi.

Við Símenntun eru tvö og hálf stöðugildi. Símenntunarstjóri er Elín Hallgrímsdóttir.

# SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SJÁ

Hlutverk Sjávarútvegsmiðstöðvar HA er að efla tengsl háskóla-  
menntunar við íslenskt atvinnulíf á sviði sjávarútvegs og stoð-  
greina hans. Einnig að stuðla að rannsóknum og nýsköpun  
atvinnugreininni til framdráttar, í samstarfi við erlenda og  
innlenda sérfræðinga, stofnanir og fyrirtæki. Enn fremur að  
stuðla að kynningu íslensks sjávarútvegs og stoðgreina hans  
á lægri skólastigum og meðal almennings. Atvinnuvega- og  
nýsköpunarráðuneytið fjármagnar reksturinn að hluta sam-  
kvæmt samningi milli Háskólans á Akureyri og ráðuneytisins.

Sjávarútvegsmiðstöðin heyrir undir Viðskipta- og raunvísinda-  
sviði háskólans.

Starfsemi SJÁ 2020 var umfangsmeiri árið áður, einkum vegna  
þess að umsvif Sjávarútvegsskóla unga fólksins jukust að mun.  
Sjávarútvegsmiðstöðin tók við þessu verkefni 2016 en þá fór  
skólinn einungis fram á Austurlandi. Forstöðumaður SJÁ hefur  
haft forgöngu um það að starfsemi Sjávarútvegsskólans nær  
nú til allra landshluta.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins er ætlaður grunnskólanemend-  
um á aldrinum 13 – 16 ára. Tilgangurinn er að kynna ungu fólki  
möguleika sjávarútvegs og tengdra greina sem framtíðarvinnu-  
staðar. Kennarar Sjávarútvegsskólans eru aðallega stúdentar í  
sjávarútvegsfræði og líftækni frá Háskólanum á Akureyri, ýmist  
brautskráðir eða enn í námi.

Starfsemin er svæðisbundin. Aðalstyrktaraðilar eru fyrirtæki í  
sjávarútvegi og tengdum greinum sem og viðkomandi sveitar-  
félög og bæjarfélög, og Sjávarútvegsskólinn fer fram í nánu  
samstarfi við vinnuskóla á hverjum stað. Alls voru nemendur  
um 400 talsins árið 2020. Alls voru greiddar um 14 mkr. til  
Sjávarútvegsmiðstöðvar HA fyrir umsjón með Sjávarútvegsskóla  
unga fólksins árið 2020.

Forstöðumaður SJÁ annast skipulagningu Sjávarútvegsskólans  
og hefur alla umsjón með framkvæmd.

Undirbúningur að Fiskeldisskóla unga fólksins hófst á árinu.  
Tveir stúdentar í sjávarútvegsfræði við HA tóku að sér að vinna  
grunn að kennslufni fyrir Fiskeldisskólann, sem fyrirhugað er  
að hefji starfsemi 2021 með svipuðu sniði og Sjávarútvegsskóli  
unga fólksins. Starfsemin verður á þeim stöðum þar sem fiskeldi  
er stundað. Til að afla kennslufnis heimsóttu stúdentarnir  
Arnarlax ehf. á Bíldudal, Laxa fiskeldi á Eskifirði og Fiskeldi

Austfjarða hf. á Djúpavogi. Þetta verkefni var styrkt af áður-  
nefndum fyrirtækjum.

Í lok árs var undirritaður samningur við Evrópusambandið  
um samstarf fjögurra landa um úttekt á námi í fiskeldisfræði  
og gerð tillagna að skipulagi náms fyrir framtíðarstarfsmenn  
fiskeldisstöðva. Verkefnið, sem nefnist *BRIDGES CoVE*, hlaut  
4.000.000 evra styrk frá Erasmus+. Samstarfslöndin eru Nor-  
egur, Svíþjóð, Finnland og Ísland. Verkefnið hófst formlega 1.  
nóvember 2020 og stendur yfir í fjögur ár.

Sjávarútvegsmiðstöðin við HA heldur utan um verkefnið af  
hálfu Háskólans á Akureyri. Auk HA eru þátttakendur fyrir  
hönd Íslands Háskólinn á Hólum, Fiskitækniskóli Íslands og  
Arnarlax ehf.

Starfsfólk Auðlindadeildar HA og Kennslumiðstöðvar HA mun  
koma að verkefninu, alls þrjú starfsmenn.

Í hlut Sjávarútvegsmiðstöðvar Háskólans á Akureyri koma um  
280.000 evrur vegna þessa verkefnis.

Forstöðumaður SJÁ annaðist bókhald fyrir félagið Konur í sjávar-  
útvegi. Það, ásamt aðstöðu vegna bókhaldsins, er stuðningur  
Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar við félagið.

## Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu verkefni Sjávarútvegs- miðstöðvarinnar 2020

### Sjávarútvegsskóli unga fólksins

Starfsemin er svæðisskipt eins og áður segir. Við Sjávarútvegs-  
skóla Austurlands voru 94 nemendur alls. Fóru þeir í heim-  
sóknir í fiskvinnslufyrirtæki og til fyrirtækja í stoðþjónustu við  
sjávarútveg. Skólinn fór fram á Vopnafirði og Fáskrúðsfirði, í  
Neskaupstað og á Eskifirði og Seyðisfirði. Aðalstyrktaraðilar  
voru Síldarvinnslan hf., Brim hf., Loðnuvinnslan hf. og Eskja hf.  
Nokkur önnur fyrirtæki styrktu skólann sem og bæjarfélögin.  
Björgunarsveitir byggðarlaganna komu einnig að verkefninu.

Sjávarútvegsskóli Norðurlands hóf að starfa sumarið 2017.  
Nemendur sumarið 2020 voru alls 184 talsins, frá Akureyri,  
Dalvík og Grenivík. Vegna fjölda þátttakenda frá Akureyri,  
sex hópar, var kennt þar í jafnmargar vikur. Nemendur fóru í  
heimsóknir í vinnslu Samherja hf., í Sæplast ehf. á Dalvík og til

## SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SJÁ

stoðfyrirtækja í sjávarútvegi. Kennarar voru tveir stúdentar frá HA. Aðalstyrktaraðilar voru Samherji hf. og Kælismiðjan Frost hf., en auk þess styrktu skólann Gjögur hf., Sæplast Ísland, Frost ehf, Fóðurverksmiðjan Laxá hf. og Rafeyri ehf.

Sjávarútvegsskólinn í Reykjavík var haldinn í fyrsta skipti 2020. Nemendur voru 70 talsins, á aldrinum 15 – 16 ára. Kennslu-aðstaða var í Sjóminjasafni Reykjavíkur og húsnæði Brims hf. og kennarar tveir stúdentar frá Háskólanum á Akureyri. Aðalstyrktaraðilar voru Brim hf. og Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. Fjögur önnur fyrirtæki veittu styrki: Fiskkaup hf., Marel, Faxafóahafnir sf. og Lýsi hf.

Sjávarútvegsskóli Sauðárkróks tók líka til starfa sumarið 2020. Nemendur voru 24, á aldrinum 13 – 14 ára. Um kennsluna sáu verkefnisstjóri við Sjávarútvegsdeild HA og starfsmaður Hafnarsjóðs Sauðárkróks. Aðalstyrktaraðilar voru FISK – Seafood, Dögun ehf., Fiskmarkaður Íslands og Hafnarsjóður Skagafjarðar. Samvinna var við fyrirtæki sem nemendurnir heimsóttu og einnig kom Björgunarsveitin Skagfirðingasveit að verkefninu.

### Sjávarútvegsskóli Vesturbyggðar starfaði í fyrsta skipti 2020. Nemendur voru 22 á aldrinum 13 – 16 ára

Kennsla fór fram á Patreksfirði en auk þess voru farnar vettvangsferðir til að skoða fiskeldi á Bíldudal og í Tálknafirði. Lögð var áhersla á fiskeldi, en einnig aðrar sjávarútvegstengdar atvinnugreinar. Þrír stúdentar í sjávarútvegsfræði og líftækni við HA sáu um kennslu.

Aðalstyrktaraðilar voru Arnarlax, ArcticFish, Vestri ehf. og Vesturbyggð. Björgunarsveitin Blakkur kom að verkefninu.

### Sjávarútvegsskóli Þróunarsamvinnumiðstöðvar UNESCO á Íslandi (áður Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna)

Sjávarútvegsmiðstöðin hefur tekið á móti nemendum Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna árlega um langt skeið. Vegna Covid-19 faraldursins komu engir nemar 2020, en 19 nemendur komu haustið áður. Skólaárið 2019 – 2020 unnu þrír nemendur lokaverkefni sín við Háskólann á Akureyri.

### Sérverkefni fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið – ANR

Árlega vinnur Sjávarútvegsmiðstöðin sérverkefni fyrir ANR. Árið 2020 leitaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sérfræðilíts Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar varðandi útflutning óunnins fisks, magn, og áhrif þess á íslenskt atvinnulíf að flytja óunnar afurðir úr landi. Það var í tengslum við fyrirspurn frá atvinnuveganefnd Alþingis. Verkefninu lauk með skýrslu til ráðuneytisins sem skilað var í apríl, *Útflutningur á óunnum fiski í gámum*.

### MARBIO – samnorrænt meistaranám

Sjávarútvegsmiðstöðin og tveir stúdentar úr sjávarútvegsfræði tóku að sér að vinna myndefni um sjávarútveg fyrir MARBIO, sem er samnorrænt meistaranám í sjálfbærri framleiðslu og nýtingu á afurðum sjávar.

Eitt fast stöðugildi er við Sjávarútvegsmiðstöðina, þ.e. starf forstöðumanns. Guðrún Arndís Jónsdóttir gegndi því annað árið í röð. Einnig voru átta stúdentar í sjávarútvegsfræði og auðlindafræði við HA, ýmist enn í námi eða brautskráðir, ráðnir tímabundið vegna Sjávarútvegsskóla unga fólksins.

# RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

Rannsóknamiðstöð ferðamála er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu. RMF sinnir viðfangsefnum á sviði ferðamála-rannsókna í tengslum við atvinnulíf og innlenda sem erlenda háskóla. Aðalskrifstofa RMF er við Háskólann á Akureyri en frá árinu 2012 hefur RMF einnig haft skrifstofu við Háskóla Íslands.

Þrátt fyrir að starfsárið hafi verið nokkuð óhefðbundið vegna Covid-19 faraldursins kom starfsfólk RMF að mörgum fjölbreyttum rannsóknarverkefnum og tók þátt í samstarfi rannsakenda á ýmsum sviðum. Meginstarfsemi RMF fólst sem fyrr í gagnasöfnun, úrvinnslu og skýrsluskrifum. Erlend samstarfsverkefni settu svip sinn á starfið í auknum mæli. Til að mynda hófust tvö ný alþjóðleg verkefni tengd skemmtiferðamennsku, og einnig nýtt Erasmus+ verkefni sem snýr að því hvernig ferðaþjónustufyrirtæki komast sem best í gegnum kreppuástand.

Þær breytingar urðu á starfsliði RMF að Elísabet Ögn Jóhannsdóttir hætti störfum um haustið. RMF hafði fjóra starfsnema á árinu. Luise Blum, frá West Coast University of Applied Science í Þýskalandi, var staðsett á Reykjavíkurskrifstofu RMF. Þrír meistaranemar, Minke Katie van Netten, frá Uppsala Universitet í Svíþjóð, og Anneke Holtman og Sascha Keurhorst, báðar frá Van Hall Larstein í Hollandi, voru í sínu starfsnámi á Akureyrarskrifstofu RMF.

## Starfsfólk RMF á árinu 2020:

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður  
Elísabet Ögn Jóhannsdóttir sérfræðingur, til 30. september  
Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur  
Íris Hrund Halldórsdóttir sérfræðingur  
Vera Vilhjálmssdóttir sérfræðingur  
Þórný Barðadóttir sérfræðingur  
Anneke Holtman starfsnemi  
Luise Blum starfsnemi  
Minke Katie van Netten starfsnemi  
Sascha Keurhorst starfsnemi

## Í árslok 2020 sátu í stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála:

Guðrún Pétursdóttir, frá Háskóla Íslands, formaður stjórnar  
Bragi Guðmundsson, frá Háskólanum á Akureyri  
Hafðís Björg Hjálmarsdóttir, frá Háskólanum á Akureyri  
Rannveig Ólafsdóttir, frá Háskóla Íslands  
Ingibjörg Sigurðardóttir, frá Háskólanum á Hólum  
Vilborg Helga Júlíusdóttir, frá Samtökum ferðaþjónustunnar  
Oddný Þóra Óladóttir, frá Ferðamálastofu.

Aðalfundur stjórnar RMF var haldinn 8. júní í Eyjafjarðarsveit. Nokkrar breytingar urðu á stjórn RMF á árinu þegar Ingibjörg Sigurðardóttir tók við stjórnarsetu um vorið af Laufeyju Haraldsdóttur fyrir hönd Háskólans á Hólum og um haustið komu Bragi Guðmundsson og Hafðís Björg Hjálmarsdóttir inn í stjórn fyrir hönd Háskólans á Akureyri í stað Sigrúnar Stefánsdóttur og Jón Þorvalds Heiðarssonar.

## RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



### Rannsóknaverkefni ársins

Verkefni	Verkefnastjórar
<i>Aðlögunarhæfni og seigla í ferðaþjónustu: Hvernig á að mæta áföllum?</i>	Íris H. Halldórsdóttir
<i>ACT – Navigating Impacts of the Arctic Tourism Industry on Nature, Commerce, and Culture in Northern Communities.</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Þórný Barðadóttir
<i>Áfangastaðurinn Norðurland</i>	Elísabet Ögn Jóhannsdóttir
<i>Kínverskir ferðamenn á Íslandi: Upplifun og reynsla íslenskra ferðaþjónustuaðila</i>	Vera Vilhjálmisdóttir
<i>Kjör og aðstæður erlends vinnuafis í ferðaþjónustu</i>	Íris Hrund Halldórsdóttir og Magnfríður Júlíusdóttir
<i>OUTPACE: Poppmenning í ferðaþjónustu</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Vera Vilhjálmisdóttir
<i>Sjálfbær móttökusvæði skemmtiskipa á norðurlóðum: Frá starfsháttum til stýringar</i>	Þórný Barðadóttir
<i>Staðbundin könnun á ferðahegðun og neyslu erlendra ferðamanna</i>	Þórný Barðadóttir
<i>T-Crisis NAV – Navigating SMEs in the tourism sector through crisis</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Íris Hrund Halldórsdóttir
<i>Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu: Landskönnun 2019</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir
<i>Viðhorf heimamanna á tímum COVID-19</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Nánari lýsingar á verkefnunum er að finna í ársskýrslu á vef RMF [www.rmfi.is](http://www.rmfi.is).

Þar gefur enn fremur að líta yfirlit yfir útgefið efni, fyrirlestra, erindi, ráðstefnur, málþing o.fl.





## SAMNINGAR

Í skránni er getið nokkurra helstu samninga sem Háskólinn á Akureyri gerði á árinu. Fyrst er getið um samningsaðila, þá eðli samnings og síðast dagsetningu undirritunar.

Auk þess gera deildir og svið háskólans, sem og verkefnastjóri alþjóðamála, fjölda samstarfssamninga fyrir hönd skólans, meðal annars við erlendar stofnanir og háskóla.

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri – RHA og Miðstöð skólaþróunar við HA – MSHA gera auk þess samninga um sérfræðiverkefni.

- Heilbrigðisstofnun Suðurlands: *Rammasamningur um samstarf*. 31. janúar 2020.
- Heilbrigðisstofnun Austurlands: *Rammasamningur um samstarf*. 19. febrúar 2020.
- Einar Kristinsson: *Verksamningur um sálfræðiþjónustu til háskólanema*. 28. maí 2020.
- University of The Highlands and Islands: *Samstarfsyfirlýsing*. 12. júní 2020.
- Akureyrarbær: *Rammasamningur um samstarf*. 30. júní 2020.
- Reykjalundur: *Rammasamningur um samstarf*. 10. júní 2020.
- Panopto: *Samningur um Panopto-upptökuerfið*. 24. ágúst 2020.
- Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA: *Verksamningur um Ritver Háskólans á Akureyri*. 20. ágúst 2020.
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands: *Rammasamningur um samstarf*. 17. ágúst 2020.
- DHL Express á Íslandi: *Flutningssamningur*. 21. september 2020.
- Icelandic Startups (Klak Innovit ehf): *Samkomulag um eflingu stuðnings við frumkvöðlastarf og atvinnu- og verðmætasköpun á Norðurlandi*. 21. september 2020.
- Sólar ehf.: *Verksamningur um umsjón og ræstingu húsnæðis Háskólans á Akureyri*. 25. september 2020.
- Instructure Global Ltd: *Þjónustusamningur um Canvas*. 2. október 2020.
- Matsmiðjan ehf.: *Verksamningur um rekstur mótuneytis og veitingasölu við HA*. 4. júní 2020.
- Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri og Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu – MSL: *Samningur um Moodle-kennslukerfið*. 26. júní 2020.
- GlobalSign: *Samningur um rafrænar undirskriftir*. 27. apríl 2020.
- Inpera: *Þjónustusamningur, Personal Data Processing Agreement*. 27. apríl 2020.
- Valitor: *Þjónustusamningur*. 10. september 2020.
- N4 ehf: *Samningur um umfjallanir um Háskólann á Akureyri 2020*. 11. mars 2020.
- Félagstofnun stúdenta á Akureyri: *Samningur um rekstur námsmannaíbúða 2020 – 2021*. 15. október 2020.
- Háskólinn á Hólum, Nord University í Noregi og University of Gothenburg í Svíþjóð: *Samningur um sameiginlega prófgráðu, The Nordic Master Programme in Sustainable Production and Utilization of Marine Bioresources*. 20. janúar 2020.
- Akureyrarbær: *Samningur um skólaþjónustu við leik- og grunnskóla, rannsóknir og úttektir*. 30. júní 2020.
- Sjávarlíftækni- og sjávarlíftækni ehf.: *Samstarfssamningur á sviði sjávarlíftækni*. 24. janúar 2020.
- AkureyrarAkademían: *Samstarfssamningur*. 18. september 2020.
- Háskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Hólum: *Samningur opinberra háskóla um gagnkvæman aðgang nemenda að námskeiðum*. 29. september 2020.
- Utanríkisráðuneytið: *Þjónustusamningur um norðurslóðasamstarf og sérfræðivinnu háskólasamfélagsins á Akureyri 2020 – 2021*. 27. maí 2020.
- Hug- og félagsvísindasvið HA og Menntamálastofnun: *Samstarfsyfirlýsing um eflingu rannsókna á menntun með því að nýta sameiginlega sérfræðipækkingu og gögn*. 21. febrúar 2020.

## EITT OG ANNAÐ



JAFNLAUNAVOTTUN  
2020 - 2023

### Jafnlaunavottun

Í janúar hlaut Háskólinn á Akureyri jafnlaunavottun og þar með heimild til að nota jafnlaunamerkið.

Jafnlaunavottun er vottun á jafnlaunakerfi stofnunar. Markmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Stofnunum og fyrirtækjum er lögum samkvæmt skylt að sýna fram á að þau greiði jöfn laun fyrir sömu og jafnverðmæt störf. Við undirbúning að innleiðingu Jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 í HA fór fram innri og ytri úttekt á öllu sem lýtur að launamálum innan háskólans, að hve miklu leyti Jafnlaunastaðallinn er uppfylltur, og áætlun um aðgerðir til umbóta. Til dæmis var horft til stefnumörkunar háskólans, hvort verklagsreglur eru skráðar, hvernig starfaflokkun er háttað og þess hvort ákvarðanir um laun og kjör eru skjalfestar, rökstuddar og rekjanlegar. Ferlinu lauk með ytri aðalúttekt sem framkvæmd var af faggiltri vottunarstofu.

Jafnlaunavottun er gefin út til þriggja ára í senn. Jafnlaunastaðallinn kveður á um árlegar launagreiðingar og stöðugar umbætur í samræmi við launastefnu viðkomandi stofnunar og áætlun um jafna stöðu kynjanna.



### ***Það hefur víst ekki farið framhjá neinum að Covid-19 veiran (í daglegu tali Kórónaveiran) hefur verið að dreifa sér um heiminn.***

Þannig byrjaði fyrsta tilkynning rekors til starfsfólks og stúdenta, birt þann 26. febrúar. Heimsfaraldurinn setti mikinn svip á starfsemi háskólans allt árið.

Neyðarstjórn háskólans, skipuð rektor, framkvæmdastjóra og formanni öryggisnefndar, starfaði þegar landsáætlun vegna faraldursins var færð upp á hættustig eða neyðarstig. Annars var samræming sóttvarnaraðgerða í höndum rektors. Sérstök upplýsingasíða vegna Covid-19 var opnuð á ytri vef háskólans um miðjan mars.

Allt nám var fært í rafrænt form, staðarlotum var breytt og verklegt/klínískt nám og starfsþjálfun var endurskipulögð. Breytingar voru gerðar á námsmáti. Komið var til móts við stúdenta á ýmsan hátt og með þessu tókst að gera þeim kleift að ljúka bæði vor- og haustmisseri.

Samskipti og fundir fóru fram rafrænt og viðburðir á borð við brautskráningu og nýnemadaga voru haldnir gegnum stafræna miðla. Með því að allir lögðu sitt af mörkum, bæði starfsfólk og stúdentar, var hægt að halda starfsemi háskólans áfram og koma í veg fyrir smit innan skólans.

Þegar rektor sendi út síðustu tilkynninguna fyrir jól var bjartara framundan enda hillti undir bóluefni við veirunni. Hann hvatti þó eindregið til þess að fólk héldi sig innan jólakúlunnar. Jólakúlan hafði þá sérstaka merkingu eins og fleiri orð og nýyrði sem urðu daglegt mál þetta fordæmalausa ár.

## EITT OG ANNAÐ

### Grænu skrefin



Græn skref eru verkefni fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neiðkvæðum umhverfis-áhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna. Háskólinn á Akureyri

skráði sig til leiks í mars 2020. Þá þegar hafði háskólinn náð góðum árangri í umhverfisverndarmálum. Til dæmis var HA fyrsti íslenski háskólinn til að fá Grænfánavottunina.

Græn skref snúa að umhverfisverndarumbótum í sjö flokkum:

- miðlun og stjórnun
- innkaup
- samgöngur
- rafmagn og húshitun
- flokkun og minni sóun
- viðburðir og fundir
- eldhús og kaffistofur

Grænu skrefin eru stigin í fimm áföngum. Í nóvember 2020 hafði HA náð öðru skrefi.

Framkvæmd, utanumhald og fræðsla um Græn skref eru í höndum umhverfisráðs háskólans. Umhverfisráð vinnur markvisst enda stefnin



HA langt í umhverfisverndarmálum. Til dæmis er markmiðið að starfsemin verði orðin að fullu kolefnishlutlaus fyrir árið 2023. Umhverfisstofnun hefur umsjón með Grænum skrefum á landsvísi og verkefnið er fjármagnað af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Upphaflega var miðað að því að allar ríkisstofnanir tækju skrefin fimm fyrir árslok 2021.

**Nánar má lesa um Grænu skrefin á vefnum [graenskref.is](http://graenskref.is)**

### Lífið á tímum kórónuveirunnar: Breytingar á fjölskyldulífi, atvinnu og ábyrgð

Þær Andrea Hjálmsdóttir lektor og Valgerður S. Bjarnadóttir nýdóktor, báðar við Hug- og félagsvísindasvið, ákváðu snemma árs að rannsaka áhrif Covid-19 faraldursins á heimilislíf fólks, heimilisstörf og barnauppeldi. Augljóst var að samkomubann, vinna að heiman og skerðing á ýmiss konar þjónustu myndi hafa afleiðingar fyrir fjölskyldur. Markmið rannsóknarinnar var að kortleggja áhrif faraldursins á daglegt líf barnafjölskyldna. Einnig að dýpka skiling á upplifun foreldra af áhrifum faraldursins á samræmingu fjölskyldulífs og vinnu.

Rannsakendur óskuðu eftir samvinnu við fjölskyldur með börn undir 18 ára aldri. Rannsóknin stóð yfir í tvær vikur og þátttakendur voru um 50 talsins. Þeir héldu dagbækur, þ.e. tímafærslur yfir viðfangsefni sín og sinna nánustu og skráðu jafnframt hugleiðingar sínar um faraldurinn og hvernig hann hafði áhrif á daglegt líf.

Rannsóknin virðist leiða í ljós að jafnrétti kynjanna gagnvart heimilishaldi er ekki eins mikið og almennt er talið. Covid-ástandið reyndi á fjölskyldur á mismunandi hátt. Mikinn tíma tók að hafa ofan af fyrir börnum, styðja við börn og ungmenni með sérþarfir, hafa heimanám og stunda íþróttæfingar heima, láta allt ganga upp. Frumniðurstöður rannsóknarinnar eru að ábyrgð á heimilislífi á Covid-tímum hvíldi meira á herðum kvenna en karla.

Rannsóknin gefur tilefni til að fylgja eftir áhugaverðum þáttum, til dæmis hvort vinnu-



Andrea Hjálmsdóttir lektor Valgerður S. Bjarnadóttir nýdóktor

veitendur slökuðu á kröfum um vinnuframlag, og hvernig fólk upplifði það að vinna að heiman. Einnig er áhugavert að kortleggja á sama hátt daglegt líf á venjulegum tímum.

Andrea og Valgerður hafa báðar haft áhuga á jafnréttis- og fjölskyldumálum, ekki síst samspili kynja-jafnréttis, starfa og einkaífs. Rannsóknin var styrkt af framlagi úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar.

## EITT OG ANNAÐ

### Háskólinn á Akureyri og utanríkisráðuneytið gerðu samning um málefni norðurslóða

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðgjafi, heimsótti HA í maí.

Við það tækifæri var undirritaður þjónustusamningur milli Háskólans á Akureyri og utanríkisráðuneytisins. Með samningnum fæst fjármagn til norðurslóðasamstarfs og sérfræðivinnu háskólasamfélagsins á Akureyri þann tíma sem Ísland fer með formennsku í Norðurskautsráðinu, eða til ársloka 2021.

Samningurinn tilgreinir fimm verkefni sem öll lúta að fjölþjóðlegu samstarfi um aukinn skilning og þekkingu á málefnum og sérstöðu norðurslóða.

Samningurinn er viðurkenning á starfi við Háskólann á Akureyri sem lýtur að norðurslóðamálefnum.

Hann styrkir líka samfélag stofnana sem fara með málefni norðurslóða og eru staðsettar á Akureyri.



Rannsóknþing Norðursins (Northern Research Forum – NRF) við Háskólann á Akureyri heldur utan um þau verkefni sem kveðið er á um í samningnum.



Í tilefni af undirrituninni var farið í siglingu og á sjóstangveiðar á eikarbátum Húna II

### Íslensku menntaverðlaunin endurvakin


Eftir nokkurra ára hlé voru Íslensku menntaverðlaunin veitt að nýju. Þau eru viðurkenning fyrir framúrskarandi skólastarf, menntaumbætur og þróunarverkefni. Samtök áhugafólks um skólaþróun standa á bak við Íslensku menntaverðlaunin. Kennaradeild HA og Miðstöð skólaþróunar við HA áttu sinn þátt í að verðlaunin voru veitt á ný árið 2020. Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor við Kennaradeild, sat í viðurkenningarráði fyrir hönd HA.

Árið 2020 voru veitt verðlaun í þremur flokkum.

Í flokknum Framúrskarandi skólastarf eða menntaumbætur hlaut Dalskóli í Úlfarsárdal í Reykjavík verðlaunin. Skólinn var tilnefndur fyrir þróun þverfaglegra skapandi kennsluhátta.

Verðlaunahafi í flokknum Framúrskarandi þróunarverkefni var Langholtsskóli í Reykjavík. Hann var tilnefndur fyrir verkefnið *Smíðjan* á unglingsstigi.

Birte Harksen hlaut verðlaunin Framúrskarandi kennari. Hún er kennari við Heilsuleikskólann Urðarhól í Kópavogi, tilnefnd fyrir framúrskarandi kennslu og frumkvæði við að efla skapandi og leikmiðaða starfsemi í leikskólum.



Einnig voru veitt hvatningarverðlaun. Ingvi Hrnar Ómarson og Utís-hópurinn hlaut þau fyrir framúrskarandi stuðning við starfsþróun íslenskra kennara, miðlun framsækinnna hugmynda um skapandi skólastarf og nýsköpun og upplýsingtækni þar sem nemandinn er í brennidepli.

## EITT OG ANNAÐ

### Sjávarútvegsskóli unga fólksins

Sjávarútvegsskóli unga fólksins var haldinn í áttunda sinn og voru nemendur um 400 talsins. Kennsla fór fram nokkrum stöðum á Norðurlandi og á Austurlandi, í Reykjavík og í Vesturbyggð. Sjávarútvegsskólinn er ætlaður ungmennum á aldrinum 13 – 16 ára. Tilgangurinn er að vekja áhuga á sjávarútvegi og starfsemi fyrirtækja í tengdum greinum. Kennslan fer fram í viku á hverjum stað, bæði bókleg og verkleg. Meðal annars fengu nemendur að meta gæði fisks með skynmati. Einnig heimsóttu þeir bæði fyrirtæki og fiskiskip. Þá kynntust nemendur björgunarsveitum á hverjum stað. Kennarar við Sjávarútvegsskólann voru átta, ýmist brautskráðir sjávarútvegsfræðingar frá HA eða enn í námi. Sjávarútvegsmiðstöðin við Háskólann á Akureyri hefur umsjón með skólanum. Guðrún Arnðís Jónsdóttir er forstöðumaður Sjávarútvegsskólans. Mikið samstarf er við vinnuskóla bæjar- og sveitarfélaga sem og fyrirtæki á hverjum stað.



### Á árinu 2020 þróaðist þjónusta Náms- og starfsráðgjafar Háskólans á Akureyri – NSHA ört

Stúdentar leituðu í mun meira mæli eftir ráðgjöf og fjölgaði viðtölum verulega mikið, sem má að einhverju leyti rekja til Covid-19 faraldursins. Því var ákveðið að auka við mannskap og starfa nú fjórir við NSHA, tveir náms- og starfsráðgjafar, ráðgjafi og sálfræðingur.

María Jónsdóttir náms- og starfsráðgjafi og Einar Kristinsson sálfræðingur bættust við teymi Náms- og starfsráðgjafar. Einar er fyrsti sálfræðingurinn í teyminu og því fylgir að móta starfið. Hann sinnir sálfræðiþjónustu fyrir stúdenta. Geðheilbrigðismál hafa verið í brennidepli hjá Stúdentafélagi HA síðustu misseri og því var ánægjulegt að bregðast við því ákalli.

Á haustmisseri 2020 var boðin hugræn atferlismeðferð í formi sex vikna námskeiða á

Teams. Einnig bauð sálfræðingur upp á einstaklingsviðtöl og hélt fyrirlestra á Zoom. Þá bauð NSHA nýtt námskeið fyrir stúdenta sem fást við prófkviða, og fór það fram í Canvas-kennslukerfinu.

NSHA sér um vefsíðuna Bjargir á vef háskólans. Þar eru ýmis hagnýt ráð og tæknilausnir fyrir stúdenta, en vegna faraldursins var mun meiri eftirspurn eftir aðstoð og sérúrræðum en venjulega. Vefsíðan var sett upp í samvinnu við ýmsar aðrar einingar háskólans, svo sem Nemendaskrá og Kennslumiðstöð. Stúdentar gátu sótt alla þjónustu rafrænt, s.s. viðtöl, fyrirlestra og námskeið. Þeir sem vildu gátu komið til viðtals á staðnum eftir því sem takmarkanir leyfðu. Ráðgjafar svöruðu einnig fyrirspurnum í netspjalli á vef HA en það var nýjung á árinu. Með þessu var hægt að veita aukna þjónustu og styðja við stúdenta.



## EITT OG ANNAÐ



### Starfsemi Arctic Therapeutics

Fyrirtækið Arctic Therapeutics var stofnað árið 2017. Það starfar á sviði erfðafræði. Arctic Therapeutics hefur leyfi til að reka lífsýnabanka og þróar einnig lyf. Fyrirtækið er staðsett við Háskólann á Akureyri og aðstaðan er byggð upp í samvinnu við Sjúkrahúsið á Akureyri.

Hjá Arctic Therapeutics opnast tækifæri fyrir stúdenta við HA til að taka þátt í rannsóknnum.

Í tengslum við klíniska rannsókn er nú unnið að þróun lyfs sem stöðvar framvindu ættgengrar, íslenskrar heilablæðingar. Lyfið kemur í veg fyrir útfellingar á mýildi sem lokar æðum og leiðir til heilablæðinga á unga aldri. Ef byrjað er að gefa lyfið nógu snemma er mögulega hægt að koma í veg fyrir að sjúkdómurinn komi nokkurn tímann fram. Stefnt er að fleiri klínískum rannsóknum í náinni framtíð í því skyni að þróa lyf, svo sem við sjálfsofnæmissjúkdómum, húðsjúkdómum og bólgum í augum. Astmalyf er í þróun, en hliðarvirgni þess er lækning við almennu kvefi.

Stofnandi og eigandi fyrirtækisins Arctic Therapeutics er Hákon Hákonarson, barnalæknir í Filadelfíu í Bandaríkjunum, sérfræðingur í lungna- og genarannsóknum. Árið 2020 voru fjórir starfsmenn og þrjú stúdentar í vinnu hjá fyrirtækinu. Stefnt er að því að byggja upp starfsemi og fjölga störfum verulega á næstu árum.



### Vísindaskóli unga fólksins

Vísindaskóli unga fólksins við Háskólann á Akureyri hefur verið starfræktur síðan 2015. Hann starfar árlega í eina viku í júnímánuði, í þetta sinn 22. – 26. júní.

Tilgangurinn með Vísindaskólanum er tvíþættur. Í fyrsta lagi að auka framboð á uppbyggilegum verkefnum fyrir börn þegar formlegu skólastarfi lýkur að vori, og í öðru lagi að kynna háskólann fyrir ungmennum. Skólinn er ætlaður börnum á aldrinum 11 – 13 ára. Algengt er að börn taki þátt þrjú ár í röð, enda eru nýjar námsgreinar á hverju ári. Að þessu sinni voru nemendur um 75 talsins og kynjaskipting mjög jöfn. Þetta voru þemur:

- Góður bær, betri bær
- Er hjartað bara líffæri?
- Hvernig ferðumst við án olíu?
- Sameiginleg framtíð okkar allra
- Afi minn og amma mín úti á Bakka búa.

Vísindaskólanum lýkur með formlegri brautskráningu í hátíðarsal háskólans.

Skólinn gekk vel þrátt fyrir Covid-19 faraldurinn. Að sjálfsögðu var fyllstu sóttvarna



gætt. Flest barnanna koma af Eyjafjarðarsvæðinu. Skólinn er þó opinn öllum, og nokkuð er um að börn búsett annars staðar komi í Vísindaskólann. Skólagjald er hóflegt og fjölmargir aðilar styrkja skólann á ýmsan hátt á hverju ári.

Sigrún Stefánsdóttir dósent, stundakennari við HA, er skólastjóri Vísindaskólans.

## EITT OG ANNAÐ

### Íslenskt þekkingarsamfélag hefur lykilhlutverk í málefnum norðurslóða

Við Háskólann á Akureyri er mikil áhersla á málefni norðurslóða. Sér í lagi á það við um heilsu og velferð íbúa landa á norðlægum slóðum, aðstæður þeirra í ljósi loftslagsbreytinga, og möguleika sem felast í aukinni sjálfbærni. Einnig er fyrir hendi mikil þekking á réttarfari ríkja og samfélaga á norðurslóðum. Norðurslóðaáhersla endurspeglast bæði í námi og rannsóknum við háskólann.

Ísland fer með formennsku í Norðurskautsráðinu 2019 – 2021. Sérfræðiþekking innan HA hefur komið að góðu gagni í starfi vinnuhópa á þess vegum. Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs, leiðir starf sérfræðingahópsins *The Arctic Council's Expert Group on Human Health*. Rachael Lorna Johnstone, prófessor við Hug- og félagsvísindasvið, er einn helsti sérfræðingur Íslands í heimskautarétti og stjórnarfari á norðurslóðum.



Auk háskólans eru á Akureyri aðrar stofnanir sem sinna málefnum norðurslóða, svo hægt er að tala um þekkingarsamfélag á því sviði. Embla Eir Oddsdóttir, forstöðumaður Norðurslóðanets Íslands, leiðir starf annars sérfræðihóps Norðurskautsráðsins, *Social, Economic and Cultural Expert Group – SECEGS*, hóps um félagsleg, efnahagsleg og menningarleg málefni.

Norðurskautsráðið (The Arctic Council) er samstarfsvettvangur átta ríkja um málefni sjálfbærrar þróunar á norðurslóðum.

### Langtímarannsókn á íslenskum fjallagrösum



Í desember birtist grein um íslensk fjallagrös í tímaritinu *Frontiers in Microbiology*.

Höfundar greinarinnar eru meðal annarra Ingeborg Klarenberg, doktorsnemi við HÍ, Ingibjörg Svava Jónsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, og Oddur Þór Vilhelmsson, prófessor við

Viðskipta- og raunvísindasvið HA. Greinin fjallar um áhrif hlýnunar á fléttutegundina íslensk fjallagrös, *Cetraria islandica*.

Árið 1996 hóf Ingibjörg Svava Jónsdóttir að rannsaka áhrif loftslagshlýnunar á vistkerfi í sífrera. Sett voru upp opin plastbúr á Auðkúluheiði þar sem vaxa lágar birkitegundir, mosi og fléttur. Innan búrana er lofthitastig á sumrin einni til tveimur gráðum hærra en utan þeirra. Rannsóknin var hluti af alþjóðlegu verkefni, International Tundra Experiment.

Ingeborg Klarenberg hefur rannsakað gögn og sýni úr búrunum og viðmiðunarreitum. Niðurstöður eru meðal annars að marktæk breyting hefur orðið á sambýlisörverusamsetningu fjallagrasa.


Breytingar kunna að vera óbeint vegna hlýnunar, þ.e. að örverurnar hafi brugðist við vegna breytinga sem urðu á plöntusamsetningu og sinulagi í rannsóknarreitunum.

Greinin heitir *The Total and Active Bacterial Community of the Chlorolichen Cetraria Islandica and Its Response to Long-Term Warming in Sub-Arctic Tundra* og hana má lesa hér:

<https://www.frontiersin.org/articles/10.3389/fmicb.2020.540404/full#B91%20>

## ÁRSREIKNINGUR 2020

### Skipting kostnaðar



### Gjöld 2020:

		pús.kr.
Laun og launatengd gjöld	69%	2.400.684
Framlög og tilfærslur	4%	123.525
Annar rekstrarkostnaður	27%	945.343
Afskriftir	1%	34.412
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>3.503.964</b>

### Yfirlit um afkomu ársins 2020

#### Tekjur 2020:

	2020	2019
Tekjufærsla fjárveitinga	2.766.100.000	2.538.300.000
Aðrar tekjur	203.023.413	193.384.554
Seld þjónusta	181.965.307	182.504.202
Framlög og ýmsar tekjur	343.522.489	367.977.681
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	34.412.069	33.573.839
<b>Tekjur samtals</b>	<b>3.529.023.278</b>	<b>3.315.740.276</b>

#### Gjöld 2020:

Laun og launatengd gjöld	2.400.683.763	2.316.083.628
Framlög og tilfærslur	123.524.909	122.608.436
Annar rekstrarkostnaður	945.343.004	806.101.799
Afskriftir	34.412.069	33.573.839
	3.503.963.745	3.278.367.702
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>	<b>25.059.533</b>	<b>37.372.574</b>


#### Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	192.411	163.584
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	(526.329)	(513.063)
	(333.918)	(349.479)
<b>Afkoma ársins</b>	<b>24.725.615</b>	<b>37.023.095</b>



# ÁRSREIKNINGUR 2020

## Skipting tekna



## Tekjur 2020

		þús.kr.
Tekjufærsla fjárveitinga	78%	2.766.100
Innritunargjöld	6%	203.023
Seld þjónusta	5%	181.965
Framlög og ýmsar tekjur	10%	343.523
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	1%	34.412
<b>100%</b>		<b>3.529.023</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

### Eignir

	31/12/2020	31/12/2019
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld og búnaður	150.552.155	120.537.796
Farartæki og vélar	1.581.250	1.856.250
Aðrar eignir	13.773	12.344
	152.147.178	122.406.390
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutar í öðrum félögum	2.495.800	2.495.800

### Fastafjármunir samtals

**154.642.978**      **124.902.190**

### Veltufjármunir

Viðskiptakröfur	27.297.017	25.511.686
Tengdir aðilar	242.076.935	330.922.185
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	2.282.751	8.040.467
Handbært fé	177.602.651	59.006.542

### Veltufjármunir samtals

**449.259.354**      **423.480.880**

### Eignir samtals

**603.902.332**      **548.383.070**

### Eigið fé og skuldir

#### Eigið fé

Hrein eign	108.743.587	84.017.972
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>108.743.587</b>	<b>84.017.972</b>

#### Skuldir

Tengdir aðilar	10.510.608	26.992.958
Viðskiptaskuldir	42.453.065	41.747.773
Ýmsar skammtímaskuldir	217.429.205	221.146.431
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	224.765.867	174.477.936
<b>Skuldir samtals</b>	<b>495.158.745</b>	<b>464.365.098</b>

### Skuldir samtals

**495.158.745**      **464.365.098**

### Eigið fé og skuldir samtals

**603.902.332**      **548.383.070**

# BRAUTSKRÁNING FRÁ HÁSKÓLANUM Á AKUREYRI

**Brautskráning kandiðata fór fram þann 13. júní.** Vegna Covid-19 faraldursins var ekki haldin hefðbundin Háskólahátíð. Þess í stað fór brautskráningin fram í hátíðardagskrá sem sýnd var á sjónvarpsstöðinni N4. Að þessu sinni var þáttur stúðenta í brautskráningunni meiri en áður og starfsfólk háskólans tók einnig þátt í því að skapa gleðilega og hátíðlega stemmingu.

Heiðursgestur á brautskráningu var Helgi Björnsson tónlistarmaður og leikari.

Í ávarpi til kandiðata hvatti hann þau til að vera samkvæm sjálfum sér, skapa eigin tækifæri og treysta á innsæði.

Kynnir var Guðmundur Gunnarsson, fjölmiðlafræðingur frá Háskólanum á Akureyri.



**Alls brautskráðust 445 kandiðatar. Þar af voru 343 brautskráðir úr grunnnámi og 102 úr framhaldsnámi.**

**Skipting kandiðata eftir fræðasviðum:**

Fræðasvið	Grunnnám	Framhaldsnám
Heilbrigðisvísindasvið	76 kandiðatar	40 kandiðatar
Hug- og félagsvísindasvið	177 kandiðatar	62 kandiðatar
Viðskipta- og raunvísindasvið	90 kandiðatar	

Að auki fengu 33 kandiðatar brautskráningarskríteini sín 15. október 2019 og 15. febrúar 2020.

**Viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í grunnnámi fengu eftirtaldir kandiðatar:**

Elísabet Ragna Hannesdóttir, viðurkenning frá Hjúkrunarfræðideild fyrir hæstu meðaleinkunn til BS-gráðu

Andrea Björt Ólafsdóttir, viðurkenning frá Iðjuþjálfunarfræðideild fyrir hæstu meðaleinkunn til BS-gráðu

Kristín Fríða Alfredsóttir, viðurkenning frá Félagsvísindadeild fyrir hæstu meðaleinkunn til BA-gráðu

Hrefna Maren Jörgensdóttir, viðurkenning frá Kennaradeild fyrir hæstu meðaleinkunn til BEd-gráðu

Stefán Aspar Stefánsson, viðurkenning frá Lagadeild fyrir hæstu meðaleinkunn til BA-gráðu

Guðrún Rut Guðmundsdóttir, viðurkenning frá Sálfræðideild fyrir hæstu meðaleinkunn til BA-gráðu

Bjartur Hilmisson, viðurkenning frá Auðlindadeild fyrir hæstu meðaleinkunn til BS-gráðu  
Jafnframt viðurkenning fyrir hæstu meðaleinkunn á Viðskipta- og raunvísindasviði

Erna Ósk Björgvindsóttir, viðurkenning frá Viðskiptadeild fyrir hæstu meðaleinkunn til BS-gráðu

Þórný Stefánsdóttir, viðurkenning frá Viðskipta- og raunvísindasviði fyrir hæstu meðaleinkunn til BS-gráðu í tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík við HA.

**Viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í framhaldsnámi fengu eftirtaldir kandiðatar:**

Sandra Sif Gunnarsdóttir, viðurkenning frá Heilbrigðisvísindasviði fyrir hæstu einkunn í framhaldsnámi til MS-gráðu á sviðinu. Sandra Sif var einnig með hæstu einkunn kandiðata í framhaldsnámi við háskólanum.

Brýndís Sóley Gunnarsdóttir, viðurkenning frá Hug- og félagsvísindasviði fyrir hæstu meðaleinkunn í framhaldsnámi til MEd-gráðu á fræðasviðinu.

## BRAUTSKRÁNING FRÁ HÁSKÓLANUM Á AKUREYRI



Íslandsklukkunni er jafnan hringt á Háskólahátíð. Hringjarinn hér er Rúnar Gunnarsson.



Heiðursgestur á brautskráningu var Helgi Björnsson tónlistarmaður og leikari.

### Viðurkenningar frá Sjúkrahúsinu á Akureyri hlutu:

Elísabet Ragna Hannesdóttir, viðurkenning fyrir hæstu meðaleinkunn í grunnnámi til BS-gráðu í Hjúkrunarfræðideild  
Andrea Björt Ólafsdóttir, viðurkenning fyrir hæstu meðaleinkunn í grunnnámi til BS-gráðu í Iðjuþjálfunarfræðideild  
Viðurkenningu frá Iðjuþjálfunarfélagi Íslands hlaut:  
Aldís Anna Þorsteinsdóttir, viðurkenning fyrir hæstu meðaleinkunn í 240 ECTS bakkalárprófi í Iðjuþjálfunarfræði

### Viðurkenningu frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands eystra hlaut:

Anna Karen Sigurjónsdóttir, BS í Hjúkrunarfræði, viðurkenning fyrir hæstu meðaleinkunn í Samfélagshjúkrun

### KEA- verðlaunin fyrir hæstu meðaleinkunn í grunnnámi hlutu:

Elísabet Ragna Hannesdóttir, Heilbrigðisvísindasviði  
Guðrún Rut Guðmundsdóttir, Hug- og félagsvísindasviði  
Bjartur Hilmisson, Viðskipta- og raunvísindasviði

### Zontaklúbbarnir á Akureyri veita styrki fyrir góðar lokaritgerðir sem fjalla um stöðu og réttindi kvenna á einhvern hátt.

#### Verðlaunahafar voru:

Fayrouz Nouh, Hug- og félagsvísindasviði, viðurkenning Zontaklúbbs Akureyrar.

Arndís Vilhjálmsdóttir, Heilbrigðisvísindasviði, viðurkenning Zontaklúbbsins Þórunnar hynnu.

Góðvinir Háskólans á Akureyri veita árlega heiðursverðlaun kandidötum sem náð hafa góðum námsárangri og hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu háskólans á meðan á námstíma stóð.

#### Verðlaunahafar voru, grunnám:

Heilbrigðisvísindasvið: Sigríður Arna Lund

Hug- og félagsvísindasvið: Karen Jónasdóttir

Viðskipta- og raunvísindasvið: Þórný Stefánsdóttir

#### Framhaldsnám:

Helena Sjørup Eiríksdóttir, Hug- og félagsvísindasviði



## BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

---

**Kæru kandídatar, starfsfólk Háskólans á Akureyri  
og landsmenn allir.**

Þetta hefur verið óvenjulegur vetur fyrir okkur öll – en mjög lærdómsríkur. Stærsti lærdómurinn er kannski sá að það góða líf sem þjóðir á Vesturlöndum hafa skapað sér er ekki sjálfsagt – og hægt er að umbreyta raunveruleika okkar með skömmum fyrirvara. Við megum ekki gleyma því að velmegunin og öryggið er ekki sjálfsagt. Við höfum líka lært að í okkur öllum býr mikill styrkur og æðruleysi – styrkur til að takast á við óvæntar aðstæður með hraði og finna nýjar lausnir. Í dag erum við hér með nýjar lausnir á óvenjulegum tíma, þar sem brautskráning 478 kandídata, frá þremur fræðasviðum fer fram með stafrænum hætti í gegnum sjónvarps-útsendingu og á samfélagsmiðlum.

***Verið velkomin á #Háskólahátíð.***

## BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

---

### Kæru kandídatar.

Ég sakna ykkar – við söknum þess að geta ekki séð andlit ykkar, tekið í höndina á ykkur og óskað ykkur til hamingju. En að þessu sinni verðum við að láta okkur duga rafrænar kveðjur til samnemenda, kennara og starfsfólks en fögnum þeim mun betur með ættingjum og vinum heima fyrir. Við sjáumst svo á afmælishátíð háskólans, ykkur til heiðurs, á afmælisdegi skólans í haust.

Þið munuð líta til baka eftir eitt ár, fimm ár, tíu ár, tuttugu ár og jafnvel fimmtíu ár og ávallt muna eftir þessum sérstæða tíma þegar Kóvið bankaði á dyr og breytti lífi okkar á svipstundu. Og þó að þetta hafi ekki verið auðvelt – á tímum eiginlega skelfilegt – þá komið þið sterkari út úr þessari raun. Að þið séuð nú að taka við brautskráningarskrárinum ykkar eftir svo „harðan“ vetur er afrek sem ekki er sjálfsagt – kæru kandídatar – vel gert! Innilega til hamingju!

### Ágætu landsmenn.

Það eru ekki margir sem gera sér grein fyrir því, hversu miklu grettistaki starfsfólk Háskólans á Akureyri lyfti þegar ákveðið var að færa alla kennslu og starfsemi skólans yfir á stafrænt form. Þar hjálpaði mikið hversu langt háskólinn hefur náð í þróun fjarkennslu síðastliðin tuttugu ár. Fjarkennsla er sveigjanlegt námsform og gerði þetta okkur kleift að aðlagast hratt og vel – en það var samt mikið verk. Þó að tækniþekkingin sé til staðar þurfti að breyta námsmati, færa staðlotur yfir í stafrænt form og endurskipuleggja með hraði alla framkvæmd kennslu á vormisseri. Þetta þurfti allt að gerast á meðan fólk sat heima við því húsnæði skólans var að mestu leyti lokað þann tíma sem þessar aðgerðir fóru fram. Ég er ævinlega þakklátur öllu starfslíði háskólans, kennurum jafnt sem starfsfólki stoðþjónustu, fyrir óeigingjarnt framlag þess og vilja til verksins. Það verður ekki fullþakkað, framlag þessa fólks, á erfiðum tíma.

### Kæru kandídatar og góðir landsmenn.

Ég heyr því stundum fleygt að nú séu bara „allir“ komnir með háskólamenntun og hvort ekki sé komið nóg. Háskólinn á Akureyri hefur á síðustu árum þurft að takmarka aðgengi að skólanum, umfram það sem gert er í öðrum opinberum háskólum. Þrátt fyrir það er nemendafjöldi við skólann sá mesti frá upphafi og allt stefnir í að það verði enn erfiðara verk en áður að forgangsraða umsóknum fyrir næsta skólaár – slíkar eru vinsældir skólans. En hugsunum aðeins um hvort það sé þörf á allri þessari sérfræðiþekkingu – hvað á þetta fólk eiginlega að gera?

Við getum byrjað að skoða hverjir voru í framlínu þegar kom að því að leysa úr Kóvinu. Þríeykið okkar fræga er vel menntað fólk í greinum sem í dag eru allar á háskólastigi. Starfsmaður veirufræðirannsóknastofu Landspítalans, sem greindi fyrstu Covid-19 veiruna, er menntaður líftækni-fræðingur frá HA, Nemendur HA í hjúkrunarfræði, og hjúkrunarfræðingar almennt, tóku aukinn þátt í starfsemi heilbrigðisstofnana og iðþjuþjálfar fengu gríðarlega stórt verkefni við að halda virkni skjólstaðinga sinna í mjög erfiðu umhverfi einangrunar þeirra. Lögreglufræðinemar tóku aukavaktir á sama tíma og þau þurftu að sinna verkefnavinnu sinni og klára diplómaárið sitt.

Annars staðar í samfélaginu héldu hjól efnahagslífsins áfram að ganga. Hversu verðmætt hefur það verið að hafa sjávarútveg sem hefur tryggt okkur gjaldyrstekjur á sama tíma og aðrar atvinnugreinar hafa hrunið? Þar starfa sjávarútvegsfræðingar frá HA í helstu stjórnunarstörfum. Í stjórnkerfinu hefur þurft að semja lög og reglur með stuttum fyrirvara og hefur lögfræðimenntað starfsfólk Stjórnarráðsins og annað sérhæft fagfólk með þekkingu á háskólastigi unnið mikið verk á stuttum tíma.



HÁTÍÐARSALUR

M101

## BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

Kennarar í grunn- og framhaldsskólum landsins voru reiðubúnir að takast á við Kóvíð. Ísland var annað tveggja ríkja í heiminum sem tókst að halda úti starfsemi allra skólastiga. Ekki megum við gleyma sálfræðingum sem hafa hjálpað okkur í gegnum þessa óvissutíma og félagsfræðingum sem safna gögnum, rannsaka og hjálpa okkur að skilja hvernig við sem samfélag styrkjumst gagnvart framtíðaráföllum. Og í þessu öllu saman störfuðu fyrirtæki og stofnanir þar sem viðskiptafræðingar gegna lykilhlutverki við dagleg störf – og er ljóst að þau ykkar sem menntuð eru frá HA þekktuð mun betur það fjarvinnuumhverfi sem skapaðist í Kóvinu.

Já, það er svo sannarlega þörf fyrir fleira háskólamenntað fólk og Háskólinn á Akureyri er reiðubúinn til að efla enn frekar menntun í landinu öllu.

Í vikunni bárust gleðifregnir þess efnis að unnt verður að fjölga hjúkrunarfræðinemum við HA frá og með vori 2021 og að hafinn verður undirbúningur að nýju sérfræðinámi fyrir sjúkraliða. Þar hafa stjórnvöld svarað kalli samfélagsins. Það er einlæg von mín og trú að stjórnvöld geri Háskólanum á Akureyri jafnframt kleift að taka á móti sem flestum nemendum í öllu námi nú í haust – en til þess þarf myndarlegt fjárframlag frá stjórnvöldum.

Kæru landsmenn. Við þurfum á ykkar stuðningi að halda við að minna stjórnvöld á að aðgengi að háskólum verður að vera opið landsmönnum öllum óháð búsetu – og þar gegnir Háskólinn á Akureyri lykilhlutverki. Ég treysti á ykkar stuðning í þessari baráttu svo börnin ykkar og barnabörn fái líka tækifæri til háskólanáms í sinni heimabyggð.

### Ágætu kandídatar.

Sá heimur sem þið fáið í arf er flókinn og oft og tíðum harðneskjulegur og jafnvel ómannúðlegur. Við vitum af stríðsástandi víða um heim og sem mannkyn eigum við óleyst mörg af stærstu verkefnum okkar. Hvernig tryggjum við góð lífsskilyrði fyrir alla? Hvernig tryggjum við mannréttindi fyrir alla? Hvernig tryggjum við jafnrétti fyrir alla? Hvernig leysum við þá hættu sem að okkur steðjar í loftslagsvánni? Hvernig tökumst við á við það að vinabjórðir okkar eru enn að glíma við kynþáttahatur og misskiptingu – hvernig tökumst við á við okkar eigin fordóma?

Atburðir síðustu vikna í Bandaríkjum Norður-Ameríku sýna okkur líka glögggt að þrátt fyrir að við getum sent fólk til tunglsins og róboða til Mars þá hefur ekki tekist að uppræta það samfélagslega mein sem kynþáttafordómar eru. Í vikunni var George Floyd jarðsettur – George Floyd lést vegna valdbeitingar sem á rætur sínar að rekja til menningar og hugsunarháttar sem við, sem mannkyn og hvert okkar sem einstaklingar, verðum að losna úr. Brot á mannréttindum og skortur á mannúð er ekki einkamál einstaklinga, þjóða eða samfélaga yfirleitt. Þar verðum við öll að taka saman höndum og berjast fyrir bættum heimi.

En veröldin er líka dásamleg. Náttúran og lífverur allar eru ótrúleg fyrirbæri og, að því við best vitum, einstök í alheiminum. Samneyti við fjölskyldur okkar, ættingja og vini gefur lífinu tilgang og aðstoð við náungann styrkir samfélag okkar. Með samvinnu náum við langt og leysum þau verkefni sem lífið færir okkur – verkefni sem oft eru ógnvænleg líkt og Kóvíð. Þið – kæru kandídatar – hafið í hendi ykkar að byggja betri heim. Notið þekkingu ykkar til góðs – ykkur og mannkyninu öllu til heilla.

Ég þakka ykkur fyrir samveruna síðustu árin – ber ykkur bestu kveðjur frá starfsfólki HA og bið ykkur að ganga glöð til þeirra verka sem framundan eru. Ferðumst innanlands í sumar og munum að rigningin er góð!! Lífið heil.



## BRAUTSKRÁNING FRÁ HÁSKÓLANUM Á AKUREYRI

Laugardaginn 13. júní, brautskráðir kandídatar

---

### HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

#### **BS lögþjálfunarfræði**

Aðalheiður Þorsteinsdóttir  
Aldís Anna Þorsteinsdóttir  
Andrea Björt Ólafsdóttir  
Ásta Margrét Jónsdóttir  
Díana Kristín Sigmarsdóttir  
Elíngunn Rut Sævarsdóttir  
Elísabet Ósk Jónsdóttir  
Eva Björk Birgisdóttir  
Eyðís Helga Garðarsdóttir  
Freyja Gunnarsdóttir  
Guðbjörg Guðmundsdóttir  
Guðlaug Þórlindsdóttir  
Guðrún Agla Gunnarsdóttir  
Guðrún Lilja Jóhannsdóttir  
Heiðdís Rós Svavarsdóttir  
Helga Dröfn Jónsdóttir  
Herdís Júlía Júlíusdóttir  
Hildur Hjartardóttir  
Hólmfríður Einarsdóttir  
Inga Margrét Benediktsdóttir  
Margret Elva Sigurðardóttir  
Sigríður Arna Lund  
Steinunn Þorsteinsdóttir  
Sunna Hlynsdóttir  
Sylvía Dögg Ástþórsdóttir  
Sylvía Halldórsdóttir  
Valgerður Þórunn Ásgeirsdóttir  
Þórhildur Sölvadóttir

#### **BS Hjúkrunarfræði**

Adama Ndure  
Aðalheiður Ósk Valdimarsdóttir  
Alma Egilsdóttir  
Anna Árnadóttir  
Anna Karen Sigurjónsdóttir  
Auður Garðarsdóttir  
Ása Hrund Eiríksdóttir  
Ásmundur Rúnar Ívarsson  
Berglind Ýr Gunnarsdóttir  
Bergrún Guðmundsdóttir  
Birna Ásgeirsdóttir  
Birna Steingrimsdóttir

Bjarndís Helga Blöndal  
Dagný Rún Þórgrímsdóttir  
Elísabet Ragna Hannesdóttir  
Elísabeth Tanja Gabrielludóttir  
Eva Núra Abrahamsdóttir  
Eva María Gísladóttir  
Eva Magnúsdóttir  
Eyrún Ósk Stefánsdóttir  
Guðríður Lilja Lýðsdóttir  
Guðrún Lilja Jónsdóttir  
Halla Björt Ármannsdóttir  
Halldóra Da Costa Ágústsdóttir  
Herdís Jóna Birgisdóttir  
Herdís Elín Þorvaldsdóttir  
Hrafnhildur Rut Hauksdóttir  
Inga Lára Guðmundsdóttir  
Íris Ósk Guðlaugsdóttir  
Jónína Guðný Bogadóttir  
Karen Júlía Fossberg Leósdóttir  
Karen Sigurðardóttir  
Karen Vilhjálmisdóttir  
Kristbjörg Þöll Guðjónsdóttir  
Kristný Pétursdóttir  
Lilja Rós Rögnvaldsdóttir  
Lilja Bjarney Valdimarsdóttir  
María Jónsdóttir  
Ragnheiður Erla Rafnsdóttir  
Rósa Jóhannesdóttir  
Sandra Sæbjörnsdóttir  
Sandra Valsdóttir  
Sóley Kristín Sigurðardóttir  
Sólveig Rún Ástríðardóttir  
Sunna Dís Pétursdóttir  
Svava Steinarsdóttir  
Thelma Rut Bessadóttir  
Þórdís Gísladóttir

#### **Viðbótardiplóma, 60 ECTS**

Agnes Svansdóttir  
Andrea Sif Steinþórsdóttir  
Ása Sæunn Eiríksdóttir  
Ásdís Eckardt  
Berglind Ragnarsdóttir  
Björk Sigurgeirsdóttir  
Elísabet Ýrr Steinarsdóttir



## BRAUTSKRÁNING FRÁ HÁSKÓLANUM Á AKUREYRI

Erla Lind Friðriksdóttir  
Hildur Karen Jóhannsdóttir  
Ingibjörg Ósk Guðmundsdóttir  
Ingunn Alexandersdóttir  
Ída Braga Ómarsdóttir  
Íris Dröfn Björnsdóttir  
Jónína Harpa Njálsdóttir  
Karólína Andrésdóttir  
Kristey Práinsdóttir  
Kistrún Benediktsdóttir  
Rósa Ólafsdóttir  
Sigrún Hreiðarsdóttir  
Sæunn Gunnur Pálmadóttir  
Telma Jónsdóttir  
Theodóra Hauksdóttir  
Tinna Daníelsdóttir  
Unnur Guðjónsdóttir

### **MS Framhaldsnám**

Andrea Ýr Arnarsdóttir  
Arndís Vilhjálmsdóttir  
Fjóla Sigríður Bjarnadóttir  
Guðlaug Hrönn Gunnarsdóttir  
Guðný Jóna Guðmarsdóttir  
Halla Ósk Halldórsdóttir  
Harpa Lind Kristjánsdóttir  
Hildur Inga Magnadóttir  
Jórunn Edda Hafsteinsdóttir  
Lilja Guðnadóttir  
Lilja Dögg Vilbergsdóttir  
María Albína Tryggvadóttir  
Oddný Ösp Gísladóttir  
Ragna Dögg Ólafsdóttir  
Sandra Sif Gunnarsdóttir  
Þórunn Erla Ómarsdóttir

6 NEMENDUR FENGU  
BRAUTSKRÁNINGARSKÍRTEINI  
ÞANN 15. OKTÓBER 2019

### **BS-próf í lögjafunarfærni (1)**

Hafðís Ellertsdóttir

### **Diplóma í heilbrigðisvísindum (3)**

Betsý Árna Kristinsdóttir  
Bryndís Hulda Ríkharðsdóttir  
Rósíka Gestsdóttir

### **MS-próf í heilbrigðisvísindum (2)**

Guðrún Ásta Gísladóttir  
Guðrún Berglind Jóhannsdóttir

8 NEMENDUR FENGU  
BRAUTSKRÁNINGARSKÍRTEINI  
ÞANN 15. FEBRÚAR 2020

### **Diplóma í heilbrigðisvísindum (5)**

Brynja Sigurgeirsdóttir  
Dagný Þorgilsdóttir  
Hlín Sigurþórsdóttir  
Stefanía Sigríður Jónsdóttir  
Svava Magnea Matthíasdóttir

### **MS-próf í heilbrigðisvísindum (3)**

Jósefína Elín Þórðardóttir  
Margrét Tórshamar Georgsdóttir  
Þórunn Björg Jóhannsdóttir

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

### **Grunndiplóma – Lögglufræði fyrir starfandi lögglumenn**

Árni Gunnar Ragnarsson  
Elín Jóhannsdóttir  
Grétar Stefánsson  
Marínó Ingi Emilsson  
Sæmundur Örn Sveinsson

### **Grunndiplóma - Lögglufræði fyrir verðandi lögglumenn**

Aðalsteinn Þórðarson  
Alexander Gautason  
Andrea Ósk Finnsdóttir  
Andri Daníelsson  
Andri Freyr Sveinsson  
Anna Friðrikka Richardsdóttir  
Arnar Guðjón Skúlason  
Árni Guðmundsson  
Bjargey Þóra Þórarinsdóttir  
Bjartur Heiðarsson  
Daníel Askur Ingólfsson  
Erlingur Örn Árnason  
Erna Björk Kristinsdóttir  
Eyþór Gunnarsson  
Finnur Kristjánsson

## BRAUTSKRÁNING FRÁ HÁSKÓLANUM Á AKUREYRI

---

Franz Jónas Arnar Arnarson  
Guðjón Smári Guðmundsson  
Helgi Karl Brynjarsson  
Hildur Birta Árnadóttir  
Hildur Karen Jónsdóttir  
Hildur Hörn Orradóttir  
Hilmar Másson  
Hrafnhildur Jóna Daníelsdóttir  
Hreiðar Örn Zoega Óskarsson  
Hreinn Gunnar Birgisson  
Ingimar Hrafn Antonsson  
Irena Sól Jónsdóttir  
Katrín Ragnarovna Tryggvason  
Katrín Bjarney Hauksdóttir  
Kolbrún Ýr Jósefsdóttir  
Kristófer Daniel Hafsteinsson  
Lilja Sigurðardóttir  
Linda Baldursdóttir  
Margeir Páll Björgvinsson  
Margrét Karen Jónsdóttir  
Margrét Lúðvígsdóttir  
